

**allt**

Þóra Guðmundsdóttir:

*Ánægð með 250 hestöflin*

• bílar

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



Gaui litli:

*Einkabílstjóri Nighy og Biggs*

• Tökum á breskri sjónvarpsmynd lokið

SÍÐA 42 ▶



Aðalsteinn Eyjólfsson:

*Fær engin laun og er á leið heim*

• mun þjálfa fh næsta vetur

SÍÐA 42 ▶



Nýtt leikrit:

*Brotið frumsýnt í kvöld*

• ástin snýst gegn sjálfri sér

SÍÐA 36 ▶


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

19. febrúar 2005 – 48. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 vísir


**LAUGARDAGUR**



**STÝRIVEXTIR HÆKKAÐIR** Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti um 0,5 prósentustig í kjölfar þess að bankinn sendi ríkisstjórninni greinargerð um að verðbólgan mælist nú yfir þolmörkum. **Sjá síðu 2**

**FÁ AUKINN BYGGÐAKVÓTA** Útgerðarfélög í Sandgerði ganga í aðildarfélag og greiða í það fé til að fá úthlutað byggðakvóta. Féð er geymt á reikningi sem er á kennitölu bæjarstjórans. **Sjá síðu 2**

**BÆRINN LEIGÐI ÓSAMÞYKKT HÚSNÆÐI** Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar leigði herbergi fyrir skjólstæðinga sína í nokkra mánuði í haust í ósamþykktu húsnæði. **Sjá síðu 4**

**ÁRALANGRI BARÁTTU LOKIÐ** Móðir langveiks drengs fagnar samþykkt ríkisstjórnarinnar um greiðslur til foreldra langveikra barna. Hún hefur um árabil barist fyrir framfærslueyri fyrir son sinn og sig. **Sjá síðu 6**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**VÍÐA BJARTVIÐRI ÞÓ SÍST SUÐVESTAN OG VESTAN TIL.** Úrkomulaust. Hlýnar síðdegis og í kvöld fyrst um suðvestanvert landið. **Sjá síðu 4.**

**DAGURINN Í DAG**



**HK MÆTIR VAL** Þrír leikir verða í DHL-deild karla. Þór tekur á móti ÍR klukkan 14. KA mætir ÍBV klukkan 16 og Valur sækir HK heim klukkan 16.30. Tveir leikir verða í DHL-deild kvenna klukkan 13.30: FH – Grótta/KR og Valur – ÍBV.


| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 38 | Myndlist | 36 |
| Tónlist | 36 | Íþróttir | 30 |
| Leikhús | 36 | Sjónvarp | 40 |



**Dagblaðalestur á laugardögum***




*Landið allt skv. fjölmiðlakönnun Gallups, nóv. 2004.




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GLITSKÝ YFIR HÖFUÐBORGINNI** Samkvæmt Veðurstofunni hefur verið óvenjukalt í heiðhvolfinu á norðurhjaranum í vetur. Kjörskilyrði séu því til myndunar glitskýja. Kuldinn þurfi að ná mínus sjötíu til mínus níutíu gráðum á celsius.

Glitský:

## Sjaldgæf í borginni

**VEÐURLAG** Glitský sáust yfir Reykjavíkurborg í gærmorgun.

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir óvanalegt að sjá glitský á sunnanverðu landinu en ekki sé nema um mánuður síðan þau sáust síðast.

Sigurður segir glitský vera ískristalla sem myndast í gríðarlegu frosti í um 25 til 30 kílómetra hæð í háloftunum.

„Þegar sólargeislarnir lenda á þeim brotnar ljósið í sitt litróf sem er rauður, gulur, grænn og blár,“ segir Sigurður.

Á morgun þykknar upp og hlýnar samkvæmt spá Sigurðar: „Það eru því litlar líkur á að sjá glitský hér hjá okkur í borginni.“

Sigurður segir mun algengara að glitský myndist á norðanverðu landinu. Veðurlag sé eins og flestir viti annað á því sunnanverðu og úrkoma mun meiri.

„Það veldur því að íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga ekki sömu möguleika og hinir,“ segir Sigurður.

**- gag**

# Með 105 kíló af fíkniefnum

**Á fimm mánuðum hafa að minnsta kosti sjö Íslendingar verið teknir með samtals 105 kíló af fíkniefnum í útlöndum. Flestir hafa þeir áður komið við sögu lögreglu. Fjórir eru í varðhaldi í Þýskalandi.**

**FÍKNIEFNI** Að minnsta kosti sjö Íslendingar eru í haldi í útlöndum vegna stórfelldra fíkniefnabrota. Samtals voru mennirnir teknir með 105 kíló af fíkniefnum eða 80,5 kíló af hassi, 3,5 kíló af kókaíni, eitt kíló af amfetamíni og tuttugu kíló af maríjúana. Fjórir þeirra eru í haldi í Þýskalandi en hinir í Danmörku, Svíþjóð og Hollandi.

25 ára íslenskur karlmaður var tekinn með þrjátíu kíló af hassi í Þýskalandi 2. febrúar síðastliðinn. Hann var tekinn í Nordhorn á hraðbraut sem liggur á milli Hollands og Þýskalands. Hann var á Volkswagen Golf með dönskum skráningarnúmerum. Ekkert fannst við leit á honum og farangursgeymsla bílsins var tóm. Í aftursætinu voru aftur á móti nokkrar töskur þar sem hassið var falið. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu. Í byrjun október á síðasta ári var hann dæmdur í sex mánaða fangelsi. Hann var tekinn í Leifsstöð með um 140 grömm af kókaíni. Helmingur refsingarinnar var skilorðsbundinn. Hann hefur einnig verið fundinn sekur um líkamsárás og skjalafals.



**SJÖ ÍSLENDINGAR SITJA Í GÆSLUVARÐHALDI Í ÚTLÖNDUM**
Fjórir þeirra eru í haldi í Þýskalandi, en hinir í Danmörku, Svíþjóð og Hollandi.

36 ára Íslendingur var tekinn í Padborg í Danmörku í síðustu viku með 35 kíló af hassi. Hann var að koma yfir landamærin frá Þýskalandi en hann keypti hassið í Hollandi. Sá hefur eitthvað komið við sögu íslensku lögreglunnar en mjög lítið síðustu ár. Þá var 24 ára maður tekinn í Malmö í Svíþjóð 18. janúar með tvö kíló af hassi í bíl sínum. Hann var að koma frá Danmörku. Maðurinn hefur komið lítillega við sögu lögreglu hér á landi. Í september sinnti hann ekki stöðvunarmerkjum við eftirför lögreglu og nam ekki staðar fyrr en hann ók á ómerkta lögreglubifreið. Hann var ölvaður og hafði fíkniefni undir höndum. Annar 24 ára íslenskur maður var tekinn með tíu kíló af hassi í Wiesbaden í Þýskalandi. Hann hefur aðeins komið við sögu lögreglu vegna umferðarlagabrota.

Tveir úr áhöfn Hauks ÍS voru teknir í Bremerhaven í Þýskalandi með 3,5 kíló af kókaíni og 3,5 kíló af hassi í fórum sínum. Mennirnir eru 38 og 51 árs og voru þeir úrskurðaðir í sex mánaða gæsluvarðhald. Þeir eru enn í einangrun.

Sá sjöundi hefur verið í haldi lögregluyfirvalda í Hollandi síðan í september. Hann var handtekinn í tengslum við stærsta fíkniefnamál síðasta árs á Íslandi. Á heimili mannsins í Hollandi fundust tuttugu kíló af maríjúana og eitt kíló af amfetamíni. Hann hefur setið í fangelsi þar í landi fyrir að reyna að smygla sextán kílóum af kókaíni frá Karabíska hafinu.

**- hrs**



**ROWHANI OG PÚTÍN**
Vladimir Pútín, forseti Rússlands, fundaði með Hassan Rowhani, yfirmanni kjarnorkumála í Íran.

Rússar með Írönum:

## Styðja kjarnorkuáætlun

**MOSKVA, AP** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, segist sannfærður um að Íranar séu ekki að reyna að þróa kjarnorkuvopn.

Eftir fund í Moskvu með Hassan Rowhani, yfirmanni kjarnorkumála Írana, sagði Pútín að rússnesk stjórnvöld myndu áfram vinna með Írönum og hjálpa til við að ljúka smíði kjarnakljúfs í borginni Bushehr í suðurhluta Írans.

George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, hefur sakað Írana um að vera að þróa kjarnorkuvopn en írönsk stjórnvöld þvertaka fyrir það. Íranskir ráðamenn segja að kjarnorkuáætlunin snúist um raforkuframleiðslu, ekki vopnaframleiðslu. Rússar ætla að sjá Írönum fyrir kjarnakleyfum efnum en úr þeim er unnin orka í kjarnakljúfum. Bandarísk stjórnvöld hafa áhyggjur af því að þegar kjarnakljúfurinn í Bushehr verði kominn í gagnið geti írönsk stjórnvöld hafið framleiðslu á plútóníum sem nota má til vopnaframleiðslu. ■

Latibær verður bráðum sýndur í Þýskalandi:

*Áfram Faulstadt*

SÍÐA 28 ▶



Skiptistöðin í Kópavogi:

*Vígi pönkkynslóðarinnar brunnið*

SÍÐA 26 ▶





## SPURNING DAGSINS

*Ásgeir, þið hafið nú verið nýjungagjarnir þarna hjá Strætó með aflgjafa, en er þetta ekki full langt gengið?*

**Við erum sjóðheitir hjá Strætó.**

Eldur kom upp í vél strætisvagns sem ók Sæbrautina á fimmtudag. Í nýjum og stækkandi bílaflota Strætó bs. eru fyrstu vetnisknúnu vagnarnir. Miklar breytingar eru framundan hjá Strætó bs. undir stjórn Ásgeirs Eiríkssonar framkvæmdastjóra. Þar á meðal er gjörbreytt leiðakerfi.

Seðlabankinn berst gegn verðbólgu:

# Stýrivextir hækkaðir í 8,75 prósent

**VIÐSKIPTI** Seðlabankinn hefur hækkað stýrivexti um 0,5 prósentustig í kjölfar þess að bankinn sendi ríkisstjórninni greinargerð í tilefni þess að verðbólgan mælist nú yfir þolmörkum peningamálastefnunar. Stýrivextirnir eru nú 8,75 prósent.

Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri segir að með aðgerðum Seðlabankans sé horft langt fram í tímann og að vaxtahækkun nú sé til þess gerð að draga úr verðbólguþrýstingi á næsta ári. Hann segir að nokkurn tíma taki þar til vaxtahækkanir Seðlabankans hafi áhrif á langtímavexti en áhrifin á skammtímavexti séu skjótvirkari. Þetta þýðir að skammtímalán eins og yfirdráttur og kreditkortalán verða dýrari.

„Verðbólguhorfurnar eru enn þannig að við teljum að það þurfi að herða frekar að. Í fyrsta lagi til að ná verðbólgunni aftur niður fyrir þolmörkin, sem við gerum ráð fyrir að geti orðið í sumar, og svo að koma henni niður fyrir verðbólgumarkmiðið sem við vonum að geti gerst á næsta ári,“ segir Birgir Ísleifur.

Helsta ástæða verðbólgunnar nú er mikil hækkun á verði íbúðarhúsnæðis. Innfluttar vörur, utan áfengis og tóbaks, hafa hins vegar lækkað lítillega í verði á síðustu tólf mánuðum. - þk

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



**VERÐBÓLGAN YFIR ÞOLMÖRKUM** Seðlabankinn sendi ríkisstjórninni greinargerð í gær þar sem farið er yfir ástæður þess að verðbólgan er nú 4,5 prósent. Það er hærra en stjórnvöld telja ásættanlegt.

Landmannaleið:

# Lést í vélsleðaslysi

**BANASLYS** Maður lést þegar hann fór fram af hengju á vélsleða á Landmannaleið um miðnætti aðfaranótt föstudags.

Félagi mannsins kallaði strax eftir hjálp. Björgunarsveitamenn frá björgunarsveitinni Dagrenningu á Hvolsvelli og Flugbjörgunarsveit Hellu komu á staðinn uppúr klukkan tvö ásamt þyrlu Landhelgisgæslunnar sem einnig var kölluð út. Var þá staðfest að maðurinn væri látinn. Þyrlan sneri þá við en hinn látni var fluttur til byggða með björgunarsveitum. -jse

Fasteignalán:

# 3 milljarðar í stimpilgjöld

**FASTEIGNALÁN** Umsvif nýrra fasteignalána á síðasta ári eru um 200 milljarðar. Sum þessara lána voru endurfjármögnun, en þar sem stofnað var til nýrra skuldabréfa þarf að greiða stimpilgjald af þeim. Undantekning er ef um viðbótarlán er að ræða, þá þarf ekki að greiða stimpilgjald. Miðað við þessar tölur má gera ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs vegna stimpilgjalda á fasteignalánum hafi verið um þrír milljarðar, en slíkt gjald er 1,5 prósent af heildarupphæð bréfanna.

Í svari við fyrirspurn Margrétar Frímannsdóttur á alþingi, kom fram að fjármálaráðuneytið áætlar fjögurra milljarða tekjur af stimpilgjöldum vegna fasteignakaupa. Í þeirri tölu er hluti tilkominn vegna þinglýsingar á kaupsamningum. - ss

Síminn og Landsvirkjun:

# Síminn kaupir í Fjarska

**VIÐSKIPTI** Síminn kaupir sex af tólf pörum í ljósleiðarastreng Fjarska milli Hrauneyjarfossstöðvar og Akureyrar. Jafnframt kaupir Síminn fjórðungshlut í Fjarska. Á sama tíma var tilkynnt að Síminn muni sjá um almenna símaþjónustu fyrir Landsvirkjun.

Ekki er gefið upp hvert kaupverð er á hlutnum í Fjarska eða fyrir ljósleiðarastrenginn. Um miðjan janúar sagði Friðrik Sophusson, forstjóri Landsvirkjunar, í bréfi til borgarstjóra að hlutafé í Fjarska árið 2001 hefði verið 250 milljónir. Uppsafnað tap af rekstrinum hefði verið tæpar 15 milljónir. Miðað við að það hlutafé Fjarska haldi, er kaupverð Símans á fjórðungshlut í fyrirtækinu um 60 milljónir. Þar er ekki innifalið verð á ljósleiðurum. - ss

# Bæjarstjórinn leggur kennitöluna að veði

**Útgerðarfélög í Sandgerði ganga í aðildarfélag og greiða í það fé til að fá úthlutað byggðakvóta. Féð er geymt á reikningi sem er á kennitölu bæjarstjórans áður en það er nýtt til að auka kvóta í bæjarfélaginu.**

**SANDGERÐI** Til að auka aflamark í Sandgerði stóð bæjarstjórnin að stofnun aðildarfélags sem veitir útgerðum byggðakvóta gegn greiðslu í félagið. Féð er geymt á bankareikningi sem er á kennitölu bæjarstjórans þar sem það er ekki skráð og því án kennitölu. Sjóðurinn er notaður til kaupa eða leigu á kvóta frá útgerðum utan bæjarins. Hann er síðan skráður á báta þeirra sem eiga aðild að félaginu.

**„Við erum með þessu móti að gera mönnum sem eiga engan kvóta hægt og bítandi kleift að eignast kvóta og verða þar að leiðandi ekki leiguliðar alla tíð.“**

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri segir að félagið hindri að kvótinn hverfi úr bæjarfélaginu og efli byggð í Sandgerði: „Engu sveitarfélagi hefur áður tekist að koma bæði stóra kerfinu, litla kerfinu og fiskverkendum að borðinu til að takast á við framtíðina.“

Aðildarfélagið um byggðakvótann var stofnað árið 2003. Meginregla þess er að við hvert úthlutað tonn byggðakvóta þurfa útgerðir að greiða sem nemur leigu á hálfu tonni til félagsins. Þeim er landað í Sandgerði auk sama magns af eigin kvóta eða leigðum. Þannig skilar fimm tonna byggðakvótaúthlutun sér í löndun fimmtán tonna í Sandgerði. Enginn kvóti hefur hins vegar verið keyptur síðan samstarfið hófst en kvóti hefur verið leigður fyrir minni útgerðirnar.

Sigurður segir vandkvæði hafa komið upp vegna samningsins. Breyta þurfi þremur ákvæðum hans. Ákvæði um að 75 prósent þeirra sem séu í félaginu þurfi að samþykkja inngöngu nýrra félaga stangist á við lög um úthlutun byggðakvóta. Eins gangi ekki að nýir félagsmenn þurfi að greiða hærra gjald. Ekki sé heldur hægt að verða við því að reikningar og fundargerðir liggi frammi fyrir öllum á bæjarskrifstofunni.

Sigurður segir aðalbókara bæjarins sjá um reikninga aðildarfélagsins og endurskoðandi fari yfir þá. „Ég hef hins vegar á tveimur fundum spurt hvort einhverjir aðrir vildu lána kennitöluna sína,“ segir Sigurður. Menn treysti hins vegar engum betur. Fari hann ekki vel með peningana sé mannorðið fokið.

gag@frettabladid.is

Samstarfssamningur um byggðakvóta var gerður 20. febrúar 2003. Að honum standa Sandgerðisbær, fiskvinnslur í bænum og þær útgerðir sem þess óska og hafa heimahöfn í Sandgerði. Samningurinn kallast Joint Venture Agreement. Gildistími hans er ótímabundinn. Útgerðum er heimilt að segja honum upp með árs fyrirvara og fá þær þá 90 prósent af því verðmæti sem þær eru skráðar fyrir innan félagsins. Þær útgerðir sem eftir sitja eiga forkaupsrétt á kvótanum sem keyptur hefur verið.



**SIGURÐUR VALUR ÁSBJARNARSON** Segir að hann fái engin laun vegna aðildarfélags um byggðakvótann. Allir peningar sem fari inn á reikninginn séu skráðir í eigu viðkomandi útgerða auk vaxta að frádregnum þeim skatti sem ríkið taki.



SANDGERÐI

Heiðar Ásgeirsson:

# Minnihluti er sáttur

**SANDGERÐI** Heiðar Ásgeirsson, bæjarfulltrúi í Sandgerði, segir minnihlutann hafa leitað skýringa á því hvers vegna kennitala bæjarstjóra væri á bak við reikning aðildarfélags um byggðakvóta.

Skýring meirihlutans, að sögn Heiðars, sé sú að ekki sé rekstur í kringum félagið. Innan íþróttahreyfingunnar sé til dæmis þekkt að félag sem ekki er með rekstur stofni reikning í nafni forsvarsmannsins.

Heiðar segir sátt um að auka aflamark bæjarfélagsins. Hins vegar sé hann ekki sáttur við að aðildarfélagið sé sagt einkamál þeirra sem að því standa. - gag



**AL-KHADIMAIN MOSKAN** Árás var gerð við moskuna al-Khadimain í Bagdad.

Ashoura-trúarhátíðin:

# Ráðist á sjía-múslíma

**ÍRAK, AP** Að minnsta kosti 36 írakar létust, flestir sjía-múslímar, í fimm sprengjuárásum uppreisnarmanna súnní-múslíma í landinu í gær. Talið er að árásirnar tengist Ashoura, trúarhátíð sjía-múslíma, sem nær hámarki í dag.

Mannfallið í Írak í gær er hið mesta síðan þingkosningar fóru fram í landinu um síðustu mánaðamót. Tvær árásanna voru gerðar þegar bænahald stóð yfir í moskum sjía-múslíma.

Mouwaffaq al-Rubaie, þjóðaröryggisráðgjafi Íraka, segir hryðjuverkaleiðtogann Abu Musab al-Zarqawi standa á bak við árásirnar. Súnní-múslímar gerðu einnig fjöldamargar árásir þegar Ashoura-trúarhátíðin stóð yfir í fyrra. Þá lét 181 lífið. ■

Fíkniefni finnast í Hafnarfirði og Garðabæ:

# Fimm handteknir og þrjú mál upplýst

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Hafnarfirði hafði afskipti af fimm manns í þremur óskyldum fíkniefnamálum í fyrrinótt. Bifreið var stöðvuð í Garðabæ og fannst þá lítið magn af amfetamíni og maríjúana. Í framhaldinu var gerð húsleit í Hafnarfirði og fundust þá 50 grömm af amfetamíni.

Tveir menn voru handteknir og gistu fangaklefa. Málið er upplýst og mönnunum hefur verið sleppt.

Lögreglunni barst svo tilkynning um ósætti fyrir utan iðnaðarhús og þegar hún kom á vettvang fundu þeir eins metra háa kannabisplöntu sem ræktuð var þar innan dyra. Tveir menn voru handteknir.

Á Arnarnesi í Garðabæ fannst svo töluvert magn af kannabisefnum og amfetamíni í húsi sem lögreglan hafði verið að fylgjast með vegna grunsemda. Einn maður var handtekinn.

Samanlagt voru því fimm manns handteknir og þrjú óskyld mál upplýst þessa nótt í Hafnarfirði og Garðabæ.

Töluvert hefur verið um innbrot í Hafnarfirði að undanförnu en lögreglan vill ekkert um það segja hvort tengsl séu á milli þessara tíðu innbrota og fíkniefnamálanna. - jse

SKIPT_um gír
FEBRÚARTILBOÐ Á NISSAN
NISSAN
SKIPT_um væntingar




NISSAN ALMERA
Listaverð: 1.940.000 kr.
Tilboðsverð: 1.749.000 kr.
Afsláttur: 191.000 kr.
21.133 kr. á mán.*
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

# Konudagurinn



## Ástin blómstrar

**Glæsilegur konudagsvöndur og boðskort í Baðstofuna Laugum**

**1.990 kr.**

## Opnum kl. 8 á morgun, konudaginn

**10 túlipanar**

**990 kr.**



# DEKRAÐU VIÐ HANA

## Vertu rómantískur á konudaginn!

**Þú kaupir glæsilegan konudagsvönd í Blómavali. Um leið fær konan þín boðskort frá Baðstofunni í World Class í Laugum, að verðmæti 3.500 kr., og nýtur þess að endurnæra líkama og sál.**

World Class ICELAND

LAUGAR

Eingöngu í boði í Blómavali Sigtúni, Kringlunni og Smáralind.
Gildir meðan kortin endast.

blómaval

HEILLANDI HEIMUR

Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 27403 2/2005

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 18.02.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61, 73 | 62,03 |
| Sterlingspund | GBP | 116,91 | 117,47 |
| Evra | EUR | 80,52 | 80,98 |
| Dönsk króna | DKK | 10,82 | 10,88 |
| Norsk króna | NOK | 9,72 | 9,77 |
| Sænsk króna | SEK | 8,86 | 8,91 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 93,68 | 94,24 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,70 -0,22%**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Flótti frá Íbúðalánasjóði:

# 85 milljarða uppgreiðsla

**FASTEIGNALÁN** Miðað við þær tölur um stöðu heildarútlána Íbúðalánasjóðs nú um áramótin, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, hafa íbúðasjóðslán að andvirði 85 milljarða verið greidd upp á árinu. Miðast þetta við að í árslok 2004 séu heildarlán sjóðsins 15 milljörðum lægri en við árslok 2003. Einnig miðast útreikningurinn við það sem Hallur Magnússon, sviðsstjóri þróunar- og almannatengslasviðs Íbúðalánasjóðs, sagði hér í blaðinu í lok janúar að Íbúðalánasjóður hefði lánaði landsmönnum tæpa 70 milljarða árið 2004. Þetta gerist á þeim tíma sem markaður fasteignaléna er að stækka.

Við áramótin síðustu voru fasteignalán bankanna um 120 milljarðar. Ef 85 milljarðar voru notaðir til að endurfjármagna eldri íbúðasjóðslán, eru um 35 milljarðar ný lán og skuldbreytt bankalán, eða tæp 30 prósent af fasteignalánum bankanna. -ss

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



**HALLUR MAGNÚSSON** Sviðsstjóri þróunar- og almannatengslasviðs Íbúðalánasjóðs segir að sjóðurinn hafi lánað landsmönnum tæpa 70 milljarða á síðasta ári.

Hafnarfjörður:

# Innbrot um miðjan dag

**AFBROT** Lögregla segir innbrotsþjófa finna meira skjól til verka sinna um hábjartan daginn en um nætur. Á einni viku hafa fjögur innbrot verið framin í Hafnarfirði, öll að degi til. Síðastliðinn miðvikudag var brotist inn í hús í Áslandshverfi og myndavélar og dýr tölvubúnaður borinn út. Fyrr í vikunni hafði sjónvarpstæki verið tekið um miðjan dag. Af þessu tilefni vill lögreglan í Hafnarfirði beina þeim tilmælum til fólks að herða nágrannavörslu og láta vita ef það verður vart við óeðlilegar mannaferðir í nágrenni sínu. - jse

Rannsókn lokið:

# Ræningi í varðhaldi

**GÆSLUVARÐHALD** Rannsókn á fjórum vopnuðum ránum og einni ránstilraun í síðustu viku lauk í gær. Ræninginn hefur setið í gæsluvarðhaldi í eina viku en varðhaldið var framlengt um sex vikur eða þar til dómur fellur.

Málið verður sent til ríkissaksóknara eftir helgi. Ræninginn ber við spilafíkn. Maðurinn sem er þriggja barna faðir hefur játað brot sín að mestu. - hrs

Gengið og sjávarútvegur:

# Engin óskastaða

**SJÁVARÚTVEGUR** Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, segir það rangt hjá Guðmundi Ólafssyni hagfræðingi að minni hluti tekna útgerðanna, miðað við skuldir, sé í dollurum eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Því sé staða gengisins í dag engin óskastaða fyrir útgerðarmenn. Stærstur hluti erlendra lána sé í myntkörfu, fjórðungur í dollurum. Á móti komi 20 prósent tekna greinarinnar í sömu mynt. Í körfunni er einnig um fjórðungur í evrum á móti 37 prósentum tekna. - ss

Ylræktarbændur:

# Fá aukinn afslátt

**RAFORKUVERÐ** Á fundi ríkisstjórnarinnar í gær var ákveðið að sá afsláttur sem Landsvirkjun og Rarik hafa veitt ylræktarbændum af rafmagnsverði, verður greiddur úr ríkissjóði. Fyrir niðurgreiddi ríkið raforkuverð til ylræktarbænda um 30 milljónir, en niðurgreiðslan verður 80 milljónir eftir samþykkt ríkisstjórnar. -ss

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**HVALEYRARBRAUT 22**
Eigendur þessa húsnæðis segja að Félagsþjónustan í Hafnarfirði hafi leigt herbergi fyrir skjólstæðinga sína í þessu húsnæði en það er á iðnaðarsvæði. Húsnæðið er á stað þar sem íbúðahúsnæði á ekki að vera leyfilegt.

# Leigði herbergi í ólöglegu húsnæði

**Félagsþjónustan í Hafnarfirði leigði herbergi fyrir skjólstæðinga sína í nokkra mánuði í haust í ósamþykktu húsnæði á svæðinu við suðurhöfnina í bænum, að sögn eigenda húsnæðisins.**

**HAFNARFJÖRÐUR** Félagsþjónustan í Hafnarfirði leigði herbergi fyrir skjólstæðinga sína í nokkra mánuði í haust í ósamþykktu húsnæði að Hvaleyrarbraut 22, á hafnarsvæðinu í suðurhluta bæjarins. Björn Baldursson, annar tveggja eigenda húsnæðisins, segir að eigendurnir hafi losað sig við skjólstæðinga stofnunarinnar því að þeim hafi bara fylgt eiturlyfjaneysla og vandræði.

Hópur útlendinga býr nú í húsnæðinu sem er í skjólstofum gamallar síldarvinnslu við Hvaleyrarbraut 22. Hópurinn samanstendur af sex Lettum, þremur Litháum og þremur Íslendingum. Íslendingarnir eru öryrkjar og útlendingarnir vinna hjá öðrum eigandanum og verktakafyrirtækinu Ris.

Húsnæðið hefur verið innréttað með öllum græjum, níu herbergi og þrjár stúdíóíbúðir án þess að tilskilin leyfi lægju fyrir. Herbergin eru leigð á 32 þúsund og íbúðirnar á 40 þúsund krónur. Húsnæðið er í eigu Péturs Jónssonar húsasmíðameistara og Björns.

„Þetta er allt nýuppgert með eldhúsi, setustofu, sjónvarpi, þvottahúsi, þurrkara, þvottavél og uppþvottavél í eldhúsinu. Öll herbergi eru parkettlögð og steinteppi á sameigninni. Öll herbergin eru nýmáluð með nýjum innréttingum. Þetta er skráð iðnaðarhúsnæði en mjög huggulegt, bara svipað og gistiheimilið Berg, iðnaðarhúsnæði sem búið er að breyta í gistiheimili," segir Björn.

Már Sveinbjörnsson hafnarstjóri kannaðist við að búið væri í þessu húsnæði en sagði málið ekki í lögsögu hafnarinnar heldur byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits. Starfsmanni byggingarfulltrúans í Hafnarfirði kom á óvart að búið væri í þessu húsnæði enda um iðnaðarhúsnæði á hafnarsvæði að ræða. ghs@frettabladid.is

Stokkseyri:

# Brotist inn í skóla

**LÖGREGLUMÁL** Fartölvum, skjám og öðrum tölvubúnaði var stolið úr skóla á Stokkseyri þegar brotist var þar inn í fyrrinótt.

Þegar Fréttablaðið fór prentun í gærkvöldi hafði löreglan ekki náð þjófinum. Lögreglan á Selfossi væri þakklát ef fólk léti hana vita ef það hafi orðið vart við eitthvað grunsamlegt en engin staðfest grunsemd hafði borist lögreglunni í gærkveldi. Sömu nótt fann lögreglan 1 gramm af spýtti þegar hún hafði afskipti af ökumanni á Suðurlandsvegi. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu og var honum sleppt eftir yfirheyrslu. - jse

Innbrot á Reykjanesi:

# Þriggja tonna tjakki stolið

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í fiskvinnslufyrirtæki á Reykjanesi í fyrrinótt og hvarf þjófurinn á brott með verkfærakistu á hjólum, rafsuðutæki, hátíðnisuðutæki og þriggja tonna tjakk. Ljóst er að verðmæti þýfisins er nokkur hundruð þúsund krónur. Þjófurinn kom sér inn um gluggann en nokkuð víst að hann hafi farið annarstaðar út með þýfið. Ekki er vitað hver var að verki en lögreglan í Keflavík vonast til að fá vísbendingar frá fólki ef það hefur einhverjar upplýsingar um málið. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FIMM BÍLA TJÓN** Fimm bílar skemmdust við Laugarbakka í fyrrakvöld þegar bílaflutningabíll með þrjá bíla á pallinum lenti í samstuði við annan bíl. Hentist einn bílanna af pallinum en allir bílarnir skemmdust. Færðin var góð en vegir eru mjóir og því oft erfitt um vik fyrir flutningabíla að komast leiðar sinnar.






## Veðrið

**FÍNASTA VEÐUR**
Þetta er ekta veður til að gera eitthvað sniðugt með allri fjölskyldunni og þá meina ég úti. Vindurinn verður hægur, víða bjartviðri og vægt frost. Það þykknar þó upp sunnan og vestan til þegar líður á daginn og samfara því hlýnar. Milt á morgun með súld vestan til annars bjart með köflum. Fékk tölvupóst frá lesanda um hvað væri skaplegt veður? Svarið er einfalt. Skaplegt veður er það þegar mannfólki stendur ekki bein hætta af veðrinu!!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Í dag um hádegi




### Á morgun




Víðast hægviðri, síst á annesjum norðan til. Lítilsháttar súld vestan til.

### Mánudagur




Hæglætisveður með lítilsháttar súld vestan til á landinu.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 5°C skýjað | París | 6°C léttskýjað | Torrevieja | 16°C skýjað |
| Osló | 3°C léttskýjað | Prag | 0°C alskýjað | Róm | 11°C skýjað |
| Stokkhólmur | 3°C alskýjað | Amsterdam | 6°C skýjað | New York | 1°C léttskýjað |
| London | 7°C skýjað | Varsjá | -2°C alskýjað | Miami | 23°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

BLACK&DECKER



**3.995** ~~5.995~~

**Verkfærahirsla**
Black&Decker, á hjólum
taska fylgir
5024491

**Taska fylgir**



**1.995** ~~4.255~~

**Verkfærasett**
DWT, 67 stk.
5000463

DWT

## 20-30% afsláttur
af öllum topplyklasettum



**3.999** ~~4.990~~

**Kastari**
500W, á þrífæti 90/200 sm
5880044



**Hleðsluborvél**
DWT, 12V, 2 rafhlöður fylgja
5245279

**1.995**



**1.295**

**Juðari, DWT**
140 W, 90 mm
5245284



**Framlenging**
50 m, orange
5876500

Verð áður 3.995
**2.999**



**Kastari**
2x300W
max á fæti
5880051

Verð áður 3.199
**2.295**



**699** ~~1.495~~

**Kapalkefli**
Rautt 10 m, 3x1.5 $mm^2$
6104835

# Verkfæradagar

allt að **50%** afsláttur



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál



## KJÖRKASSINN

*Á ríkið að lækka áfengisgjaldið?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 79% |
| Nei | 21% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að banna reykingar á veitingastöðum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Rúta fauk á leiðinni til Bolungarvíkur:

# Allt í lagi fyrst ég var bara einn

**UMFERÐARÓHAPP** Rúta, sem var á leiðinni til Bolungarvíkur frá Ísafirði, fauk af veginum á Söndum skammt frá Bolungarvík. Ökumaðurinn var einn og meiddist ekki og rútan skemmdist lítið. Stórvirk tæki þurfti til að ná rútunni upp á veginn aftur.

„Þetta var samspil hálku og vindhviðu sem hefðu sennilega sett rútuna á hlið,“ sagði Hermann Þór Þorbjörnsson sem sýndi mikið snarræði þegar sterk vindhviða skall á rútunni sem hann ók á leið til Bolungarvíkur. Betur fór en á horfðist því fljúgandi hálka var á Söndum þar sem atvikið varð og ljóst að mikið tjón hefði orðið ef rútan hefði oltið. „Ég hafði engan tíma til að vera hræddur því þetta gerðist svo fljótt. Svo var þetta allt í lagi fyrst ég var bara einn en ég var að fara að ná í grunnskólakrakka inn í Bolungarvík,“ sagði Hermann og gerir ekki mikið úr atvikinu og var að keyra strætó á Ísafirði þegar blaðamaður náði tali af honum.

Annar bílstjóri fyrir vestan lýsti furðu sinni á að Vegagerðin skyldi ekki standa sig betur í að bera á vegina sem voru fljúgandi hálir.

Slys hafði orðið í Óshlíð rétt áður en rútan fór út af þar sem ökumönnum varð á í hálkunni. Hermann tók ekki undir þessa gagnrýni og sagði að Vegagerðin hefði í nógu að snúast og hefði borið sand á vegina rétt eftir atvikið. Önnur rúta ver send eftir krökkunum sem voru á leið til Ísafjarðar á skíði. ■



**HERMANN ÞÓR ÞORBJÖRNSSON BÍLSTJÓRI**
Hermann Þór var einn í rútunni þegar hún fauk af veginum. Hann sýndi mikið snarræði og kom í veg fyrir að hún ylti.



**SKRIÐDREKI BLESSAÐUR** Rússneskur T-38 skriðdreki fannst nýlega á botni árinnar Nevu við Pétursborg í Rússlandi. Skriðdrekinn, sem sökk í seinni heimsstyrjöldinni, verður gerður upp og settur á herminjasafn.




# Fagnaðarefni fyrir foreldra

**Greiðslur úr ríkissjóði til foreldra langveikra barna eru mikið fagnaðarefni, segir móðir langveiks drengs. Hún hefur barist um árabil fyrir framfærslueyri fyrir son sinn og sig. Hún gat ekki unnið úti vegna veikinda hans.**

**FÉLAGSMÁL** Greiðslur úr ríkissjóði til foreldra langveikra barna er mikið fagnaðarefni, segir Ásdís Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og móðir langveiks drengs.

Ásdís hefur háð harða réttindabaráttu fyrir drenginn sinn, Birki Emil, sem nú er fjögurra ára. Hann er með goldenhar-heilkenni sem hefur áhrif á líf hans og fjölskyldu hans til langframa. Baráttan hefur meðal annars snúist um að fá aðstoð frá ríki og sveitarfélagi, þar sem Ásdís gat ekki unnið úti frá fæðingu drengsins og þar til í nóvember á síðasta ári.

Hún kvaðst fagna mjög samþykkt ríkisstjórnarinnar um greiðslur til foreldra langveikra barna, sem Árni Magnússon félagsmálaráðherra hefur kynnt á Alþingi. Samkvæmt því er lagt til að greiðslurnar til foreldra barna sem veikjast alvarlega eða greinast með alvarlega fötlun nemi um 90 þúsund krónum á mánuði. Þessi fjárhæð var ákvörðuð með hliðsjón af af fullum umönnunargreiðslum og lágmarksgreiðslum úr Fæðingaorlofssjóði fyrir 50-100 prósenta starf. Þess er vænst að lögin taki gildi 1. janúar á næsta ári og kerfið taki gildi í áföngum.



**FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**
Árni Magnússon vill að foreldrar haldi virkum tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir veikindi barna.

Að sögn ráðherra samþykkti ríkisstjórnin að auki að foreldrar barna sem greindust mjög alvarlega veik eða fötluð til langs tíma ættu rétt á umræddum greiðslum í allt að níu mánuði, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Loks samþykkti ríkisstjórnin að leggja til að réttur til fæðingar- og foreldraorlofs vegna veikinda barna yrði rýmkaður, þannig að aldursmörk barna yrðu hækkuð úr átta ára aldri í 18 ára. Árni kvaðst leggja á það áherslu að foreldrar héldu virkum tengslum við vinnumarkaðinn þrátt fyrir veikindi barna.

Spurður um hvort lögin yrðu afturvirk, sagði félagsmálaráðherra að nú ætti eftir að fara fram vinnan við frumvarpsgerðina. Ekki lægi nákvæmlega fyrir hvernig það yrði útfært. Meginlínan væri sú að þessi réttur væri til staðar og tæki gildi í áföngum.

„Nú virðist sem menn hafi séð ljósið og mér finnst frábært að þetta skuli vera komið áleiðis. Það er meira en að segja það að vera einn með barn, hafa enga fyrirvinnu og ekkert til að lifa á,“ sagði Ásdís, sem gjörþekkir þær aðstæður af eigin raun.

jss@frettabladid.is



**RÉTTINDABARÁTTA**
Ásdís Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur hefur barist langvinnri réttindabaráttu fyrir son sinn, Birki Emil, sem nú er fjögurra ára. Hún hefur yfirleitt komið að lokuðum dyrum með beiðni um aðstoð, bæði hjá ríki og sveitarfélagi.

Verðbólgan orðin 4,5 prósent:

# Kraftaverk til að forsendur kjarasamninga haldi

**VERÐBÓLGAN** Verðbólga er nú 4,5 prósent og hefur þar með rofið efri vikmörk verðbólgumarkmiðs Seðlabankans.

Ríflega helming almennra verðhækkana má rekja til hækkunar á húsnæðisverði. Ríflega 18 prósent hækkunarinnar má rekja til hækkunar á annarri þjónustu en 17 prósent eru vegna verðhækkunar hjá opinberum aðilum og hækkunar á áfengi og tóbaki.

Verðlag hefur hækkað almennt um 8,2 prósent á þremur árum. Húsnæðisverð hefur hækkað mest eða um 32 prósent, verð á opinberri þjónustu um 20 prósent, verð á áfengi og tóbaki um 13 prósent og annarri þjónustu um 10 prósent.

„Þetta eru mjög slæmar fréttir. Þetta þýðir það að efri vikmörk verðbólgumarkmiðsins eru rofin. Forsendur kjarasamninganna, sem gerðir voru fyrir ári og áttu að stuðla að kaupmáttaraukningu samhliða stöðugleika, eru að bresta. Það þarf næstum kraftaverk til að verðlagsforsendur kjarasamninga haldi,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ. **- ghs**

**HVAÐ KYNDIR UNDIR VERÐBÓLGUNA?**

| | |
|---|---|
| Innfluttar vörur aðrar | -7,1% |
| Innfluttar mat- og drykkjarvörur | -2,0% |
| Grænmeti | 1,1% |
| Nýr bíll og varahlutir | 1,8% |
| Aðrar innlendar mat- og drykkjarvörur | 1,8% |
| Aðrar innlendar vörur | 2,9% |
| Bensín | 4,2% |
| Áfengi og tóbak | 4,9% |
| Búvörur án grænmetis | 6,0% |
| Opinber þjónusta | 12,0% |
| Önnur þjónusta | 18,2% |
| Húsnæði | 56,3% |
| **Vísitala neysluverðs** | **100%** |






## 24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIGRÍÐUR Í KATTHOLTI

# *Ágæt kattavika*

„Þetta var ágæt vika og frekar fáir óskilakettir hafa komið til mín síðustu daga," segir Sigríður Heiðberg í Kattholti. Stundum koma átta kettir á dag til hennar en fyrir hverja átta ketti sem koma fara að jafnaði tveir heim. Það eru ójöfn hlutföll. Nokkrir kettir komust í hendur eigenda sinna á ný í liðinni viku. „Annars eru nýju kattareglurnar fullsmíðaðar og nú er bara að sjá hvernig þær virka," segir Sigríður. Hún er ekki að fullu sátt við gang mála og segir óráð að reglurnar séu mismunandi eftir sveitarfélögum. „Það er ekkert samræmi í þessu. Svo hefði ég viljað fá að koma meira að þessu sjálf, ég veit nefnilega ekki hversu mikið þetta fólk er inni í málefnum katta," segir Sigríður og á þar við fólkið sem sér um regluverk hins opinbera.






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STEINUNN OG MAGNI**
Hjónin hafa staðið saman í gegnum súrt og sætt í rúmlega 40 ár og Magni þakkar henni hversu lengi hann hefur enst í starfi.

# Magni hættir í haust

**Magni Magnússon, kaupmaður við Laugaveg, sest í helgan stein í haust eftir rúmlega 40 ára verslunarrekstur. Hann hyggst þá selja búðina sína og hlakkar til að verja tíma sínum við spilaborðið með Steinunni sinni.**

„Í haust verð ég sjötugur og vil hafa einhvern tíma til að leika mér sjálfur, þannig að í október eða nóvember ætla ég að sjá hvort einhver vill kaupa búðina og halda áfram að vera jókerinn við Laugaveg," segir Magni Magnússon kaupmaður, sem hefur ákveðið að setjast í helgan stein.

Magni hefur verið lengi að, rekið frímerkja- og spilabúðina Hjá Magna á Laugavegi síðan 1979 ásamt eiginkonu sinni, Steinunni Guðlaugsdóttur. Áður hafði hann rekið Frímerkjamiðstöðina að Skólavörðustíg sem var opnuð árið 1964. „Frímerki og mynt stóðu ekki undir rekstrinum og þá bættust spilin við," segir Magni um ástæður þess að hann leiddist út í spilabransann.

Áður en Magni fór út í verslun vann hann hjá Landsbankanum og þó honum hafi líkað vel við samstarfsfólk sitt og yfirmenn ákvað hann að venda kvæði sínu í kross. „Ég bara fílaði ekki að vera þarna til lengdar og þegar mér var boðin útibússtjórastaða hafði ég vit á að stofna minn eigin spilabanka." Allar götur síðan 1979 hefur Magni verið órjúfanlegur partur af Laugaveginum og orðið nánast tákngervingur kaupmannsins. „Það þekkja mig allir hérna og ég get hvergi skandalíserað, það er mínusinn við þetta," segir hann og hlær. Þegar hann opnaði verslunina á sínum tíma gerði hann djarfa tilraun og ákvað að hafa opið á laugardögum. „Þá komu til mín tveir lögreglumenn, kurteisir og elskulegir, og sögðu að ég mætti ekki hafa opið þar sem þetta væri ekki blómabúð eða minjagripaverslun. Ég skrifaði borgarráði bréf út af þessu en hef enn ekki fengið svar. En þegar Kringlan kom mátti hafa opið allan sólarhringinn."

Verslun Magna er athvarf frímerkja- og myntsafnara og Magni leggur mikla rækt við fastakúnna sína, sem eru fjölmargir. Laugardagsmorgna helgar hann söfnurum og býður upp á kaffi. Hann segir þó að nýliðunin í hópi safnara sé því miður ekki mikil. „Þetta breyttist allt þegar tölvan kom. Ef ég býð barnabörnunum mynt eða frímerki svara þau að það hafi verið að koma út nýr tölvuleikur." Magni er þó bjartsýnn á framtíð Laugavegarins og segir síðasta sumar hafa verið það besta í langan tíma. „Útlendingarnir munu alltaf koma á Laugaveginn því þeir eiga nóg af Kringlum og Smárum heima hjá sér."

40 ár eru langur tími í verslunarrekstri en Magni gefur ekki mikið fyrir það. „Ég á langt í að slá metið hans tengdapabba, Guðlaugs Pálssonar á Eyrarbakka, sem var með verslun þangað til hann var 98 ára." Hann viðurkennir þó að ferill hans sé orðinn lengri en hjá mörgum. „Galdurinn við að tóra svona lengi er að eiga góða konu sem stendur með manni, eiga skemmtilega og vinsæla búð og hafa húmor. Ef það er rólegt að gera þýðir ekkert að gráta, það verður kannski meira að gera á morgun."

bergsteinn@frettabladid.is



Mundi Sturla selja Hringveginn?
1 Akureyri
51 Akranes
47 Hvalfjörður
1 Akureyri
51 Akranes
Ath! Einka-vegur
Nei!
Grunnnetið er þjóðvegur fjarskipta á Íslandi og sameign þjóðarinnar.
Það eru mistök að selja Grunnnetið með Landssímanum.
„Er vit í þessu?“
„Nei þetta er hringavitleysa“
og
vodafone
Tryggjum frjálsa samkeppni í fjarskiptum á Íslandi






Hlaupaskór



Fótboltaskór



Innanhússkór



Aerobicskór

**Intersport brúsi fylgir öllum keyptum skóm um helgina**
á meðan byrgðir endast

asics · SALOMON · SCARPA · FIREFLY · McKINLEY · PRO TOUCH

# Opið
alla daga

# INTERSPORT®

Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Club Intersport

- föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 • **Intersport Selfossi** SÍMI 480 7009 • Mán. - föstud. 09 - 21 • Laugardaga 10 - 21 • Sunnudaga 10 - 21

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Væntanlegir fasteignakaupendur ættu að athuga vel sinn gang áður en þeir leggja út í fjárfestingu lífs síns.

## Verðsprenging á fasteignamarkaði

Verð á fasteignum á höfuðborgarsvæðinu hækkar dag frá degi og sagðar eru ótrúlegar sögur af hækkun á verði íbúða frá mánuði til mánaðar. Það er eins og markaðurinn á höfuðborgarsvæðinu mettist aldrei, og er fjöldi nýbygginga til marks um það. Þetta á ekki síst við um nágrannasveitarfélögin Hafnarfjörð og Kópavog, þar sem ný hús spretta upp svo að segja á hverjum degi í hrauninu fyrir sunnan Hafnarfjörð og við Vatnsendahæð og Rjúpnahæð. Við eðlilegar aðstæður mætti ætla að þegar framboð á nýju húsnæði eykst ætti verðið að standa í stað eða jafnvel lækka. Þessi húsnæðissprengja sem margir nefna svo gengur hins vegar gegn öllum lögmálum sem áður hafa gilt og þá velta menn því fyrir sér hvað valdi. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar jafnt og þétt samhliða því að fólki fækkar á landsbyggðinni. Það er ein skýringin á hærra fasteignaverði en skýrir ekki allt. Að undanförnu hafa komið fréttir um nýja starfsgrein, svokallaða fasteignaheildsala sem kaupa heilu fjölbýlishúsin eða hverfin af byggingameisturum. Venjulegir fasteignasalar selja svo íbúðirnar fyrir þessa nýju stétt, og þar með bætist einn milliliður við í söluferli nýrra íbúða. Allir þurfa sitt, líka fasteignaheildsalarnir.

> **Víða um land á meðalstórum stöðum er hægt að fá mun ódýrara húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu. Þar er líka góð þjónusta á mörgum sviðum og betra að ala upp börn.**

Annað sem hefur haft veruleg áhrif á húsnæðismarkaðinn er lánin sem bankarnir bjóða hver í kapp við annan og freista margra sem eru að koma yfir sig þaki. Svo virðist sem fólk þurfi bókstaflega ekki að eiga neitt til að geta keypt húsnæði. Það er af sem áður var, þegar menn þurftu að berjast í bökkum ár eftir dag og opinbera kerfið lánaði ekki nema fyrir hluta af íbúðarverðinu. Þetta mátti að vísu breytast, en hætt er við að breytingin hafi orðið allt of hröð og verði til þess að margir leggi út í fjárfestingu sem þeir síðan ráða ekki við. Það má lítið út af bera í efnahagsþróuninni til að vextir og afborganir af húsnæðislánum verði ekki mörgum ofviða. Væntanlegir fasteignakaupendur ættu því að athuga vel sinn gang áður en þeir leggja út í fjárfestingu lífs síns og falla fyrir gylliboðum sem auglýst eru.

Þessi þróun sem hér um ræðir hefur enn sem komið er aðallega verið á höfuðborgarsvæðinu, en áhrifa hennar hlýtur að fara að gæta víðar á landinu, þótt verðsveiflan upp á við verði aldrei neitt í líkingum við það sem á sér stað á suðvesturhorni landsins. Það fer líka að verða athugandi fyrir þá sem ekki hafa valið sér búsetustað að setjast niður úti á landi þar sem húsnæðiskostnaður er mun lægri en á þessu svæðinu. Víða um land á meðalstórum stöðum er hægt að fá mun ódýrara húsnæði en á höfuðborgarsvæðinu. Þar er líka góð þjónusta á mörgum sviðum og að mörgu leyti betra að ala upp börn en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem mikill þeytingur er gjarnan hjá barnafjölskyldum við gæslu barna, í og úr skóla og til og frá vinnu. ■


**20-50% afsláttur**

Eftirprentanir málverka allra gömlu meistarana.
Konunglegt, danskt matar- og kaffistell.
Kristals ljósakrónur, málverk,
gull og silfur skartgripir
Pelsar og margt fleira

**Antikhornið**

Kolaportinu s: 848-1937


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Njósnir á Íslandi

Einhverjir lesenda muna kannski eftir því að í janúar í fyrra birti Morgunblaðið afar dularfulla frétt um að í íslenskum viðskiptaheimi væru stundaðar njósnir. Sagði blaðið að dæmi væru um að ráðnir hefðu verið menn „til að fylgjast með tilteknum einstaklingum“ í því skyni meðal annars að athuga hverja viðkomandi hittu. Væri í þessu sambandi talað um að „skyggja“ menn. Orðrétt sagði í fréttinni: „Nokkrir einstaklingar hérlendis hafa starfað við að „skyggja“ og kostar slík þjónusta um 60 þúsund krónur á dag samkvæmt heimildum blaðsins“. Enn fremur kom fram að tæki til viðskiptanjósna hefðu verið notuð hér á landi. „Dæmi eru um að hér hafi sést háþróaðir pennar með innbyggðum hlerunarbúnaði sem gera kleift að hlýða á samtöl í allt að 100 metra fjarlægð.“

### Einkaspæjarar á ferð

Morgunblaðið fylgdi frétt sinni ekki eftir þrátt fyrir áskoranir og hafa menn velt því fyrir sér hvort hún hafi verið á misskilningi byggð. Ekki er víst að svo sé. Nefnd á vegum dómsmálaráðherra, sem fjallaði um verkskil á milli lögreglu og einkarekinna öryggisþjónustufyrirtækja, segir í skýrslu sem birt var í á fimmtudaginn að fram hafi komið „tilvik þar sem einkaaðili hefur boðið fyrirtækjum, starfsgreinum og einstaklingum að annast fyrir þá persónunjósnir (private surveillance)“. Telur nefndin líklegt að slíkum tilboðum muni fjölga.

### Njósnir bannaðar

Í skýrslunni segir: „Þessi starfsemi byggist eðli málsins samkvæmt á að fara inn á friðhelgi einkalífs með því að „skyggja“ fólk, mynda og hlera til að safna og koma á framfæri til viðskiptavinar viðkvæmum upplýsingum um fólk og athafnir þess“ og að slík starfsemi geti í „saknæmum höndum viðskiptavinar eða „njósnarans“ sjálfs leitt til kúgunar og/eða annarrar misbeitingar í krafti vitneskju sem þolandi telur skaðlegt að fari víðar“. Af þessum sökum leggur nefndin til að sett verði lög sem banni persónunjósnir einkaaðila og að „þung viðurlög verði við að brjóta slíkt bann“. Það bendir því flest til þess að dagar einkaspæjarastéttarinnar á Íslandi séu taldir eða að hún hverfi í undirheimana.



gm@frettabladid.is

# Lýðræði hér og lýðræði þar

„Þær fjörugu umræður sem fram fóru um fjölmiðlalögin í vor og sumar sýna að stjórnmálaumræða er sprelllifandi og og öflug. Stóra spurningin er hvort hlustað sé á raddir fólksins í landinu, hvort vilji almennings ráði för og hvernig stjórnvöld bregðast við.“

Þannig kemst Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, að orði undir lokin á grein sinni „Frá fulltrúalýðræði til þátttökulýðræðis“, sem birtist í Ritinu, tímariti hugvísindadeildar Háskóla Íslands, sem út kom á síðastliðnu hausti. Þema þessa heftis er einmitt umfjöllun um lýðræði: lýðræði eins og það birtist okkur hér á landi og samanburður við löndin í kringum okkur.

Kristín hefur að undanförnu gegnt formennsku í nefnd á vegum Norræna ráðherraráðsins, sem tekið hefur þessi mál til gagngerrar athugunar á grundvelli skýrslna, sem unnar hafa verið af nefndum á vegum löggjafarþinga Danmerkur og Noregs og ríkisstjórnar Svíþjóðar og komið var á fót í lok síðustu aldar. Segja má að síðastliðna hálfa öld hafi þessi þrjú samfélög verið gegnsýrð lýðræði upp úr og niðrúr, lifandi og virku lýðræði, sem náð hefur til flestra þátta þjóðlífsins, og menn hafa tamið sér í samskiptum sín á milli frá blautu barnsbeini. Nefndir þessar voru látnar vinna rækilega úttekt á valdakerfum landa sinna, þróun þeirra og stöðu lýðræðis í ljósi þeirra gagngeru breytinga sem orðið hafa heima fyrir og á alþjóðavettvangi frá falli Sovétríkjanna og með framsókn pólitískrar og efnahagslegrar alþjóðavæðingar. Þar á bæjum hafa menn áhyggjur af minnkandi völdum þingsins og dvínandi þátttöku almennings í starfi og umræðum innan stjórnmálaflokka. Við það bætast áhyggjur af minnkandi kosningaþáttöku, hægagangi í jafnréttismálum kynjanna, menningarárekstum heimamanna og innflytjenda, jaðarhópum og samþjöppun eigna, valds og auðs í atvinnulífinu. Tillögur nefndanna beinast svo að því að auka þátttöku almennings í stefnumótun og ákvarðanatöku í þeim málefnum, sem snerta málefni fólksins í landinu, hvort sem er á sveitarstjórnarstigi eða í ríkiskerfinu.

**Í DAG**
STOFNANAVELDI: ÞJÓÐVELDI



**ÓLAFUR HANNIBALSSON**

Í þessu starfi sínu rakst Kristín fljótt á það, að í umræðum um lýðræði á Norðurlöndum er byggt á hugtökum, sem við eigum ekki orð yfir á íslensku og sýnir það glöggt hve umræða um lýðræði er skammt á veg komin hjá okkur. Þar má nefna grundvallarhugtak eins og þjóðstjórn/almannavald (folkestyre) en það er einmitt notað til að lýsa þjóðfélagskerfi Norðurlanda. Þá er það viðbótarlýðræði (tilleggsdemokrati) sem felur í sér ýmis þau form, sem lýðræðisleg umræða getur tekið á sig utan fulltrúalýðræðisins, t.d. umræða um mannréttindi, neytendalýðræði, loftvogarlýðræði (barometerdemokrati), aðgerðalýðræði o.fl. Þá má nefna hugtak sem Svíar eru að kynna, einstaklingsvald (egenmakt), sem tengist mannréttindahugtakinu og felur í sér þá möguleika sem hver og einn hefur til að hafa áhrif.

Sú umræða sem nú á að minnsta kosti hálfrar aldar hefð að baki á Norðurlöndum, og stöðugt dýpkar og víkkar fremur en hitt, hefur að mestu farið framhjá almenningi hér. Hér ríkir skortur á samræðum og skilningi milli þeirra sem með valdið fara hverju sinni og borgaranna. Hér er jafnan áhersla lögð á hefðbundið fulltrúalýðræði, óskoraðan rétt ríkisstjórnar og meirihluta þings til að taka ákvarðanir og setja lög, jafnvel í óþökk meirihluta þjóðarinnar, eins og nýleg dæmi sanna. Fulltrúalýðræðinu er oft lýst af stjórnmálamönnum sem heillaríkasta stjórnarforminu, oft með þeim rökum að Alþingi þurfi oft að taka óvinsælar ákvarðanir, sem síðar sýni sig að hafa orðið landi og þjóð til blessunar. Björn Bjarnason lýsti þessu viðhorfi ágætlega í blaðagrein í sumar. Þar sagði hann: „Innan Sjálfstæðisflokksins hefur ekki verið fylgi við að lögfesta eða stjórnarskrárbinda ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslur. Þar hafa menn haldið fast í stuðning við fulltrúalýðræði, bestu stjórnarhættina.“

En jafnvel fyrir hina fjörugu fjölmiðlaumræðu, og stjórnarskrárumræðuna í kjölfarið, hafði almenningur fengið sig fullsaddan af þessu íhaldi. Könnun á viðhorfum til þessara mála leiddi í ljós að tæp 72% þeirra sem tóku afstöðu voru sammála þeirri fullyrðingu að íslenskir stjórnmálaflokkar væru ekki í takt við kjósendur. Full 86% voru sammála þeirri fullyrðingu að fáir valdamiklir einstaklingar ráði of miklu í íslenskum stjórnmálum. Um helmingur var frekar eða mjög óánægður með þróun lýðræðis á Íslandi og tæp 63% ósammála þeirri fullyrðingu að Íslandi væri í megindráttum stjórnað samkvæmt vilja fólksins. Þessu til viðbótar má nefna síðustu mælingu Gallups á því trausti sem fólk ber til stofnana þjóðfélagsins en þar eru dómstólarnir neðst á lista yfir þær stofnanir sem spurt var um, með 37% traust, næst á eftir alþingi!

Þessar tölur sýna þjóðfélag í djúpri kreppu. Hyldjúp gjá er á milli þeirra sem með völdin fara og þeirra sem veita þeim þau völd með atkvæðaseðli sínum á kjördegi. Er nú ekki tími til kominn að þessi þögli meirihluti samræmi viðhorf sín og gerðir, haldi áfram þeirri fjörlegu umræðu sem á komst við meðferð fjölmiðlafrumvarpsins í sumar, móti viðhorf sín til endurskoðunar stjórnarskrárinnar og krefjist þess að vera kvaddur til ráðuneytis um þær reglur sem menn vilja að handhafar valdsins í umboði þjóðarinnar lúti í framtíð-







FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is






MAÐUR VIKUNNAR

# Fljót að átta sig á hlutunum

**RAGNHILDUR GEIRSDÓTTIR**
NÝR FORSTJÓRI FLUGLEIÐA

Það er ekki á hverjum degi sem kona er ráðin forstjóri stórfyrirtækis á Íslandi. Hitt kom ekki síður á óvart, þegar stjórn Flugleiða skýrði frá vali sínu á nýjum stjórnanda félagsins á miðvikudaginn, að fyrir valinu hafði orðið tiltölulega ung kona, svo að segja óþekkt úr fjölmiðlum og meðal almennings. Hún heitir Ragnhildur Geirsdóttir og hefur undanfarin þrjú ár stjórnað rekstrarstýringarsviði Icelandair, en það alþjóðlega heiti er sem kunnugt er haft yfir dótturfyrirtæki Flugleiðasamsteypunnar sem annast flugið til og frá Íslandi.


TEIKN: HELGI SIG. WWW.HUGVERKA.IS

Ragnhildur er Reykvíkingur, 33 ára gömul. Hún lauk stúdentsprófi frá Hamrahlíðarskóla og síðan vélaverkfræðiprófi frá Háskóla Íslands 1995. Eftir það stundaði hún nám í háskólanum í Wisconsin-Madison í Bandaríkjunum þar sem hún lauk MS prófi í iðnaðarverkfræði 1996 og framleiðslustjórnun 1998. Sama ár var hún ráðin verkefnisstjóri hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins en þaðan fór hún til Flugleiða 1999 og hefur starfað þar síðan. Var hún fyrst verkefnisstjóri í stefnumótunardeild, en í ársbyrjun 2003 tók hún við rekstrarstýringarsviði Icelandair. Hefur hún undanfarin misseri verið einn nánasti samstarfsmaður fyrirrennara síns í forstjórastól, Sigurðar Helgasonar. Hefur hún borið ábyrgð á starfsmannahaldi og leiðakerfi Icelandair og á síðarnefnda sviðinu er henni talið til tekna að hafa stýrt breytingum sem leitt hafa til mikils afkomubata í rekstri. Það er til marks um álit sem Ragnhildur ávann sér í störfum hjá Icelandair að hún var í fyrra kosin í stjórn móðurfyrirtækisins, Flugleiða. Um sama leyti var hún kosin í stjórn fyrirtækisins Tölvumynda. Öll þessi störf hefur hún unnið á hljóðlátan hátt án þess að láta mikið fyrir sér fara.

Ekki er þó ólíklegt að nú vilji fjölmiðlar kynnast henni betur og haft verði auga með henni á opinberum vettvangi.

Ragnhildur er í sambúð með Ágústi Þorbjörnssyni hagverkfræðingi og rekstrarráðgjafa. Hún er útivistarkona og tekur þátt í starfi hjálparsveitanna í Kópavogi.

Ragnhildur fær hvarvetna góða umsögn, er sögð hafa mikla skipulagsgáfu, vera bráðgreind, hugmyndarík og fljót að átta sig á hlutunum. Ekki þykir síðra að hún er þægilegur samstarfsmaður sem hlustar á sjónarmið annarra. Sérfræðingar sem fylgjast með rekstri Flugleiða telja að stjórnarformaður og aðaleigandi fyrirtækisins, Hannes Smárason, hafi leikið sterkan leik með ráðningu hennar. Einnig verður að ætla að hinn nýi forstjóri Flugleiða muni verða kynsystrum sínum hvatning til frekari framsóknar í viðskiptalífinu. ■

# Það er stórgróði af evrunni

**UMRÆÐAN**
KRÓNAN OG EVRAN



**LÚÐVÍK GIZURARSON**
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

**Förum inn í evrulandið. Þar fáum við fjármálalegt öryggi.**

Ef við tökum upp evruna og göngum í Myntbandalag Evrópu fáum við stóran peningagróða upp í hendurnar á þægilegan hátt. Því er haldið fram og reiknað út að þjóðartekjur okkar aukist um 4% eða langt í 40 miljarða árlega. Til samanburðar má geta þess að þetta eru meiri auknar tekjur árlega en koma í heild með virkjun við Kárahnjúka og af álveri á Reyðarfirði til samans. Þær tekjur fara aftur mikið í afborganir og vexti af lánum vegna framkvæmdanna. Tekjur af evrunni eru að mestu á þurru. Eru nettó-tekjur.

Nýlega héldu hagfræðingar fund og tengdist hann Seðlabanka Íslands. Þar kom sú skoðun fram að evran kæmi til Íslands sem gjaldmiðill okkar vegna hagkvæmni þótt margir væru á móti upptöku evrunnar. Vildu hafa áfram okkar íslenzku krónu. En vilja menn borga 3 miljarða í tap fyrir íslenzku krónuna á mánuði? Borga sem sagt með krónunni okkar stórfé og missa af stórgróða evrunnar.

Sagt er í blöðum að sjávarútvegur okkar tapi 20 milljörðum á ársgrundvelli í dag vegna þess að dollarinn sé of ódýr. Kostar núna rúmlega 60 krónur en var fyrir þó nokkru kominn yfir 100 krónur. Svona sveiflur þolir efnahagskerfi okkar ekki. Er of lítið til þess. Með evrunni væri fiskur verkaður hér í evrum og seldur svo „innanlands“ í sömu mynt eða evrunni t.d. á Spáni. Allt væri í föstum skorðum „innanlands“ í evrum og engin gengisáhætta eða tap.

Við eigum að sækja strax í dag um aðild að evrunni og Myntbandalagi Evrópu. Þá kemur árlegur hagnaður upp á tæpa 40 miljarða. Það er sú fjárhæð sem okkur vantar árlega í dag til að borga árlegan viðskiptahalla okkar við útlönd. Upptaka evrunnar gerði með einföldum og þægilegum hætti viðskiptahalla okkar óþarfan.

Förum inn í evrulandið. Þar fáum við fjármálalegt öryggi. Í dag eru stórar hækkanir fasteigna og mikill og sjúklegur viðskiptahalli merki um að hætta er á ferðum á Íslandi. Við tökum oft nýjan milljarð að láni vikulega erlendis. Einn daginn stoppar það. Hvað gerist þá? ■



# Þess vegna hrynur Framsóknarflokkurinn

**UMRÆÐAN**
FRAMSÓKNAR-FLOKKURINN



**BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON**
VIÐSKIPTAFRÆÐINGUR

Hvers vegna hrynur fylgi Framsóknarflokksins? Fréttablaðið birti úrslit skoðanakönnunar um fylgi flokkanna föstudaginn 4. febrúar sl. Samkvæmt þeirri könnun fengi Framsóknarflokkurinn 8% atkvæða ef þingkosningar færu fram í dag en 4% í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Þetta er algert fylgishrun hjá Framsóknarflokknum. Talsmenn Framsóknarflokksins vilja gera lítið úr þessu og segja, að Framsókn fái mikið meira fylgi í kosningum en í skoðanakönnunum. Það hafi ávallt verið svo. En einhver skýring hlýtur að vera á því, að Framsókn mælist með svona lítið fylgi í skoðanakönnunum. Jú, skýringin er sú að megn óánægja er meðal fyrri kjósenda Framsóknar með flokkinn. Kjósendum finnst flokkurinn hafa villst af leið og verið of leiðitamur Sjálfstæðisflokknum. Framsóknarflokkurinn var stofnaður til þess að berjast fyrir félagshyggju og samvinnustefnu en hefur nú um langt skeið hjálpað Sjálfstæðisflokknum við að framkvæma skefjalausa auðvaldsstefnu og peningahyggju. Misskipting í þjóðfélaginu hefur stóraukist, hinir ríku hafa orðið ríkari og hinir fátæku hafa orðið fátækari. Kjör aldraðra og öryrkja eru til skammar. Fátækt hefur aukist verulega í landinu. Mikil óánægja er einnig meðal kjósenda Framsóknar með stefnu flokksins og ríkisstjórnarinnar í Íraksmálinu. 84% þjóðarinnar voru andvíg því að Ísland skyldi leggja blessun sína yfir innrás Bandaríkjanna og Bretlands í Írak. Stór hluti Framsóknarflokksins er í þeim hópi. Framsóknarflokkurinn hefur alltaf áður stutt frið í heiminum en nú leggur formaður flokksins blessun sína yfir árás á annað ríki og vill ekki biðjast afsökunar á þeim mistökum enda þótt í ljós hafi komið, að innrásin í Írak var gerð á fölskum forsendum.

Margir forustumenn Framsóknar bundu vonir við það, að fylgi flokksins mundi aukast við það, að formaður flokksins settist í forsætisráðherrastólinn. En það hefur orðið þveröfugt. Fylgi flokksins hefur minnkað síðan formaður Framsóknar varð forsætisráðherra. Þetta er vegna þess, að Framsókn fékk stólinn frá Davíð Oddssyni en ekki frá forseta Íslands eftir kosningar. Þetta voru einfaldlega hrossakaup stjórnarflokkanna, sem gerð voru til þess að framlengja völd ríkisstjórnarinnar, sem tapaði fylgi í síðustu kosningum og hefði átt að fara frá völdum, ef eðlilegum lýðræðislögmálum hefði verið fylgt. Kjósendum Framsóknar finnst stóllinn of dýru verði keyptur. Málefnum Framsóknarflokksins hefur verið fórnað í hrossakaupum stjórnarflokkanna. Það er alger hégómi að sækjast eftir embætti forsætisráðherra, þegar staða Framsóknar er eins og hún er í dag. Flokkurinn hefði frekar átt að leggja áherslu á það að koma fleiri stefnumálum Framsóknarflokksins fram. En það gerði Framsókn ekki heldur mat meira hégómann. Þess vegna refsa kjósendur nú Framsóknarflokknum. ■




Kynningarfundur fyrir konur um MBA nám í Háskóla Íslands
**sunnudaginn, 20. febrúar 2005, kl. 13.30** í Námunni,
húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.


Árelía

Áslaug

Guðrún

Guðlaug

Margrét

Í tilefni af konudeginum er konum boðið að koma og fræðast um MBA námið í Háskóla Íslands. MBA nám er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja efla sig, öðlast ný tækifæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf. MBA nám sem gefur konum ný sóknarfæri. Næsti hópur mun hefja nám haustið 2005.

**Fimm konur segja þér frá reynslu sinni af MBA náminu:**

- **Árelía Eydís Guðmundsdóttir**, lektor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.
- **Áslaug Maack Pétursdóttir**, verkefnastjóri MBA námsins.
- **Guðrún S. Eyjólfsdóttir**, MBA, framkvæmdastjóri gæðamála hjá Actavis Group.
- **Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir**, MBA, verðandi hjúkrunarforstjóri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
- **Margrét Bóasdóttir**, MBA nemi, starfar við Söngskólann í Reykjavík.

Fundarstjóri: **Áshildur Bragadóttir**, verkefnastjóri í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

Allar konur velkomnar
Kaffiveitingar

www.mba.is

H2 hönnun

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

# Konudagstilboð!

**Fríhafnar verð**

**á dömuilmum og gjafa-pakkningum í tilefni konudagsins**

**Opið lengur!**

**Austurver**
Laugardaga og sunnudaga 10–24

**JL-húsið**
Laugardaga og sunnudaga 10–21

**Kringlan 1. hæð**
Laugardaga 10–18
Sunnudaga 13–17

Tilboðin gilda í dag og á morgun

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

GOTT FÓLK McCANN



# ...með allt fyrir

## Komdu í Kringluna um helgina

og kynntu þér fjölbreytt úrval af því nýjasta sem verslanir hafa að bjóða. Þú finnur gjöfina handa henni í Kringlunni.

**Gjafakort Kringlunnar er góð hugmynd að gjöf.**
Þau fást á Þjónustuborðinu á 1. hæð við Hagkaup.

**Opið 10–18 í dag**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27414 02/2005

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760



Babyliss blásari með dreifara
**3.250 kr.**

augað



Oliver Peoples
**22.775 kr.**

fold ART GALLERY



Lína Rut – prent frá **3.900 kr.**
málverk frá **49.000 kr.**

fold ART GALLERY



Inga Elín – skál
**18.800 kr.**

THE BODY SHOP



Mónóí-olía og „Handy Massager" nuddtæki
**1.990 kr.**

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760



Babyliss naglasnyrtisett
**3.499 kr.**

blómaval



Konudagsvöndur og boðskort í Baðstofuna í Laugum
**1.990 kr.**

og vodafone

og hvað segir þú?



Nokia 3100 – gjöf úr dekurlínu Clarins fylgir
**10.900 kr.**

VERO MODA



Nýjar vörur – ekki missa af!

byggtogbúið Kringlunni 568 9400 Smáralind 554 7760



Babyliss sléttujárn
**3.989 kr.**

# konudaginn

## Dagskrá á Kringlutorgi

- **Kl. 13.30** Verslunarskólinn heldur uppi dúndrandi fjöri með atriði úr söngleiknum Welcome to the jungle
- **Kl. 14.00** Hópurinn IceMarimba leikur heillandi afríska tónlist
- **Kl. 14.30** Atriði úr Welcome to the jungle
- **Kl. 15.00** Hópurinn IceMarimba leikur heillandi afríska tónlist
- **Kl. 16.30** Atriði úr Welcome to the jungle

**Vetur í Fókus – ljósmyndasýning**
Ljósmyndafélagið Fókus sýnir ljósmyndir í tilefni af Vetrarhátíð í Reykjavík

## Nýtt kortatimabil

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.



**BON SCOTT (1946-1980)** lést þennan dag.

*„Ég er þrjátíu og þriggja... Áður en ég byrjaði með AC/DC spilaði ég með fullt af hljómsveitum í Ástralíu. Maður verður aldrei of gamall fyrir rock 'n roll.“*

***Rokkarinn, sem þekktur var fyrir drykkjuskap, náði ekki 34 ára aldri. Bon Scott kafnaði í eigin ælu í bíl félaga síns fyrir utan íbúð hans í suðurhluta London. Hann var fæddur í Kirriemuir í Skotlandi, en fjölskylda hans flutti til Ástralíu árið 1952. Scott gekk til liðs við AC/DC árið 1974.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Þalídómíð-börnin fengu bætur*

Þennan dag árið 1968 náðust sættir fyrir Hæstarétti í Bretlandi um að 62 börn, sem fæddust vansköpuð eftir að mæður þeirra höfðu tekið inn lyfið þalídómíð á meðgöngu, skyldu fá bætur frá lyfjafyrirtækinu sem framleiddi og markaðssetti lyfið þar í landi. Þalídómíð-harmleikurinn er talinn eitt af hörmulegustu dæmunum um mistök vísindamanna.
Um 8.000 konur um heim allan sem tekið höfðu þalídómíð til að draga úr morgunógleði og róa taugarnar eignuðust vansköpuð börn. Lyfið var fáanlegt í Bretlandi frá árinu 1958 þar til síðla árs 1961 þegar rannsóknir leiddu í ljós að það ylli fósturskaða. Distillers Company (Biochemicals) Ltd. féllst svo í september 1968 á að greiða hverju barni 40 prósent af upphæðinni sem krafist var í bætur fyrir dómi, en krafðist þess á móti að allar ásakanir á hendur fyrirtækinu um vanrækslu yrðu dregnar til baka. Eftir það var samið um bætur í fjölda annarra tilvika.



**FÓRNARLAMB ÞALÍDÓMÍÐS**

Eftir mikla gagnrýni frá bæði fjölmiðlum og almenningi ákvað fyrirtækið árið 1973 að setja upp sjóð og greiða öllum börnum sem urðu fyrir barðinu á lyfinu úr honum. Opinber rannsókn á málinu sem ítrekað var kallað eftir fór þó aldrei fram. Almenningur leit á þessum tíma á börnin sem fórnarlömb hörmulegs slyss og bjóst við því að þau ættu fyrir höndum stutt og erfitt líf. Flest hafa börnin hins vegar tekist á við fötlun sína og afsannað slíkar hrakspár.

## MERKISATBURÐIR

**1803** Miðlunarlög samþykkt í Sviss, en með þeim héldu kantónur sjálfstæði sínu.

**1878** Thomas Edison fær einkaleyfi fyrir fónógraf sinn.

**1951** Bylting í Nepal steypir Rana-einveldinu sem stjórnað hafði landinu í 104 ár og konungsfjölskyldan endurheimtir völd sín.

**1957** Verkfall háseta í kaupskipaflotanum hefst og stendur til 17. mars.

**1976** Fyrstu stjórnmálaslitin milli aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins þegar Ísland slítur stjórnmálasambandi við Breta vegna flotaíhlutunar þeirra innan 200 mílna fiskveiðilögsögunnar.

**1986** Bandaríkjaþing samþykkir sáttmála sem bannar þjóðarmorð, 37 árum eftir að sáttmálinn var fyrst lagður fram til samþykktar.

## AFMÆLI



**Sigurður Ingi Ásgeirsson** kvikmyndagerðarmaður er 55 ára í dag.



**Helgi Már Arthúrsson** upplýsingafulltrúi er 54 ára í dag.



**Hannes Hólmsteinn Gissurarson** stjórnmálafræðiprófessor er 52 ára í dag.



**Hilmar Oddsson** kvikmyndaleikstjóri er 48 ára í dag.

## ANDLÁT

**Baldur Björnsson**, Borgarsíðu 13, Akureyri, lést miðvikudaginn 9. febrúar.

**Páll Jónasson**, Lambastaðabraut 12, Seltjarnarnesi, lést föstudaginn 11. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigurður Bjarnason**, stýrimaður, Hraunbæ 40, Reykjavík, lést mánudaginn 14. febrúar.

**Jón Marinó Stefánsson**, Austurbergi 30, Reykjavík, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

**Þórey Ólöf Halldórsdóttir**, Skálateigi 1, Akureyri, lést þriðjudaginn 15. febrúar.

**Björn Guðmundsson**, hjúkrunarheimilinu Eir, áður Miðtúni 2, lést miðvikudaginn 16. febrúar.

**Gunnhildur Eiríksdóttir**, Hrafnistu, Reykjavík, lést fimmtudaginn 17. febrúar.

## JARÐARFARIR

11.00 **Grímur Samúelsson**, Hlíf, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.
13.00 **Sigurgeir Hannesson**, bóndi, Stekkjardal, verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju.
14.00 **Einar Magnússon**, fiskmatsmaður, Völusteinsstræti 15, Bolungarvík, verður jarðsunginn frá Hólskirkju.
14.00 **Lilja Halldórsdóttir**, Hlíf 1, Ísafirði, verður jarðsungin frá Ísafjarðarkirkju.
14.00 **Sigrún Gunnarsdóttir**, Ásvegi 9, Breiðdalsvík, verður jarðsungin frá Heydalakirkju.
14.00 **Stefán Björgvin Guðmundsson**, frá Dratthalastöðum, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju.
14.00 **Þuríður Sigurðardóttir**, frá Hátúnum, verður jarðsungin frá Prestbakkakirkju á Síðu.

**TÍMAMÓT:** HEIMASÍÐAN BJORN.IS ER TÍU ÁRA Í DAG

# Fæ útrás með skrifunum

„Ég sá það ekki fyrir fyrir áratug síðan hvað þetta yrði stórt og veit það svo sem ekki enn,“ segir Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, en á þessum degi fyrir réttum tíu árum birtist fyrsta greinin á vefsíðu hans, bjorn.is, sem haldið hefur verið úti allar götur síðan.

### Hangir enn á önglinum

Árið 1995 var upplýsingabyltingin rétt að hefjast og fáir gerðu sér grein fyrir möguleikunum sem veraldarvefurinn átti eftir að bjóða upp á. Björn segir hugmyndina að vefsíðunni hafa komið frá Arnþóri Jónssyni og Gunnari Jónssyni sem stóðu að tölvufyrirtækinu Miðheimum. „Þeir hvöttu mig til að nýta þessa tækni og töldu að ef þeir fengju ritfæran og þekktan mann í lið með sér myndu fleiri fylgja í kjölfarið. Ég beit á agnið og hef hangið á þessum öngli síðan.“

Fjölmargir lesa heimasíðuna; á póstlistanum eru um 1200 manns og Björn segist fá margar fyrirspurnir í gegnum síðuna. „Ég man að þegar ég var að byrja á þessu gagnrýndu sumir að fólk þyrfti að hafa samband við mig í gegnum tölvu, en gæti ekki hitt mig í eigin persónu eða rætt við mig í síma. En tölvusamskiptin hafa sparað mér heilmikinn tíma og auðveldað mér samskiptin við fólk. Þetta sýnir að menn áttuðu sig ekki á að netið yrði einhver greiðasta leiðin til að hafa samband við fólk í náinni framtíð.“

### Heimild um eigin viðhorf

Björn uppfærir síðuna einu sinni í viku, yfirleitt á laugardegi eða sunnudegi og birtir pistla sína um leið og þeir hafa verið skrifaðir. „Ég hugsaði frá upphafi að ef ég ætlaði að gera þetta þannig að ég væri sáttur, krefðist það þess að ég væri alltaf með nýtt efni. Annars hættir fólk að lesa síðuna.“ Ráðherrann þjáist þó aldrei af ritstíflu að eigin sögn; á frekar erfitt með að stilla textanum í hóf ef eitthvað er.

Björn segir einn helsta kost síðunnar þann að hún stendur sem heimild um viðhorf hans um atburði samtímans. „Þegar ég skrifa á netið tileinka ég mér beinskeyttari stíl en ég myndi gera ef ég væri til dæmis að skrifa fræðigrein. Það kemur fyrir þegar ég skoða það sem hefur verið sett á netið að ég hugsa að kannski hafi maður verið í harðari kantinum þegar viðkomandi færsla var skrifuð. En það er hluti af andrúmsloftinu sem ríkir þegar maður er að skrifa og ekki svo að skilja að ég sjái eftir því sem ég læt frá mér.“

Skrif Björns vekja stundum sterk viðbrögð en hann segist ekki vísvitandi reyna að stuða fólk. „Maður veit aldrei hvað á eftir að hitta einhvern fyrir. Ég er oft mest undrandi á því sjálfur að fólk taki upp einhvern ákveðinn punkt í skrifum mínum frekar en annan.“

### Fylgist með bloggsíðum

Björn hefur mikinn áhuga á fjölmiðlum og segir að þeir séu jafnan þráðurinn í skrifum hans. „Ég var blaðamaður í tólf ár; hætti í stjórnarráðinu á sínum tíma til að fara í blaðamennsku því mér finnst gaman að sýsla við þessa hluti. Ég skrifa því samfellt mjög mikið um fjölmiðla og finnst gaman að fjalla um það sem þar er sagt, sem og efnistök.“

Björn er ekki aðeins virkur bloggari sjálfur heldur hefur hann líka áhuga á öðrum bloggsíðum sem hafa sprottið upp eins og gorkúlur undanfarin ár. „Mér finnst áhugavert að sjá mismunandi stílbrögð. Sumir eru persónulegri en ég og fjalla mikið um sjálfa sig, en ég skrifa meira um annað fólk og skoðanir þess og reyni að halda mig við hinn opinbera vettvang.“

Björn segist sjálfsagt alltaf munu hafa áhuga á að halda síðunni úti þó hann myndi láta af stjórnmálastörfum, en myndi sennilega ekki kæra sig um að taka upp persónulegri stíl. „Mér finnst bara gaman að skrifa um það sem er að gerast á líðandi stundu og fæ útrás með því. Ég held að það megi segja að með þessari síðu hafi ég að vissu leyti haldið í blaðamannsstarfið.“

**bergsteinn@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR




**BJÖRN BJARNASON** Björn hefur alltaf haft áhuga á fjölmiðlum og starfaði lengi sem blaðamaður, því séu fjölmiðlar þráðurinn í skrifum hans.



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Jónu Júlíu Valsteinsdóttur**

Sólvangi, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á fjórðu hæð á Sólvangi fyrir hlýhug og frábæra umönnun.

| | |
|---|---|
| Henning Þorvaldsson | J. Steinunn Alfreðsdóttir |
| Birna Friðrika Þorvaldsdóttir | Jón Ragnar Jónsson |
| Valdís Ólöf Þorvaldsdóttir | Steinar Harðarson |
| Sigurbjartur Á. Þorvaldsson | Sveinsína Björg Jónsdóttir |
| Guðmundur Páll Þorvaldsson | Helga Aðalbjörg Þórðardóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1717** David Garrick, rithöfundur og leikritaskáld.



**1743** Luigi Boccherini, tónskáld.



**1908** Sir William McMahon, fyrrum forsætisráðherra Ástralíu.



**1911** Merle Oberon, leikkona.



**1940** Smokey Robinson, tónlistarmaður.

**1945** Michael Nader, leikari.



**1948** Tony Iommi, gítarleikari Black Sabbath.



**1955** Margaux Hemingway, leikkona.



**1955** Jeff Daniels, leikari.



**1957** (John Hoelcel) Falco, níunda áratugar poppari.



**1960** Holly Johnson, söngvari Frankie Goes to Hollywood.



**1960** Andrés Bretaprins.



**1963** Seal, tónlistarmaður.



**1966** Justine Bateman, leikkona.



**1967** Benicio Del Toro, leikari.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

# 5

NÝR OG STÆRRI

JÓKER

2 MILLJÓNIR Í AÐALVINNING

# 25 MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

**Nú er potturinn fimmfaldur!**

**Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is – þú gætir unnið 25 milljónir.**

**Það getur allt gerst.**

Lottó

ENNEMM / SÍA / NM15200

## UMMÆLI VIKUNNAR

*„Nái Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kjöri í komandi formannskosningum innan Samfylkingarinnar, verður það skref aftur á bak.“*

***Björn Bjarnason dómsmálaráðherra á heimasíðu sinni 13. febrúar.***

*„Þegar menn láta hótanir eða refsiaðgerðir stjórna sér þá er lýðræðið í miklum vanda. Ég vona að allir séu sammála um það að slíkt eigi ekki að líða, ekki undir neinum kringumstæðum.“*

***Kristinn H. Gunnarsson á heimasíðu sinni 14. febrúar.***

# stjórnmál

stjornmal@frettabladid.is nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

**Davíð forsætisráðherra**

Það var gaman að sjá Davíð Oddsson aftur á þingi eftir svo langa fjarveru. Og vel leit svo vel út. Nýklipptur og vel greiddur og reffilegur. Það var ekki að undra að hann hafi ruglast svolitið í ríminu. Settist í stól forsætisráðherra – af gömlum vana. Fattaði það hins vegar ekki fyrr en þingmaður hafði ruglast í ræðustól og ávarpað hann sem „hæstvirtan forsætisráðherra“. Færði sig þá úr Halldórs sæti – í sitt sæti. En ruglingurinn hélt áfram og næsti þingmaður sem tók til máls endurtók leikinn. Það var því ekki stóllinn sem Davíð sat í sem olli ruglingnum – heldur einfaldlega vera hans í þingsal. Í hugum margra – meira að segja þingmanna – er Davíð enn forsætisráðherra.



**Kvenréttindafrömuðurinn Saddam Hussein**

Endurkomu Davíðs á þing hefur verið beðið með mikilli óþreyju. Sá sem bíður eflaust einna spenntastur er forsætisráðherrann Halldór Ásgrímsson, sem hefur einn þurft að svara síendurteknum spurningum þingmanna og fjölmiðla um Íraksmálið margumtalaða. Hann hefur varist einn – án þess að hafa Davíð sér við hlið. Davíð, sem er einna þekktastur fyrir að geta afgreitt erfiðar umræður með einni sprengju – svo sem „afturhaldskommatittsflokkur“ – og leiða þannig umræðuna á villigötur og sleppa um leið í öruggt skjól. Halldór kann þetta ekki. Hann þegir bara og þegir og þegar hann talar er það allt í kross. Tilhlökkunin snerist því ekki síst um það hvaða sprengju Davíð myndi láta falla um Íraksstríðið. En hún hefur ekki fallið enn – fyrir utan eina fýlubombu sem hann laumaði inn á Alþingi í vikunni er rætt var um kosningarnar í Írak. Hann sagði að stór hluti þeirra sem berðust gegn frelsinu í Írak kæmu úr röðum „kvenréttindafrömuðarins Saddams Hussein“.



## VIKA Í PÓLITÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR SKRIFAR



# Orrustur og stríð

Málefni Framsóknarflokksins hefur talsvert borið á góma þessa vikuna. Tilefnið er jákvætt að þessu sinni – í það minnsta fyrir suma.

Kristinn H. Gunnarsson hefur unnið sína orrustu gegn forystunni – en stríðið heldur áfram. Þótt hann hafi lagt niður vopnin um hríð er séð til þess að þau séu aldrei langt undan – ef til þeirra þurfi að grípa í skyndi.

Sá þingmaður Framsóknarflokksins sem enn háir sína orrustu er Siv Friðleifsdóttir. Orrusta hennar hófst er hún var sett til hliðar í ráðherrahópi flokksins og náði hámæli er karlkyns andstæðingar hennar gerðu atlögu að henni í gegnum Freyjuna.

En Siv neitar að gefast upp. Hún ætlar ekki að tapa þessari orrustu – og því síður stríðinu. Mitt í anda þeirra sátta sem forystan var að boða með því að bjóða Kristin velkominn til leiks að nýju gerir hún nýja atlögu. Hún ætlar að sjá til þess að bræðrunum Páli og Árna Magnússyni verði ekki fyrirgefið Freyjumálið fyrir flokksþing. Hún ætlar að gefa eftir ritaraembættið – og ætlar að berjast til hinsta blóðdropa fyrir sæti sínu á framboðslista kjördæmisins.

Hún hefur kvennafylkingu flokksins á sínu bandi og nýtir sér það. „Mér fyndist ótrúlegt ef gengið yrði yfir karlmann, sem leiddi Framsóknarflokkinn í fjölmennasta kjördæmi landsins, væri með 20 prósent af fylgi flokksins og miklu meira en aðrir þingmenn flokksins ef þeir eru greindir eftir kjördæmi, ritari flokksins með langa reynslu í sveitarstjórnum og á þingi,“ sagði Siv í viðtali í hádegisútvarpi Fréttablaðsins á Talstöðinni á mánudaginn. Hún tryggir það að ekki verði aftur yfir hana gengið – hún kemur í það minnsta í veg fyrir mótframboð um ritaraembættið á flokksþinginu.

Kristinn H. hugsar lengra fram í tímann. Í hádegisútvarpinu á Talstöðinni á fimmtudaginn sagðist hann metnaðarfullur stjórnmálamaður og hann ætlaði sér forystuhlutverk í flokknum. Hann er að hugsa til þarnæsta flokksþings – líkt og erkifjendur Sivjar, Magnússynirnir. Og hann ætlar sér stóra hluti.

Stríðinu er langt frá því lokið.

# Rangar upplýsingar eru lagabrot

**Veiti ráðherra þingnefnd rangar upplýsingar hefur hann að öllum líkindum brotið gegn lögum um ráðherraábyrgð, segir lagaprófessor. Segir lögin ekki nægilega skýr og að þau eigi að endurskoða.**

**ÍRAKSMÁLIÐ** Á fundi utanríkismálanefndar 19. febrúar 2003 lýsti Halldór Ásgrímsson þeirri afdráttarlausu afstöðu ríkisstjórnarinnar að ef til aðgerða gegn Írak kæmi yrðu þær einungis gerðar með samþykki öryggisráðsins. Þá sagði hann einnig að „ekkert virðist vera staðfest um tilvist gereyðingarvopna í Írak,“ eins og segir í fundargerðinni.

Halldór taldi jafnframt „ekki ólíklegt að ný ályktun yrði samþykkt“ og „áherslur Íslands í málinu hafa verið að finna friðsamlega lausn ef þess er nokkur kostur,“ að því er fram kemur í fundargerðinni.

Stjórnarandstaðan gagnrýndi Halldór á fundi nefndarinnar 21. mars 2003 fyrir að hafa tekið skyndilega stefnubreytingu í afstöðu sinni varðandi Írak. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði á fundinum 21. mars að „ekkert hefði áður komið fram sem hefði gefið ástæðu til að ætla að ríkisstjórnin myndi styðja hernaðaraðgerðir gegn Írak án undangenginnar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þvert á móti hefði mátt búast við gagnstæðri afstöðu ríkisstjórnarinnar,“ að því er segir í fundargerð.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON**
Á fundi utanríkismálanefndar 19. febrúar 2003 lýsti Halldór Ásgrímsson þeirri afdráttarlausu afstöðu ríkisstjórnarinnar að ef til aðgerða gegn Írak kæmi yrðu þær einungis gerðar með samþykki öryggisráðsins. Stjórnarandstaðan gagnrýndi Halldór á fundi nefndarinnar 21. mars 2003 fyrir að hafa tekið skyndilega stefnubreytingu í afstöðu sinni varðandi Írak.

Eiríkur Tómasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, var spurður að því hvort ráðherra hefði gerst brotlegur gegn lögum um ráðherraábyrgð yrði hann uppvís að því að hafa gefið þingnefnd vísvitandi rangar eða misvísandi upplýsingar. „Já, þá kann hann að hafa bakað sér ábyrgð samkvæmt þeim lögum,“ segir Eiríkur. „Og svo er náttúrlega pólitísk ábyrgð, en þá erum við komin út fyrir ramma laganna,“ segir hann.

Telji meirihluti alþingis að ráðherra hafi gerst brotlegur gegn lögum um ráðherraábyrgð getur hann höfðað mál á hendur ráðherra fyrir brot í starfi, að sögn Eiríks. „Þá fer málið fyrir landsdóm sem dæmir endanlega,“ segir Eiríkur. Engin fordæmi eru fyrir slíku á Íslandi.

Eiríkur telur þó að lögin um ráðherraábyrgð séu ekki nægilega skýr. „Hin lagalega ráðherraábyrgð er eitt af því sem þarf að skoða í tengslum við endurskoðun stjórnarskrárinnar,“ segir hann.

Hann bendir á að í kjölfar Watergate-hneykslisins á áttunda áratugnum hafi löndin í kringum okkur endurskoðað lög um ráðherraábyrgð og gert þau skýrari.

„Ef ráðherra verður staðinn að því að gefa þinginu eða þingnefnd rangar upplýsingar er ekki tekið beint á því í ráðherraábyrgðarlögunum eins og þau eru núna. Ég tel að þau eigi hins vegar að gera það. Það ætti ekki bara að vera ráðherra siðferðilega skylt að gefa réttar upplýsingar, heldur líka lagalega. Brot á því sé þá lögbrot og leiði til ábyrgðar,“ segir Eiríkur.

sda@frettabladid.is


# LAGERÚTSALA

*gott verð fyrir alla!*







**T-bolir 300 / Síðerma T-bolir 500 / Flíspeysur frá 500**
**Kuldagallar (Small) 1.000 / Samfestingar (Small) 1.000**
**Pólóbolir 700 / Skyrtur 1.000 / Jakkar frá 2.000**
**Svuntur fyrir mötuneyti 500 / Töskur / Húfur / Handklæði**
**Barna pólóbolir 500 / Barna joggingbuxur**

*Opið 9-17 virka daga og laugardaga 11-17*

*Erum í sama húsi og Tækniháskólinn, lagerhúsnæði að norðanverðu*

Tanni er auglýsingavöru fyrirtæki
Við bjóðum fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum meðal annars:
T-boli, pólóboli, háskólapeysur, flíspeysur, penna, reiknivélar, klukkur...
*allt með þínu merki.*

tanni auglýsingavörur
www.tanni.is


## UMMÆLI Á ALÞINGI



*„Þetta mál er eitthvert poppúlískasta mál sem hefur komið inn á þingið og hefur ekki neinn annan tilgang en að vekja athygli á flutningsmanni sjálfum.“*

Lúðvík Bergvinsson, þingmaður Samfylkingarinnar, á Alþingi 14. febrúar í umræðu um frumvarp Péturs Blöndals um að leggja niður forsetaembættið.

*„Það var nefnt í umræðunni áðan að í Bretlandi er engin stjórnarskrá og gengur bara þokkalega.*



*Það er spurning hvort það sé nokkur þörf fyrir stjórnarskrá yfirleitt.“*

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi við sama tækifæri.

*„Ég hef alltaf haft illan bifur á því að hér sé eitthvað fólk sem er eitthvað æðra öðru fólki.“*

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi við sama tækifæri.



*„Ef einhver hefur það hugmyndaflug að búa til forseta í ríki sem ekki hefði neitt stjórnskipulegt hlutverk þá ættum við að leggja hann með einhverjum hætti niður.“*

Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, á Alþingi við sama tækifæri.



*„Við þreytumst lítið á að monta okkur yfir því að við erum vagga lýðræðis. Maður stórefast um að innstæða sé fyrir því monti, virðulegur forseti, þegar við horfum upp á það að konum fækkaði hér í þinginu í síðustu kosningum.“*

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, á Alþingi 17. febrúar í umræðu um kosningarnar í Írak.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 9.09 | 13.42 | 18.15 |
| AKUREYRI | 9.00 | 13.26 | 17.53 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## bílar o.fl.

Ford Focus reynsluekinn

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

*Góðan dag!*

Í dag er laugardagurinn 19. febrúar, 50. dagur ársins 2005.

KRÍLIN




Smáauglýsingar á 995 kr. visir.is

**Smáauglýsingar**

*byrja í dag á bls. 4*

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þóra og Audi-inn sem hún segir vera langskemmtilegasta bíl sem hún hefur átt.

# Ánægð með 250 hestafla ljúflinginn

***Þóra Guðmundsdóttir er mjög hrifin af 250 hestafla Audi-bílnum sínum. Hún valdi skutbíl vegna hundsins sem er oft með í för.***

Þóra Guðmundsdóttir hefur átt marga bíla um ævina en ekur nú um á Audi Quattro Allroad skutbíl, árgerð 2004.

„Ég hef alltaf verið á Subaru, Hondu og Audi,“ segir Þóra. „Það voru trúarbrögð hjá mér að vera á Hondu þangað til ég datt niður á Audi-inn. Þetta er langskemmtilegasti bíll sem ég hef átt. Það er gott að keyra hann, hann er stöðugur, öruggur, þéttur og gefur manni trausta tilfinningu.“

Þóra var áður á framhjóladrifsbílum en vill í dag ekki sjá neitt nema fjórhjóladrif. „Til dæmis til að komast í bústaðinn. Bíllinn verður að komast leiðar sinnar. Svo er ég með hund svo ég verð að vera á skutbíl. Hann er með ágætis stúdíóíbúð þarna aftur í,“ segir Þóra.

Í bílnum er 2,7 lítra twin turbo V-6 mótor sem telur 250 hestöfl og skilar Þóru úr kyrrstöðu í 100 á rúmum 7 sekúndum. „Það er freistandi að kitla pinnann en maður verður að halda sig innan leyfilegra marka. Það er mjög skemmtilegt viðbragð í bílnum þó að hann sé sjálfskiptur,“ segir hún. Þá er hann búinn stillanlegri loftpúðafjöðrun, sem Þóra segir að hafi vegið þungt þegar hún ákvað að kaupa bílinn, enda skemmtilegur kostur þegar hún fer út á land.

Aðspurð hverju hún sækist eftir þegar hún velur bíl segir Þóra að sjálfskipting sé algjört frumskilyrði. „Svo vil ég að hann sé fjórhjóladrifinn og þægilegur. Þessi er til dæmis með marga stillimöguleika á sætunum sem ég kann mjög vel við. Þegar ég var að leita að bíl setti ég það sem skilyrði númer eitt, tvö og þrjú að það væri kaffibollahaldari í honum – að öðrum kosti liti ég ekki við honum,“ segir hún og hlær.

Það er í mörgu að snúast hjá Þóru þessa dagana því fyrir utan að sitja í stjórn Unicef, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, er hún að flytja inn stórtenórinn Placido Domingo. „Ég hlusta oft á hann í bílnum, enda eru hljómflutningstækin í honum alveg frábær, einir átta hátalarar. Þessi bíll er algjör ljúflingur,“ segir Þóra að lokum.

*einareli@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

*í bílum*



**Hyundai** frumsýndi nýjan hugmyndabíl í Chicago í liðinni viku. Bíllinn kallast Portic og er sex manna fjölskyldubíll. Tvær afar rúmgóðar þriggja sæta raðir eru í bílnum enda vellíðan fjölskyldunnar höfð að leiðarljósi. Sætin eru öll rafdrifin og í bílnum er þróað upplýsinga- og afþreyingarkerfi, DVD-kerfi og skjár fyrir leiðsögukerfi. Portico er kynntur með V6 vél og sex þrepa sjálfskiptingu. Hönnun bílsins gerir þó ráð fyrir dísilknúnum rafmótor sem verður tvískiptur, hvor hluti við sinn öxul. Portico verður því ekki einasta umhverfisvænn heldur líka með gott fjórhjóladrif.



**Bikarmót Reykjavíkur** í snjókrossi fer fram í Skálafelli í dag og hefst keppnishaldið klukkan 14. Keppnin stendur í tvær klukkustundir og kostar ekki krónu inn. Áhugasömum er líka frjálst að fylgjast með æfingum og undirbúningi fyrr um daginn. Keppt verður í þremur flokkum; unglingaflokki, sportflokki og meistaraflokki.

**Mitsubishi Colt** hefur upplýst að blæjubíll sé væntanlegur á markað. Þetta verður fyrsti Colt-blæjubíllinn og er samstarfsverkefni Mitsubishi og ítalska hönnunarfyrirtækisins Pininfarina. Blæjubíllinn hefur ekki hlotið nafn en líklegt má telja að framleiðsla hans hefjist snemma á næsta ári og fyrstu eintökin verði föl á vordögum sama ár.

*bilar@frettabladid.is*

HEITUSTU SAMSKIPTIN!

einkamal.is

Amerísk gæði í Garðabæ



Jeep Grand Cherokee 2005

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN.VERKSMIÐJUÁBYRGÐ





Chrysler 300 Verð frá kr. 3.990.000.-

Sýningarbíll á staðnum

- Eigum á lager nokkra Chrysler 300C
- Bíll ársins 2005 í USA.
- Hæsta einkunn í árekstrarprófum 5 stjörnur, samkvæmt EURONCAP

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801 - Smiðsbúð 2 - 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduðvinnubrögð

www.studiobilar.is

**Ryð**
Djúpa rispa í lakkinu á bílnum getur valdið ryðskemmdum. Loka þarf fyrir rispur sem fyrst og er jafnvel hægt að nota glært naglalakk til þess, þó best sé að fara með bílinn til fagmanns.



Réttingaverkstæði Jóa ehf
Dalvegi 16a • 201 Kópavogur • Sími 564 5255
Fax 564 5254 • rettjoa@rettjoa.is • www.rettjoa.is
BÍLAMÁLUN RÉTTINGAR

BIFREIÐASTILLINGIN
Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bila vegna hitavandamála?
Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni.
Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.
Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400

NÝJASTA ÆÐIÐ!
HVELLUR.com ... í einum grænum
G. Tómasson ehf • Smiðjuvegi 8, Kópavogi
• sími: 577 6400 • www.hvellur.com
• hvellur@hvellur.com

ALLT Á EINUM STAÐ
• Heilsársdekk • Nagladekk
• Olís smurstöð • Rafgeymaþjónusta
• Bón og þvottur • Bremsuklossar
• Hjólbarðaþjónusta • Pústþjónusta
SBD, Sætúni 4, sími 562 6066

ÚTSALA
AG Motor Sport
Allt á útsölu
Allt að 90% afsláttur
Kraftsíur, kraftpúst
Felgur, dekk
Lexusljós, Angel-eyes
Neonljós, LED perur
AG mótorsport • Klettháls 9
110 Reykjavík • s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
Hurðir til á lager
Eldvarnarhurðir
Smíðað eftir máli
Öryggishurðir
GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

Bílar & Sport
Áskriftarsími 588 7888
www.bilarogsport.is

REYNSLUAKSTUR



Ford Focus hefur alltaf verið auðþekkjanlegur á götu. Andlitslyftingin fylgir straumnum og gerir bílinn rennilegri en hann var áður.

# Nýjungar í Ford Focus

***Nýlega kynnti Brimborg nýjan Ford Focus. Í hann hefur verið bætt ýmsum búnaði sem ekki var í fyrirrennaranum, auk þess sem bíllinn hefur fengið andlitslyftingu, ekki síst að innan.***

Ford Focus hefur notið mikilla vinsælda frá því hann kom fyrst á markað fyrir um sex árum. Það er ekki að ástæðulausu því hér er á ferðinni einstaklega aðgengilegur og nýtilegur bíll, ekki síst fyrir fjölskyldufólk.

Það fyrsta sem vekur athygli þegar sest er inn í nýja Focusinn er þægileg og að hluta rafstýrð sætastilling. Sömuleiðis má stilla stýrið á handhægan hátt þannig að á augabragði getur nýr ökumaður komið sér fyrir eins og best er á kosið.

Mælaborðið allt, útvarp og miðstöð/loftkæling eru aðgengileg og með látlausu útliti. Innréttingarnar í bílnum eru raunar allar í látlausari kantinum en þó massífari og með vandaðra yfirbragði en í fyrirrennaranum.

Meðal þess sem vekur athygli í nýja Focusnum er ESP-stöðugleikastýrikerfið og spólvörnin, sem er viðbót miðað við eldri bílinn. Þetta eru eiginleikar sem auka mjög á öryggi og gera Focusinn að áhugaverðum kosti í sínum verð- og stærðarflokki. Upphituð sæti eru staðalbúnaður í Focusnum nema í Ambiente bílnum og er hægt að stilla hitastigið eftir smekk hvers og eins.

Reyndur var Trend-bíll, Wagon með 1,6 bensínvél. Bíllin var skemmtilegur og ágætlega krafmikill og sprækur. Rýmið í bílnum er gott, nóg pláss fyrir alla, bæði fram í og aftur í, og farangursrýmið bæði stórt og aðgengilegt.

Fjöldamargar útfærslur eru fáanlegar á Ford Focus, sjálfskiptar og beinskiptar, bensín og dísil. Verðið er frá 1.720.000 fyrir beinskiptan þriggja dyra Ambiente með 1,4 vél upp í 2.710.000 fyrir Titanium 2,0 TDCi fimm dyra dísilbíl sem er beinskiptur sex gíra.

*steinunn@frettabladid.is*









**FORD FOCUS**
**fæst í fimm útfærslum**

Ambiente
Trend
Sport
Ghia
Titanium



# Tvöföld frumsýning

***Brimborg kynnir um helgina tvo nýja Citroën, sportútgáfuna Citroën C4 Coupé og fjölskyldubílinn Citroën C4 Saloon.***

Báðir bílarnir hlutu hæstu einkunn sem gefin hefur verið í þessum flokki í árekstrarprófi EuroNCAP eða 35 stig. Þeir jöfnuðu þar með Ford Focus en skutu bílum eins og VW Golf (33 stig) og Toyota Corolla (28 stig) aftur fyrir sig.



Citroën er annar mest seldi franski bíllinn hérlendis og jókst salan um 45% í fyrra.

Citroën C4 er í boði á frábæru verði eða frá kr. 1.890.000 og er einstaklega vel búinn og má þar nefna ABS, 6 öryggispúða, geislaspilara, upphituð sæti og margt fleira. C4 Coupé er fáanlegur í VTS sportútgáfu með 180 hestafla vél og C4 Saloon er fáanlegur sjálfskiptur og með dísilvél.

Frá því Brimborg endurkynnti Citroën-merkið hér á landi í lok árs 2000 hefur stöðug aukning verið á sölu og er Citroën nú annað stærsta franska merkið hér á landi. Nálægt 1.000 Citroën-bílar hafa selst hér á landi og jókst salan í fyrra um 45%.

Opið verður alla helgina frá kl. 11-17 og er frumsýnt á þremur stöðum á landinu; í Reykjavík, á Akureyri og í Reykjanesbæ. Kaffi og kleinur fyrir alla. ■



## Nýr Golf GTI frumsýndur

HEKLA FRUMSÝNIR NÝJAN 200 HESTAFLA GOLF GTI.

Nýr Golf GTI verður til sýnis í húsakynnum bílaumboðsins Heklu í dag. Bíllinn er 200 hestafla og hefur hlotið mikið lof víða og verið verðlaunaður. Golfinn hefur verið í þróun í þrjátíu ár og bíllinn sem sýndur verður er nýjasta afurð fyrirtækisins. Volkswagen hitti á réttan streng þegar VW Golf var fyrst kynntur til sögunnar árið 1974. Bíllinn sló strax í gegn og hefur æ síðan verið mest seldi þýski bíllinn.

# Stílhrein útfærsla hjá BMW

***BMW X5 Shadowline nefnist ný jeppaútgáfa.***



B&L kynnir um þessar mundir X5 Shadowline, nýja útgáfu af X5 jeppanum frá BMW. Að sögn Karls Óskarssonar, sölustjóra BMW, er útgáfan áhugaverð fyrir það hvað hún byggir á stílhreinum útfærslum. „Þessi lína er svolítið minimalísk í sér ef svo má segja og býður til að mynda eingöngu upp á svartlitaða X5. Verðið er jafnframt verulega hagstætt eða 5.890 þúsund.“

Shadowline er með 3,0 lítra 231 hestafla vél og að sögn Karls með sama búnað og hefðbundin X5 útgáfa. „DSC-stöðugleikastýring með spól- og hallavörn og X-drive aldrifskerfið ber þar að sjálfsögðu hæst, en þessi búnaður hefur aldeilis sannað sig í vetrarófærðinni að undanförnu. Þá er Shadowline með leðurklætt sportstýrishjól, aðgerðastýri, skriðstilli og svo mætti lengi telja.“ ■

# Nýtt andlit Toyota

***Toyota TF-SX þykir marka nýja stefnu í útliti Toyota-bílanna.***

Með TF-SX hugmyndabílnum gæti opnast nýr kafli í sögu Toyota. Bíllinn verður hugsanlega fjöldaframleiddur eftir 2-3 ár og mun þá marka nýja stefnu í útliti Toyota-bíla. Framendinn, sem hefur verið kallaður „T-andlit“, mun gefa tóninn fyrir hönnun komandi ára og þó að honum svipi eilítið til nýja Ford Fusion er hér um gríðarlegt stökk fyrir Toyota að ræða.

Bíllinn skartar einnig nýjungum á afturendanum. Þegar farangursrýmið er opnað rennur hluti glerþaksins fram og auðveldar aðgengi. Sé neðri hluti afturlúgunnar opnaður rennur gólf farangursrýmisins aftur og auðveldar þannig hleðslu og afhleðslu.

Af öðrum útbúnaði er helst að nefna 21 tommu hjól, fjórhjóladrif og kraftmikla V-6 vél. ■





## Áfram veginn

**Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar**

## Brjálaðir Íslendingar

Í árlegri júlíferð okkar félaganna í Þórsmörk er til siðs að keyra upp á Fimmvörðuháls frá Skógum. Í fyrrasumar hittist þannig á að veðrið var sérlega vont og ekkert að sjá, nema bakpokaferðalang sem fauk fram og til baka fyrir augum okkar. Við ákváðum að stöðva bílinn og bjóða viðkomandi far, enda ekkert vit í að leggja gangandi á hálsinn í þessu veðri.

Ferðalangurinn reyndist norsk stúlka sem þáði fegin far í Mörkina, enda orðin þreytt. Á leiðinni niður stórgrýttan malarveginn spurði hún hvort það væri virkilega talið eðlilegt að keyra á svona vegum. Já, við héldum það, eða okkur fannst það að minnsta kosti sjálfum. Hún virtist vantrúuð en lagði þó ekki í að rengja okkur.

„Ég fór ekki að koma þangað reglulega fyrr en 1985, svo blómaskeiðið var á enda runnið, en vinir mínir úr menntaskóla höfðu búið þar með annan fótinn og áttu marga hetjusöguna og ógurlega góðar minningar frá skiptistöðinni. Sjálfur man ég vel eftir Magnúsi Skarphéðinssyni keyrandi Kópavogsstrætó og þeim strætóstjóra sem kallaður var Hitler en gekk líka undir nafninu nasistinn. Útlit hans fittaði mjög vel við nafngiftina, en hann var í því að veiða upp peninga þegar menn reyndu að svindla sér í strætó með rifnum, upprúlluðum tíkallsseðli; kominn með greiðuna á loft til að veiða upp seðilinn og hanka menn. Maður komst ekki upp með mikið hjá honum. Það var svo fyrir neðan mína virðingu að þvælast í göngunum enda kominn á menntaskólaaldurinn. Þeir sem þar héldu til voru aðallega pönkarar og göngin ansi glæpamannsleg í útliti, en ég man ekki eftir að hafa mætt öðru en gömlum konum þar niðri.“



## Hugvekjandi ófögnuður

Margir voru nefndir sem fastagestir á Skiptistöðinni; þar á meðal sagðar frægðarsögur af Fræbblunum, en Valgarður Guðjónsson, söngvari Fræbbblanna, segir þá félaga hafa lítið haldið til í göngunum, en liðið í kringum þá þeim mun meira. Sama segir Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðar- og viðskiptaráðherra, en rámar í að bróðir sinn, Árni Magnússon félagsmálaráðherra, hafi átt sínar stundir þar sem unglingur í Kópavogi. „Sjálfur missti ég alveg af þessu ævintýri, en rölti þar margsinnis í gegn til að taka strætó. Hugsaði oft um skáldsögu Leós Löve um rán í Útvegsbankanum þar sem Skiptistöðin kom við sögu og fannst skemmtileg pæling.“

Þá skrifaði leikskáldið Valgeir Skagfjörð leikritið Skiptistöðina; um ungt fólk í helgreipum eiturlyfja á Skiptistöðinni í Kópavogi. Hann segist feginn að kveikt hafi verið í stöðinni.

„Mér finnst fínt að þessi ófögnuður hafi orðið eldinum að bráð, enda lýti á ásýnd Kópavogs frá upphafi. Skiptistöðin og undirgöngin eru nöturlegt umhverfi og þóttu tilvalinn bakgrunnur fyrir söguna þar sem krakkar hefðu auðveldlega getað lokast inni. Þetta var mikill hangistaður þar sem unglingar sniffuðu lím og reyktu hass. Langt í frá hollt umhverfi ungu fólki.“

Til stóð að Leikfélag Kópavogs sýndi unglingaleikrit Valgeirs, Skítt með það, ofan í neðanjarðargöngunum.

„En það varð aldrei neitt úr því. Það hefði orðið of mikil þröng og óvistlegt fyrir áhorfendur, auk þess að vera óhentugt út frá eldvarnarsjónarmiðum. Umgjörðin var spennandi, flott graffití á veggjunum, en um þetta náðist ekki samstaða, enda ekki góð meðmæli fyrir yfirstjórn bæjarmála að hafa þetta svona og viðkvæmt mál á þeim tíma.“

## Friður og spekt

Nú um helgina verða rústir Skiptistöðvarinnar rifnar. Á dagskránni hafði verið að rífa hana til grunna.



„Undanfarin ár hefur verið friður um Skiptistöðina og umgengni í góðu lagi; krakkarnir gengu í lið með okkur að hafa aðstöðuna eins snyrtilega og á var kosið. Veggir ganganna eru löngu fullspreyjaðir og fyrir verkum annarra bera krakkarnir virðingu,“ segir Þórhallur P. Halldórsson deildarstjóri hjá Strætó sem tók við skýlinu eftir að Kópavogsvagnar sameinuðust SVR.

Undirgöngin og Skiptistöðin voru reist í kringum 1970, um leið og Kópavogsbær gróf í gegnum hæðina og úr varð Gjáin. „Þetta var mikið mannvirki og alltaf ráðgert að byggja skiptistöð strætisvagna yfir Gjána, eins og nú er verið að gera þrjátíu árum seinna. Skiptistöðin var því til bráðabirgða. Undir þeim eru löng krossgöng sem nú verða opnuð í báða enda, svo menn koma út og upp undir bert loft,“ segir Steingrímur Hauksson, deildarstjóri hönnunardeildar hjá Kópavogsbæ, sáttur við málalok enda Skiptistöðin verið vandræðalaus í meira en áratug.

thordis@frettabladid.is

ÁHRIFAVALDURINN | ÁSDÍS MERCEDES SPANÓ LISTAKONA

# Náttúrusýn Richards Long


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ÁSTA MERCEDES SPANÓ** Augu hennar opnuðust er hún kynntist Long.

Þegar kemur að myndlistinni hefur einn maður framar öðrum verið mestur áhrifavalda, en það er breski samtímalistamaðurinn Richard Long, sem hingað hefur komið margoft og haldið sýningar, bæði í listasöfnum sem og í íslenskri hálendisnáttúru. Ég kynntist Richard fyrst í myndlistarnáminu og skemmst er frá því að segja að hann opnaði augu mín á nýjan hátt; ég fór að skoða umhverfið í kringum mig, bæði sveit og borg, á þann hátt að sjá fegurð í einföldu yfirborði míns nánasta umhverfis. Richard er mikill göngugarpur; alltaf með gönguskóna sína handhæga og hefur labbað um allan heiminn, enda mikill náttúrusinni, sem mér finnst svo heillandi. Hann gerir flest listaverk sín í náttúrunni, en vegna þeirrar áhrifamiklu listsmíðar fór ég að vinna meira með náttúruna í verkum mínum, sem er afrakstur breyttrar sýnar þegar kemur að því sem ég vil kalla fram í myndlistinni. Richard vinnur mikið með yfirborðið; jarðveg, steina og mosa sem hann finnur á gönguferðum sínum; raðar saman og veltir til; en náttúran öll er list í sjálfu sér þar sem maður getur unnið sín listaverk undir berum himni í stað þess að draga þau inn í gallerí.

Vegna nálgunar Richards Long fór ég að horfa á það einfalda í kringum mig en áhrifa hans gætir í flestu sem ég geri á sviði listarinnar í dag.

Þess má geta að Ásdís Mercedes Spanó tekur þátt í samsýningunni Tvívíddvídd í Nýlistasafninu, en sýningin stendur til 6. mars.



**RICHARD LONG** Einn þekktasti listamaður samtíðar á sviði náttúrulistar, en Richard hefur nokkrum sinnum gert listaverk á hálendi Íslands, sem og inni í sýningarsölum landsins.


## AÐALFUNDUR BURÐARÁSS HF.

VERÐUR HALDINN Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK FÖSTUDAGINN 4. MARS 2005 OG HEFST HANN KL. 14.00.

**Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:**

1. Aðalfundarstörf skv. 14. gr. samþykkta félagsins.
2. Tillaga um heimild stjórnar félagsins til að kaupa hluti í félaginu skv. 55. gr. hlutafélagalaga.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Framboð til stjórnar skulu vera komin skriflega í hendur stjórnar eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningar félagsins ásamt skýrslu endurskoðenda munu liggja frammi á skrifstofu Burðaráss, Sigtúni 42, viku fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast þær á vefsíðu félagsins, www.burdaras.is.

Fundargögn verða afhent hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 13.00.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

BURÐARÁS

Burðarás • Sigtúni 42 • 105 Reykjavík • Sími 578 7800 • www.burdaras.is





Hríslandi reimt

KVIKMYNDASKÓLI ÍSLANDS

Djúpt niðri í jörðinni, nálægt Augastöðum í Vestur Húnavatnssýslu leynist kraftur.

Hvað gerist þegar aðkomumaður birtist í sveitinni?

**Má bjóða þér að koma með í ferð?**

## Útskrift nemenda af kvikmyndabraut

Útskrift nemenda af kvikmyndabraut Kvikmyndaskóla Íslands fer fram í dag í Bæjarbíói, Hafnarfirði kl. 18:00.

:: - FALLEGASTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS - ::

Sýndar verða lokamyndir nemenda við athöfnina, samtals um 70 mínútur.

- Öllum heimill aðgangur á meðan húsrúm leyfir -

cinq.is s.55 22 557

Heimildarmynd

**Valdi**

Heimildarmynd um baráttu og ákveðni manns til að eiga samskipti við annað fólk, þrátt fyrir ýmis konar hindranir.

Ása Björg Ingimarsdóttir
Sérsvið: Framleiðandi, klippari

Myndmálstilraunir

**Fúdids slott**

*Blóð á reiðum höndum,* lítið myndband sem tekið er upp á DV, Betu og 16mm.

*Manndýr,* innlit í frumskóginn og vatnsgusa á Níl.

*Hugarástand,* showreal en samt ekki. Kaðall samofinn úr minningum leikstjóra augnkrikalítils drengs og fagurra tóna.

Brjánn Árnason
Sérsvið: Leikstjóri, hugmyndasmiður

Leikin stuttmynd

**Atómbarnið**

Þeir sem að sögðu að peningar gætu ekki keypt hamingju ættu að sjá á mér andlitið núna.
En hver sagði að ég væri ekki að reyna að vera kaldhæðinn. Fylgstu með mér þegar að ég er ekki að stilla mér upp.

Davíð Eldur Baldursson
Sérsvið: Leikstjóri, framleiðandi

Tónlistarmyndband

**Triumph af a Heart**

Litríkt og fjölbreytt tónlistarmyndband við lag Bjarkar, Triumph of a Heart. Reynt er að gleyma erfiðleikum lífsins og færa þá yfir á léttari nótur. Í takt við lagið.

Steingrímur G.
Sérsvið: Tónlistarmyndbönd, klippari

Heimildarmynd

**Draumar og fyrirboðar**

Heimildarmynd um drauma, fyrirboða og ævintýralega reynslu gamals manns af slíkum atburðum og upplifunum.

Hermann Sverrisson
Sérsvið: Kvikmyndataka, hljóð

Innsetning

**Eada Brila**

Uppvakningur í neyslusamfélaginu. Lifir hugsunarlaust og lætur stjórnast af fyrirfram stöðluðum ákvæðum markaðshyggjunnar.

**Ekki fyrir börn.**

Ósk Gunnlaugsdóttir
Sérsvið: Leikstjóri, myndlist

Leikin stuttmynd

**EinnSex**

Vinnudagur sem Kiddi taldi að yrði stuttur og auðveldur, verður hið mesta mál þar sem vinnufélagar hans eru þunnir og kærulausir.

Sigurður Ásgeirsson
Sérsvið: Leikstjóri, handritshöfundur

Kvikmyndaskóli Íslands | Laugavegi 176 | 105 Reykjavík | Sími: 533 3309 | kvikmyndaskoli.is

Sumar Plús 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!



Netverðdæmi

Costa del Sol
Verð frá 47.066 kr.*
á Santa Clara í 7 nætur.
57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krít
Verð frá 49.400 kr.*
á Skala í 7 nætur.
60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal
Verð frá 39.500 kr.*
á Elimar í 7 nætur.
54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca
Verð frá 38.730 kr.*
47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm
Verð frá 34.230 kr.*
á Halley í 7 nætur.
46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókunarafsláttur og flugvallarskattar.

EUROCARD MasterCard VISA

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

# Áfram Faulstadt!

## Sjónvarpsþættirnir um Latabæ, eftir Magnús Scheving, virðast vera að slá í gegn út um allan heim.

Þættirnir voru frumsýndir í Kanada fyrir skömmu og brátt líður að því að þeir verði sýndir í löndum Suður-Ameríku. Þá hafa portúgalskar og spænskar sjónvarpsstöðvar keypt sýningarréttinn á þáttunum og sömu sögu eru að segja af þýsku sjónvarpsstöðinni RTL Super.

Latabæjarþættirnir verða líklega teknir til sýningar í Þýskalandi nú í haust en stöðin sýnir barnaefni fjórtán tíma á dag. Stöðin mun einnig koma að sölu og þróun á vörum tengdum Latabæ.

Fréttablaðið hefur velt þessu máli fyrir sér og setur hér fram hugmyndir um leikara og nöfn sem mætti notast við þegar þáttunum verður snarað yfir á þýsku. Því er ekki úr vegi að byrja á byrjuninni, það er þáttanafninu sjálfu, sem í stað hins enska heits Lazytown fær nafnið Faulstadt.

Í Faulstadt búa að sjálfsögðu sömu persónur og voru í upphaflega leikritinu eftir Magnús: Nenni níski, Solla stirða, Halla hrekkjusvín, Maggi mjói, Bæjarstjórinn, Stína símalína, Lolli lögga, Glanni glæpur og Siggi sæti að Íþróttaálfinum ógleymdum.

Fáir eru betur til þess fallnir að túlka íþróttaálfinn en austurríski ríkisstjórinn Arnold Schwarzenegger sem hefur margoft unnið titilinn Herra alheimur. Arnold er álíka vel vaxinn og Íþróttaálfurinn og þarf í raun bara að setja upp húfuna og safna örmjóu yfirvaraskeggi til að líkjast hinum upprunalega íþróttaálfi.



**SILKE STOCKSTEIF** Hin gullfallega Claudia Schiffer ljáir Sollu stirðu rödd sína. Solla stirða sprangaði um leiksvið Latabæjar í Loftkastalanum í aðskornum bleikum nærbuxum og teygði sig á alla kanta. Illar tungur héldu því fram að hlutverk hennar væri því fyrst og fremst að laða fjölskyldufeður í leikhúsið en hvað sem öllum slíkum vangaveltum líður er engum blöðum um það að fletta að Claudia er rétta konan í hlutverkið á þýsku. Hún er vissulega góð í leikfimi og vön sviðsljósinu auk þess sem hún hefur með hegðun sinni og framkomu á almannafæri þótt góð fyrirmynd. rétt eins og Solla stirða.

Hinn heimfrægi leikari Otto Waalkes, sem túlkaði sjálfan Otto í samnefndum myndum, færi með hlutverk Nenna níska enda keimlíkar persónur sem hoppa um í sakleysi sínu teljandi mörk og peninga.

Sjálfur David Hasselhoff fær að leika Sigga sæta sem er almennt veikari fyrir sælgæti en gengur og gerist hjá venjulegu fólki. Hasselhoff sló í gegn í þáttunum um Strandverði en færri vita að hann þykir einnig liðtækur söngvari. Stærsti aðdáendahópur hans þegar tónlistin er annarsvegar er einmitt í Þýskalandi.

Hinn fallega Solla stirða, sem Selma Björnsdóttir og Linda Ásgeirsdóttir hafa meðal annars leikið, verður talsett af ofurfyrirsætunni Claudiu Schiffer. Hið bleika hár fer Claudiu afar vel og ljóst er að hún mun einnig bera bleika búninginn vel.

Túlkun bæjarstjórans yrði í höndum Helmuts Kohl, fyrrverandi kanslara, en þeir eiga meira en vaxtarlagið sameiginlegt. Pönkdrottningin Nina Hagen færi með hlutverk Höllu hrekkjusvíns og lögreglustjórann myndi sjálfur Horst Tappert túlka af sinni alkunnu snilld enda fáir lögregluþjónar sem hafa notið jafn mikilla vinsælda hér á landi og Derrick. Þá yrði Fritz Wepper, sem lék Harry Klein samstarfsmann Derricks, í hlutverki Glanna glæps en það má segja að hann sigli undir fölsku flaggi, rétt eins og Glanni glæpur, en hann var handtekinn með eiturlyf í fórum sínum þegar hann var á hátindi sjónvarpsfrægðar sinnar. Það var auðvitað mikið áfall þegar þessi kynþokkafulli, lágvaxni maður sem heimsbyggðin þekkti sem samviskusama lögreglu reyndist vera eiturlyfjafíkill. Áfallið hefur vart verið minna en þegar Glanni glæpur felldi grímuna. ■



**SPORTACUS** Arnold Scwharzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, gæti hæglega leiklesið Íþróttaálfinn. Þetta austurríska vöðvatröll var brautryðjandi í vaxtarrækt á sínum tíma og gæti með vörpulegu atgervi sínu hafa blásið ungum Magnúsi Scheving líkamsræktaranda í brjóst. Arnold komst á árum áður í Heimsmetabók Guinness fyrir fullkomna líkamsbyggingu og er því heppileg fyrirmynd þýskra barna sem vilja hrista af sér setuspikið sem safnast á þá sem sitja tímunum saman yfir tölvum og sjónvarpi. Þá var Arnold einu sinni heilsufars- og leikfimiráðgjafi ríkisstjórnar Bush eldri í Bandaríkjunum og gegndi því svipuðu hlutverki og Íþróttaálfurinn hefur gert hér á landi með því að skóla íslenskan æskulýð til í hreyfingu og mataræði.

**Íbúar Latabæjar á íslensku og tillögur að þýskum nöfnum:**

- Solla stirða – Silke Stocksteif
- Glanni glæpur – Kornelius Kriminal
- Siggi sæti – Siegfried Zuckerbrot
- Nenni níski – Gustav Geizig
- Halla hrekkjusvín – Steffi Störenfried
- Stína símalína – Tanja Telefon
- Íþróttaálfurinn – Sportacus
- Maggi mjói – Moritz Mager
- Lolli lögga – Peter Polizei
- Bæjarstjórinn – Der Bürgermeister



**Siegfried Zuckerbrot** Sigga sæta leikur hinn bandaríski David Hasselhoff en hann hefur slegið hressilega í gegn í Þýskalandi með tónlist sinni sem hann hefur unnið með þýskum lagahöfundi. Hasselhof er elskaður og dáður í Þýskalandi og því kjörinn í hlutverk Sigga sæta sem er veikur fyrir og berst við sykurfíkn sína á hverjum degi. Hasselhof hefur sjálfur þurft að berjast fyrir því að halda línunum í lagi frá því að hann hætti að skokka um sólarstrendur á eftir Pamelu Anderson í Baywatch og hefur þar fyrir utan farið halloka í glímu sinni við brennivínsfíkn sína þannig að hann getur ekki orðið annað en sannfærandi þegar hann grætur undan átlöngun sinni, Siegfrieds Zuckerbrot, í Súpermann-búningi með bumbuna út í loftið.



**DER BÜRGERMEISTER** Bæjarstjórann leikur enginn annar en Helmut Kohl. Kohl hefur allt sem þarf til að prýða Bæjarstjóra Latabæjar. Báðir eru þéttir á velli og geta verið fastir fyrir ef svo ber undir en báðir eru einnig breyskir og þeim er hætt við að falla í freistni. Þeir eru þó báðir bestu skinn og geta með góðri hjálp haldið illfyglum á borð við Glanna glæp og Kornelius Kriminal í skefjum.

GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU: EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR

# Býr í draumahúsinu

**Eva María Jónsdóttir** dagskrárgerðarkona bjó meðal annars í eitt ár í París þar sem fyrstu þrír mánuðirnir fóru í að gráta og leita að íbúð.

**Laugarásvegur, Reykjavík, 1971 til 1972**

Foreldrar mínir voru það ungir þegar þeir eignuðust mig, að þau bjuggu enn í foreldrahúsum. Eftir að ég fæddist, urðu þau því að finna sér nýjan stað sem gæti rúmað þessa nýju fjölskyldu.

**Rauðalækur, Reykjavík, 1972 til 1978**

Það var greinilega mjög nauðsynlegt fyrir mig að flytjast á Rauðalæk, því ég kynntist þarna einni af mínum bestu vinkonum, Mörtu Nordal, sem ég á að enn þann dag í dag. Hún var þriggja ára og ég tveggja ára. Hún átti ekki heima í þessu hverfi heldur var tímabundið í pössun í götunni þannig að það var algjörlega tilviljunum háð að við kynntumst og urðum svona góðar vinkonur.

**Úthlíð, Reykjavík 1978 til 87**

Úthlíðin er æskugatan mín og þarna fór ég út að leika mér og eignaðist til viðbótar tvær góðar vinkonur, sem eru það enn í dag, Ilmi Stefánsdóttur og Nönnu Hlíf Ingvadóttur. Þetta var „einu krónu,vink vink“ gatan mín, heill ævintýraheimur og gömlu kellingarnar alltaf að koma út á svalir til þess að skammast í okkur. Við hjóluðum líka mikið og þá þótti aðalsportið að sleppa höndum. Reyndar var allt reynt til þess að gera hlutina meira spennandi.

Sjónvarpið var á þessum tíma byrjað að sýna náttúrulífsmyndir á daginn, en ég hneykslaðist alltaf mjög mikið á þeim krökkum sem stungu sér inn til þess að horfa á þær. Sjálf stalst ég reyndar inn á miðvikudögum og horfði þá á teiknimyndirnar um Bleika pardusinn sem mér fannst mjög fyndnar.

**Chancellor Drive, Winnipeg, Manitoba 1987 til 1988**

Ég bjó hjá systur pabba og manninum hennar í Kanada og var eitt ár í menntaskóla. Ég man eftir því að það var alveg rosalega öfgafullt veður. Á sumrin var alveg rosalega heitt, sem var ágætis tilbreyting frá Íslandi. Þegar svo bar undir gekk ég um á næstum því nærfötunum, stuttbuxum og ermalausum bol. Veturinn var hins vegar það kaldur, að það var nauðsynlegt að vera með snýtipappír innan á treflinum til þess að þurrka burt horið. Annars hefði það frosið fast við andlitið.

Ég man eftir því að einhverju sinni vorum við nokkrar stelpur að keyra um í blæjubíl og syngja *The Joker* með Steve Miller Band, og mér leið eins og ég væri stödd í bandarísku menntaskólamyndinni *Ferris Bueller's Day Off*. Ég komst svo auðvitað að því, að kvikmyndir endurspegla raunveruleikann.

Þetta var gelgju- og djammtímabil sem í minningunni var alveg rosalega skemmtilegur tími.

**Blómvangur, Mosfellsbær, 1988 til 1992**

Þetta var lögbýli sem stóð við götu sem hafði ekki enn þá fengið nafn. Ég minnist þess sem aðallega tíma innilokunar, vegna þess að ég var byrjuð í menntaskóla og ef ég hafði ekki bíl, þá þurfti ég að hafa mjög stóra tösku sem varð að rúma allt það sem ég þurfti að nota yfir daginn og fara með rútu. En þetta var ekki eingöngu slæmur tími. Ég kynntist meðal annars heimamenningunni, mála veggi og byrja að elda í stað þess að borða sjoppufæði. Ganga á fjöll, sem voru þarna í næsta nágrenni og virkja náttúrubarnið í sjálfri mér.

**Rue Lamarc, París 1992 til 1993**

Þarna bjó ég í Montmartre-hverfinu og lærði franskar bókmenntir í háskólanum í eitt ár. Þetta var mjög geggjaður tími og annars konar gelgja en sú sem hafði verið í Kanada. Ég var reyndar grátandi fyrstu þrjá mánuðina, þekkti engan og mér gekk ekkert að finna íbúð. Þessi íbúð á Rue Lamarc var því algjör himnasending. Mér virtist sem öll húsin væru eins í París, fimm hæða há og allar með svalir.

Á móti mér bjó mjög skemmtilegur náungi, samkynhneigður Frakki, sem ég átti í svalasambandi við. Hann átti það til að sprauta með vatnsbyssu í gegnum gluggann hjá mér á gestina sem ég var með í kvöldmat. Svo kom hann upp til okkar og drakk hvítvín á svölunum.

Ég var svo heppin að hafa verið í frönsku í menntaskóla, auk þess að ég var í fjögurra mánaða kaþólskum tungumálaskóla í Lyon, þannig að það tókst að komast inn í málið þótt það hefði auðvitað verið mjög erfitt til að byrja með.

**Ásvallagata, Reykjavík 1993 til 1995**

Þarna bjó ég á meðan ég var í háskólanum hérna heima og kynntist manninum mínum, Óskari Jónassyni og hætti að reykja, en ég hafði vanið mig á þann ósið þegar ég var í París en þá eingöngu til þess að kynnast fólki.

Ég var því að verða 25 ára þegar ég loksins fluttist úr foreldrahúsum, formlega, sem þykir væntanlega bara gamaldags núna.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EVA MARÍA JÓNSDÓTTIR Á ÆSKUGÖTUNNI ÚTHLÍÐ** Ég kynntist tveimur af mínum bestu vinkonum hérna.

**Smiðjustígur, Reykjavík 1995 til 1996**

Ég myndi nú ekki kalla þetta heimilið mitt heldur var þetta fyrst og fremst piparsveinaíbúðin hans Óskars. Ég þreif aldrei þarna og því má kannski með réttu kalla þetta *hang out* staðinn minn. Ég var reyndar með tannburstann minn þarna en engin föt og gekk því iðulega í fötunum og skónum hans, sem voru alltof stór á mig.

**Kárastígur, Reykjavík, 1996 til 2004**

Við áttum þarna okkar hveitibrauðsdaga og vorum með gríðarlega gott útsýni yfir flóann, Snæfellsjökul, Keili og Bláfjöll. En þegar börnin voru orðin tvö, þá þurftum við að fara niður á jörðina, enda leiðigjarnt til lengdar að bera börnin og innkaupapokana upp tröppurnar.

**Bjarnarstígur, Reykjavík, 2004 -**

Núna búum við sem sagt enn þá í Stígahverfinu og kunnum mjög vel við okkur hérna. Ég verð að viðurkenna, að þetta er draumahúsið, því við horfðum á þetta hús allan þann tíma sem við bjuggum á Kárastígnum og létum okkur dreyma um að búa þarna. Á hverjum einasta degi þakka ég fyrir að þessi draumur skyldi rætast.

Þetta er kannski ekki barnvænt hverfi, en inniheldur mjög fjölbreytt mannlíf. Í húsunum við götuna býr fólk sem er frá því að vera erlendur auðkýfingur til alíslensks hassræktanda sem notar lyktsterkan þörungaráburð sem veitir honum þó enga vörn gegn löggunni.

BREYTTUR HEIMUR



**HANNIBAL LECTER**
Át aðrar manneskjur ekki einungis til að seðja hungrið, heldur einnig til að öðlast vald.

Mannát á sér langa sögu

## Hvorki af illsku né neyð

Upphaf mannáts er hvorki tengt neyð né illsku, heldur í langflestum tilvikum nátengt helgiathöfnum sem áttu að hafa áhrif á mennina, auka vald eða breyta eðli þeirra. Það er einungis samfélagið sem hefur þjálfað okkur í að bjóða við mannáti og líta á það sem svik við okkar eigin tegund.

Elstu menjar þess að borða aðra manneskju eru allt að fimm hundruð þúsund ára gamlar, en veislugestir í hellinum Zhoukoudian í Kína átu merginn úr beinunum með því að kljúfa þau og vísbendingar þykja benda til þess að heilinn hafi einnig verið étinn.

Orokavaia – fólkið á Papa Nýju Gíneu át fallna stríðsmenn, til þess að fanga anda þeirra og Gimi – konurnar í Nýju Gíneu, átu látna karlmenn til þess að varðveita frjósemina. Hua-fólkið á sömu slóðum, át hina dánu til þess að varðveita Nu – lífsvessana, sem ekki var hægt að endurnýja. Mannát í stríði var líka oft táknræn athöfn, sem merki um sigur.

Það er því sama hversu fjarlæg þessi athöfn er fyrir nútímamanninn, mannát var fyrst og fremst vel ígrunduð hugmynd framkvæmd af hugsandi mannverum.

**Byggt á bókinni Hugmyndir sem breyttu heiminum sem kom nýverið út hjá Eddu.**



**sport**
sport@frettabladid.is

**Við hrósum...**

... Valsmönnum fyrir að hafa tryggt sér Reykjavíkurmeistaratitilinn í fótbolta og mætt í úrslitaleikinn gegn Íslandsmeisturunum fullir sjálfstrausts og í sóknarhug. Það eru greinilega breyttir tímar á Hlíðarenda.



*„Ég held ég geti samt sagt það blákalt að ég hafi ekkert verið að meika það. Ég tók ekkert Stuðmannahopp.“*

***Handboltaþjálfarinn Aðalsteinn Eyjólfsson hefur ekki tapað húmornum þótt hann hafi ekki fengið greidd laun svo mánuðum skiptir.***



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*1. deild karla*

**FH–FRAM 23–24**
**FH:** Guðmundur Pedersen 8, Arnar Pétursson 4, Hjörtur Hinriksson 4, Hjörleifur Þórðarson 2, Brynjar Geirsson 2, Valur Arnarson 2, Jón Helgi Jónsson 1.
**Fram:** Guðjón Drengsson 8, Hjálmar Vilhjálmsson 5, Jón Björgvin Pétursson 4, Ingólfur Axelsson 3, Þorri Björn Gunnarsson 2, Arnar Sæþórsson 2, Stefán Baldvin Stefánsson 1.

**SELFOSS–STJARNAN 29–29**
**Mörk Selfoss:** Ramunas Mikalonis 7, Atli Kristinsson 6, Haraldur Þorvarðarson 5, Hörður Bjarnason 3, Ramunas Kalendauskas 3, Andri Kristjánsson 2, Jón Þór Þorvarðarson 2, Jón Einar Pétursson 1.

**Mörk Stjörnunnar:** Kristján Kristjánsson 8, Þórólfur Nielsen 6, Arnar Theodórsson 4, Hermann Björnsson 4, Vilhelm Sigurðsson 3, Björn Óli Guðmundsson 2, Gunnlaugur Garðarsson 1, Davíð Ketilsson 1.
***Tveir leikmenn, einn Selfyssingur og einn Stjörnumaður, fengu krossinn undir lok leiksins og einn leikmaður Selfoss hafði fengið rautt spjald fyrr í leiknum.***

**GRÓTTA/KR–AFTURELDING 27–25**
**Mörk Gróttu/KR:** Kristinn Björgúlfsson 10/5, Daníel Berg Grétarsson 5, Kristján Geir Þorsteinsson 3, Hörður Gylfason 3, David Kekelia 3, Brynjar Hreinsson 1, Kormákur Friðriksson 1, Daði Hafþórsson 1.
**Mörk Aftureldingar:** Ernir Hrafn Arnarson 10, Hrafn Ingvarsson 5, Magnús Einarsson 3, Vladislav Troufan 3, Einar Ingi Hrafnsson 2, Jens Ingvarsson 1, Ásgeir Jónsson 1.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 5 | 4 | 0 | 1 | 139–119 | 8 |
| **FRAM** | **5** | **3** | **0** | **2** | **128–125** | **6** |
| GRÓTTA/KR | 5 | 3 | 0 | 2 | 126–127 | 6 |
| **AFTURELDING** | **5** | **2** | **0** | **3** | **143–140** | **4** |
| SELFOSS | 5 | 1 | 1 | 3 | 138–149 | 3 |
| **STJARNAN** | **5** | **1** | **1** | **3** | **128–142** | **3** |

# Var ekki að meika það

**Handboltaþjálfarinn Aðalsteinn Eyjólfsson er á leið heim eftir viðburðaríkt ár í Þýskalandi þar sem félag hans, TuS Weibern, er að fara á hausinn og enginn hefur fengið laun í marga mánuði. Hann tekur við kvennaliði FH næsta vetur.**

**HANDBOLTI** Aðalsteinn náði frábærum árangri með kvennalið ÍBV síðasta vetur. Gerði liðið að Íslandsmeisturum og komst einnig í undanúrslit í Evrópukeppni. Þessi frábæri árangur opnaði dyrnar fyrir hann í Þýskalandi og úr varð að hann tók við liði Weibern sem kemur frá 1500 manna smábæ.

Lífið í Þýskalandi hefur ekki verið neinn dans á rósum. Weibern er búið að verma botnsæti deildarinnar í allan vetur og lítið annað en fall blasir við liðinu. Jafnvel þótt liðið haldi sæti sínu þá mun það líklega verða dæmt niður sökum fjárhagsvandræða.

„Það er frekar erfitt ástandið hérna. Það hefur enginn fengið laun í tæpa þrjá mánuði og á þriðjudag skýrist hvort félagið verði keyrt í gjaldþrot. Staðan er ekki góð og félagið vantar rúmar fimm milljónir króna til þess að klára tímabilið,“ sagði Aðalsteinn og bætti við að félagið ætli sér niður þar sem það hefur hreinlega ekki efni á því að spila í úrvalsdeildinni.

Aðalsteinn hefur sett félaginu afarkosti. Annað hvort greiði það honum það sem hann á inni fyrir 26. febrúar eða hann fer heim með fyrstu vél. „Mér finnst miður að þurfa að gera þetta því mig langar mikið til þess að klára tímabilið. En á móti kemur að maður lifir ekki á loftinu einu saman. Sem betur fer átti ég varasjóð en hann fer að tæmast,“ sagði Aðalsteinn sem er með frekar þunnskipaðan hóp þar sem stjórn félagsins hefur rekið þrjá leikmenn frá félaginu. Eftir standa ellefu stelpur og vinna Aðalsteins því mjög erfið. Þrátt fyrir alla erfiðleikana sér hann ekki eftir því að hafa farið út.

„Þetta er eitthvað sem mig hafði alltaf langað að prófa og ég lagði allt undir. Eftir að hafa kynnst þessu umhverfi þar sem annað hvert félag er í fjárhagsvandræðum þá hef ég hvorki löngun né vilja til þess að vera hér áfram. Það er ekki gott að lifa í umhverfi þar sem er stanslaus óvissa með laun. Þetta er engu að síður búin að vera fín reynsla sem ég hefði ekki viljað missa af. Ég held ég geti samt sagt það blákalt að ég hafi ekki verið að meika það. Ég tók ekkert Stuðmannahopp,“ sagði Aðalsteinn léttur og hló.

Hann stefnir á að hefja nám í lögfræði næsta vetur og samhliða því mun hann þjálfa kvennalið FH. „Ég er búinn að vera í viðræðum við FH síðustu vikur og málið er frágengið af minni hálfu,“ sagði Aðalsteinn en Sæmundur Stefánsson, formaður handknattleiksdeildar FH, vildi ekki staðfesta að hann væri búinn að ráða Aðalstein en bjóst við að tilkynna ráðningu hans eftir helgi.

**henry@frettabladid.is**




**ENGINN DANS Á RÓSUM** Aðalsteinn Eyjólfsson hefur ekki fengið laun greidd í þrjá mánuði í Þýskalandi og hefur fengið nóg FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT







Stjörnustúlkur mæta pólsku liði í 16-liða úrslitum Áskorendakeppni Evrópu um helgina:

# Lykilatriði að fá marga áhorfendur

**HANDBOLTI.** Stjarnan leikur um helgina tvo leiki við pólska liðið MKS Vitaral Jelfa, sem er mjög sterkt lið og ljóst að Stjarnan þarf að ná toppleik til að leggja þær að velli. Erlendur Ísfeld þjálfari segir að þrátt fyrir mikið álag undanfarið séu stelpurnar klárar í slaginn og hlakki mikið til að takast á við erfiða áskorun.

„Ég hef skoðað þetta lið og þær eru með mjög gott lið. Ég held að þær séu sterkari en bestu liðin í deildinni hérna heima til dæmis. Við erum að vonast eftir að mikið af áhorfendum mæti og hvetji stelpurnar því við erum mikið stemmingslið“, sagði Erlendur.

Hann segir talsverða þreytu í hópnum hjá sér eftir mikið álag undanfarið, en segir jafnframt að mikil eftirvænting ríki fyrir leikina tvo. „Það er auðvitað mikilvægt að fá góðan stuðning í svona leikjum. Við teljum það okkur til tekna að við erum á heimavelli og þær pólsku koma langt að. Ef við náum upp góðri stemmingu er aldrei að vita hvað geris,“ segir Erlendur sem eru fullur bjartsýni fyrir leikina. Þess má geta að ókeypis er á báða leikina um helgina.

Álagið á lið Stjörnunnar hefur því verið mikið upp á síðkastið, því liðið er einnig komið í úrslitin í SS Bikarnum og leikur til úrslita þar um næstu helgi. ■



**KLÁR Í SLAGINN** Erlendur Ísfeld þjálfari og Anna Bryndís Blöndal, fyrirliði Stjörnunnar, eiga erfitt verkefni fyrir höndum um helgina.
FRETTABLAÐIÐ/VALLI

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

16 17 18 **19** 20 21 22

**Laugardagur**

### LEIKIR

- 13.15 **Völsungur** og **Keflavík** eigast við í Boganum í deildarbikarnum í knattspyrnu karla.
- 13.30 **FH** og **Grótta KR** mætast í Kaplakrika í DHL-deild kvenna í handknattleik.
- 13.30 **Valur** og **ÍBV** mætast í Valsheimilinu í DHL-deild kvenna í handknattleik.
- 14.00 **Keflavík** og **FH** eigast við í Reykjaneshöllinni í Faxaflóamótinu í knattspyrnu kvenna.
- 14.00 **Þór Ak.** og **ÍR** mætast á Akureyri í DHL-deild karla í handknattleik.
- 14.00 **HK** og **Fram** eigast við í Fífunni í deildarbikarnum í knattspyrnu karla.
- 14.15 **Haukar** og **Keflavík** eigast við á Ásvöllum í 1. deild kvenna í körfuknattleik.
- 13.15 **Þór** og **Breiðablik** eigast við í Boganum í deildarbikarnum í knattspyrnu karla.
- 16.00 **KA** og **ÍBV** mætast á Akureyri í DHL-deild karla í handknattleik.
- 16.15 **Haukar** og **Grindavík** eigast við á Ásvöllum í Intersportdeildinni í körfuknattleik.
- 16.30 **HK** og **Valur** mætast í Digranesi í DHL-deild karla í handbolta.

### SJÓNVARP

- 11.50 **Enski boltinn** á Sýn. Skyggnst inn í ensku bikarkeppnina.
- 12.15 **Landsmót hestamanna** á RÚV.
- 12.20 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Sheffield United**.
- 14.05 **Íslandsmótið í körfubolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka** og **Keflavíkur** í 1. deild kvenna.
- 14.30 **Enski boltinn** á Sýn. Sýnt frá bikarkeppninni.
- 15.50 **Handboltakvöld** á RÚV.
- 16.20 **Íslandsmótið í körfubolta** á RÚV. Bein útsending frá leik **Hauka** og **Grindavíkur** í Intersportdeildinni.
- 17.20 **Enski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Everton** og **Man. Utd.**.
- 20.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Mallorca.**

## ÚR ÍÞRÓTTAHEIMINUM

Stjórn Real Madrid hefur sektað **Ronaldo** fyrir að mæta seint á æfingu á miðvikudaginn. Kappinn mætti 15 mínútum of seint á æfingu og var 45 mínútum of seinn á æfingu í fyrrakvöld. **Ronaldo**, sem gekk í það heilaga með unnustu sinni, **Daniela Cicarelli**, á Valentínusardaginn fyrir utan París, meiddist í giftingarveislunni og getur ekki leikið með Madrid fyrr en eftir tvær vikur.













## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Ummæli sem lífga upp á tilveruna

**FREYR BJARNASON** VELTIR FYRIR SÉR MISVITURLEGUM UMMÆLUM LEIKARANS RUSSELS CROWE.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það er alltaf gaman að fólki sem er tilbúið til að hrista upp í hlutunum með misviturlegum ummælum um það sem því liggur á hjarta. Sumir skjóta sig í fótinn en aðrir standa uppi kokhraustir og svalir á eftir. Svona fólk lífgar upp á tilveruna því ef enginn þyrði að segja neitt yrði nú lítið gaman að hlutunum.

Russel Crowe, sem sló í gegn í Óskarsverðlaunamyndinni Gladiator, er einn af þeim sem eru ófeimnir við að tjá sig. Hann hefur verið áberandi í fjölmiðlum upp á síðkastið, enn meira en vanalega. Fyrst tjáði hann sig um Joseph Fiennes, aðalleikara annarrar verðlaunamyndar, Shakespeare in Love, og sagði hann hafa verið eins og teprulegur og sætur strákur í hlutverkinu og engan veginn verið rétti maðurinn í starfið. Skömmu síðar gerði Crowe lítið út stórstjörnunum Robert De Niro, Harrison Ford og George Clooney þegar hann gagnrýndi þá fyrir að leika í auglýsingum. Sagðist hann sjálfur aldrei notfæra sér frægð sína á þennan hátt. Clooney skaut á hann á móti og sagði að það hefði Crowe samt gert með því að kynna hljómsveit sína 30 Odd Foot of Grunts. Gott hjá Clooney.

Ég sá nefnilega heimildarmynd um sveitina ekki alls fyrir löngu og fékk þá einmitt á tilfinninguna að hún væri eingöngu þekkt vegna Crowe. Greyið gat ekkert sungið og tónlistin var ekki upp á marga fiska. Líklega er hann með of marga jámenn í kringum sig sem þora ekki að segja hvað hann er lélegur.

Síðan las ég frétt í gær þar sem Crowe var gagnrýndur fyrir að hafa valdið töfum á myndinni Eucalyptus vegna stjörnustæla sinna. Var uppblásið sjálfsálit hans sagt alltof fyrirferðarmikið. Þetta hef ég líka áður heyrt um Crowe. Þótt hann sé góður leikari virðist mikilmennskubrjálæðið vera hans akkilesarhæll. Ég þekki hann samt ekkert og kannski er þetta bara ágætis náungi. Út á við virkar hann samt á mig sem leiðindagaur, sem þó er hægt að hafa gaman af. ■

## myndasögur

### PONDUS
Eftir Frode Överli




### GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA
Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott















# Langur og litríkur Bruckner

**TÓNLIST**

FINNUR TORFI STEFÁNSSON

**Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói**

Sinfónía nr. 8 eftir Anton Bruckner
Stjórnandi: Petri Sakari

Niðurstaða: Hljómsveitarstjórinn Petri Sakari stjórnaði af öryggi og skörungsskap. Margt var sérlega vel spilað og virðist hljómsveitin í fínu formi.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**
Flutti áttundu sinfóníu Antons Bruckner á tónleikum sínum á fimmtudagskvöldið.

Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sl. fimmtudagskvöld var á efnisskránni eitt verk; Sinfónía nr. 8 eftir Anton Bruckner. Stjórnandi var Petri Sakari. Þetta var í fyrsta sinn sem verkið er flutt hér á landi.

Stundum er sagt að nútímamenn geti ekki einbeitt sér eins lengi og fyrri tíma menn. Ef lengd tónverka er höfð sem mælikvarði kann það að virðast rétt. Nútímatónverk sem stendur í hálfa klukkustund telst langt verk. Fyrir einni öld þótti hálf klukkustund ekki óhæfileg lengd á einum kafla af þremur eða fjórum í verki. Menn virðast hafa haft góðan tíma þá og ró í sálinni. Áttunda sinfónía Bruckners tekur u.þ.b. eina klukkustund og tuttugu mínútur í flutningi. Slík lengd gerir sérstakar kröfur til flytjenda, hlustenda og verksins sjálfs því ætlast verður til þess að samhengi haldist allan tímann.

Áttunda sinfónían er í fjórum köflum í samræmi við klassíska hefð. Form einstakra kafla virðist líka vera í hefðbundnum stíl þótt það sé teygt og togað með ýmsum hætti og röð kaflanna breytt að nokkru. Hinn rómantíski andi lagði meira upp úr öflugu flæði tilfinninganna en skýrleika skilningsins. Formið mátti ekki verða of fyrirsjáanlegt. Það gengur hins vegar á skjön við aðrar þarfir listarinnar. Því lengra sem verkið er, því meiri þörf er á skýrleika í framsetningu ef samhengi á ekki að týnast. Ef áttundu sinfóníunni er líkt við fljót borgar sig ekki að hlusta eftir nákvæmri mynd af grjótinu á botninum. Betra er að láta berast með flaumnum og grípa það sem upp úr stendur. Þar með kann að fara framhjá hlustandanum eitthvað af því sem nauðsynlegt er til að halda verkinu saman.

Ef eitthvað er hægt að finna að þessu mikla verki er það þetta. Hinn frægi þráður Leopolds er þunnur á köflum og stundum við það að slitna. Skertsóið ásamt tríóinu er þó undantekning að þessu leyti. Stefjaefnið er grípandi og andstæðan við tríóið skýr og allt þetta heldur hlustandanum frá upphafi til enda. Mikið er af vel skrifaðri og fallegri tónlist í hinum köflunum einkum hæga kafla og lokakafla. Hljómsveitarútsetningin er afrek út af fyrir sig. Hljómsveitin er stór; þrefalt brass og þrefalt tré ásamt með átta hornum að meðtalinni Wagner-túbu og annað í samræmi við þetta. Áberandi er hve hljómar eru víða vel útfærðir og hljómur hljóðfærahópanna safaríkur og öflugur. Einnig er greinilegt að verkið hefur orðið síðari tíma mönnum að fyrirmynd. Má þar nefna t.d. Mahler og Sibelius.

Það er töluverð raun fyrir hljómsveit og hljómsveitarstjóra að flytja þetta verk. Hljómsveitarstjórinn Petri Sakari var greinilega vel undirbúinn og stjórnaði af öryggi og skörungsskap. Margt var sérlega vel spilað. Má t.d. nefna strengjastaði í hæga kafla og málmblásara í lokakafla. Menn leiksins voru liðsmenn hins fríða hornaflokks, sem léku stórt hlutverk og blésu af hjartans list. Hvergi varð þess vart að örendið þryti og virðist hljómsveitin í fínu formi. Þessir tónleikar voru óvenjulegir að því leyti að leikið var án hlés. Misstu tónleikargestir þar með af því að hitta kunningjana í hléinu, en að öðru leyti var það mjög við hæfi. ■





retro
kringlunni s.568 5877 - smáranum s.564 5877

| | | |
|---|---|---|
| jakkaföt | | 15.990 |
| skyrta | | 3.990 |
| skór | frá: | 5.990 |
| bindi | frá: | 2.990 |

Frábærar gjafir
fyrir hana
Rómantískar gamanmyndir

2 saman í pakka
1.999 kr/pk




Pretty woman
Love actually




You´ve got mail
Addicted to love




Heart burn
Breakfast at Tiffany´s




Three to tango
Along came Polly




Sweet home Alabama
Pretty woman




Win a date with Ted Hamilton
Anything else

Munið Konudaginn á morgun!

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

VOR OG SUMAR 2005 Í SAND KONUR



gjöfin fyrir hana

SAND WOMAN

Kringlunni 553 4141

Hátískudagar í París:

# Glæsileikinn í fyrirrúmi

Hátískudagarnir sem haldnir voru í París nýlega einkenndust af glamúr, glæsileika og áhrifum úr ýmsum áttum. Sýndar voru vor- og sumarlínurnar fyrir árið 2005. Franska hefðartískan frá tímum Napóleons setti sinn svip á dagana, áhrif frá Austurlöndum sem og mikil notkun á shiffon-efni sem hefur verið mjög vinsælt í tískuheiminum upp á síðkastið. Lítið fór fyrir minimalisma í öllum glæsifatnaðinum og hinum íburðarmiklu kjólum sem þarna voru sýndir og oft virtist sem svo að reglan „more is more“ gilti frekar. Því meira skraut og litir, því betra.

Hátíska, eða „Haute Couture“ eins og hún kallast í útlandinu, einkennist ávallt af miklum glæsileika og glamúr. Augljóst er að gríðarleg vinna er lögð í fatnaðinn og mikið er um bróderingar og ísaumaða steina eða perlur.

Mörg stærstu tískuhúsin og hönnuðirnir sýndu í París og má þar helst nefna Dior, Valentino, Christian Lacroix, Chanel, Armani og Jean Paul Gaultier. Litir sem mikið fór fyrir voru rauður, appelsínugulur og bleikur en sá allra vinsælasti var hinn klassíski hvíti. Hattar virðast vera að sækja í sig veðrið sem og fyrirferðarmiklar hárgreiðslur sem margar hverjar minntu helst á stærðarinnar hatta. Fáir hafa efni á fatnaðinum sem flokkast undir hátísku en spennandi verður að sjá leikkonurnar spranga um í hátískukjólunum á óskarsverðlaunaafhendingunni sem ekki er langt undan.

hilda@frettabladid.is



**CHANEL** Karl Lagerfeld sýnir hér glæsilegan slaufu- og blúndukjól. Hvítur og bleikur voru aðallitirnir í Chanel línunni. Lagerfeld sýndi einnig nokkrar nýjar útgáfur af hinni klassísku Chanel dragt.



**Valentino** Shiffon efnið var áberandi hjá Valentino sem hentar mjög vel í glæsikjólana sem hann er þekktur fyrir.



**VALENTINO** Austurlensk áhrif sjást hér í litanotkun og hárgreiðslu. Aðalsmerki Valentinos er glæsileiki og það sást vel á sýningu hans.

Fatahönnuðurinn Hulda Karlotta Kristjánsdóttir vinnur að spennandi fatalínu

# Heilluð af skrítnum formum

**Föt skipa stóran sess í lífi Huldu Karlottu. Nú er hún að vinna að nýrri fatalínu þar sem hún leggur mesta áherslu á skrítin og skemmtileg form. Glamúrinn er þó aldrei langt undan og eru metallitirnir í mestu uppáhaldi hjá henni.**

Fatahönnuðurinn Hulda Karlotta Kristjánsdóttir er að vinna að nýrri og spennandi fatalínu þar sem hún leggur mesta áherslu á form. Hún blandar saman náttúrulegum bómullarefnum við teygjupólíesterefni í glamúrstíl og er útkoman stórskemmtileg. Hulda Karlotta var um tíma í starfsþjálfun hjá hönnunarhópnum As Four í New York og varð fyrir miklum áhrifum á meðan hún dvaldi þar. Hönnun As Four er afar sérstæð og þeirra markmið er að nostra við hverja flík. Í New York opnaðist Huldu Karlottu nýr heimur sem breytti lífssýn hennar.

„Mér finnst skipta miklu máli að það sé eitthvað áhugavert að gerast í flíkinni og jafnvel að hún breyti formi líkamans. Sem fatahönnuður er ég alltaf að pæla í formum og vil helst að formin séu óvenjuleg. Ég er mjög hrifin af skrítinni hönnun en ég vil jafnframt að allar flíkur hafi notagildi,“ segir Hulda Karlotta. Hún leggur mikla áherslu á boli í línunni sem hún er að vinna að. Það er þó aldrei að vita nema buxur og pils bætist við ef vel tekst til en þessa stundina er þróunarferlið í hámarki og hún er opin fyrir öllu.



**GLYSBOLUR ÚR GLIMMERLÍNU** Þar leikur Hulda Karlotta sér með hringlaga form.

„Bolirnir eru gerðir úr heilhring og ég verð að viðurkenna að þeir eru undir töluverðum As Four áhrifum,“ segir hún. Á síðasta ári var Hulda Karlotta að vinna við búningahönnun fyrir Latabæ. Hún segir að það hafi verið mjög góð reynsla. Spurð um hvort það gæti einhverja áhrifa úr Latabæ segir hún svo ekki vera.

„Það var mikið ævintýri að vinna að búningunum í Latabæ en ég hef haldið eigin hönnun og vinnunni þar algerlega aðskildu. Það er þó ekki laust við að ég sakni Latabæjar. Það var svo mikil gleði og leikur þar.“

Núna er Hulda Karlotta með vinnustofu úti á Granda ásamt þremur öðrum listamönnum. Í nýju fatalínunni sinni eru grunnformin Huldu Karlottu mjög hugleikin. Kassi, hringur og þríhyrningur hafa fengið nýtt hlutverk.

„Grunnformin virðast kannski ekki vera mjög þokkafull en þegar maður leikur sér með þau verða þau afar skemmtileg. Þau gera það að verkum að það er hægt að fá meiri þrívídd í fötin,“ segir Hulda Karlotta. Í línunni hennar er litavalið einfalt.



**KALLANÆLAN** Setur punktinn yfir i-ið.



**FRÍSKLEGIR KARLAR** Eins og sést á myndinni er hægt að næla karlana í hvað sem er.

Grunntónninn er svartur og með honum notar hún mest metalliti, rauðan og bleikan. Ásamt fatahönnuninni hefur hún verið að þróa nælur sem hægt er að festa í nánast hvað sem er. Nælurnar samanstanda af nokkrum litlum körlum sem haldast í hendur.

„Þessir nælukarlar eru gleðigjafar í skammdeginu. Ég hef verið að þróa þá og hingað til hef ég aðallega verið að hengja þá í fólk sem mér þykir vænt um. Maður á aldrei of mikið af svona litlum vinum,“ segir hún.

-MMJ

Tískupælingar Þórunnar Högnadóttur stílista og sjónvarpskonu

# Hlakka til að geta verið berfætt í skónum

**Uppáhaldshönnuðir?**
Chloé, By Malene Birger, Day og Prada.

**Fallegustu litirnir?**
Svartur og allir grænir litir.

**Hverju ertu mest svag fyrir?**
Skóm.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**
Grænan bol í Evu og gullskó í GS skóm.

**Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni?**
Það er alltaf svo gaman þegar sumarvörurnar koma í verslanir. Ég ætla að sjá hvað verður í boði en ég er ekki búin að ákveða hvað ég ætla að kaupa. Mér þykir samt líklegt að ég kaupi mér ljósan gallajakka, flottan kjól og pils. Annars hlakka ég gríðarlega til sumarsins þegar léttleikinn tekur völdin og ég get farið að vera berfætt í skónum.

**Uppáhaldsverslanir?**
Eva, Kultur og GK.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?**
Svona 20-30 þúsund krónum en það er samt mjög misjafnt. Stundum er það meira og stundum minna.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?**
Ég gæti ekki verið án Lee-gallabuxnanna sem ég fékk mér á dögunum og svörtu By Malene Birger skyrtunnar minnar.

**Uppáhaldsflík?**
Plíseraða pilsið mitt úr Spútník er alltaf jafnflott.



**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?**
Í fyrra keypti ég mér skyrtu í H&M. Hún er plíseruð og virtist flott á herðatré en ég hef aldrei farið í hana. Hún er eitthvað skrítin í sniðinu. Þegar ég var í námi í París keypti ég mér glæran plastjakka, en ég gat eiginlega ekkert notað hann því það kom alltaf móða innan á hann. Það var mjög fyndið.




SÝNUM NÝJAR VÖRUR
UM HELGINA

KAFFI, KONFEKT OG BLEIKAR RÓSIR Á KONUDAGINN

TEKK
COMPANY

OPIÐ LAUGARDAG 10-16 OG SUNNUDAG 13-16

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

FABRIKAN

## LISTOPNANIR

☐ 18.00 Hollenska myndlistarkonan **Jetske de Boer** opnar sýningu í Gall-erí Dvergi við Grundarstíg.

## SKEMMTANIR

☐ 21.00 Hið árlega **Stelpukvöld Klúbbsins** og **Hárgreiðslustofunnar Helenu** verður haldið í Klúbbnum við Gullinbrú. Kynnir verður **Ellý Ármannsdóttir** þula. Dansleikur á eftir með hljómsveit **Eyjólfs Kristjánssonar**.

☐ 23.00 Hinn eini sanni **Geirmundur Valtýsson** skemmtir á Kringlukránni með hljómsveit sinni.

☐ **Jet Black Joe** á Gauknum. **Maggi** snúður kolvitlaus á efri hæðinni.

☐ **Páll Óskar** verður í feikna stuði í Sjallanum á Akureyri.

☐ **Hermann Ingi** jr skemmtir á Café Catalinu í Kópavogi.

☐ Dúettinn **Halli** og **Kalli** spilar á Ara í Ögri.

☐ Dj's **Steinunn & Silja** með funk, soul, hiphop og lounge stemningu í Kaffi Kúltur, Alþjóðahúsinu.

☐ Psy-hugarástand á de Palace með **DHD** og **Extreme**.

☐ **Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** á Pravda.

☐ **Rúnar Þór** og hljómsveit verða í Krúsinni á Ísafirði.

☐ **Palli Mausari** ræður ríkjum á 22.

☐ Hljómsveitin **Sex Volt** spilar á Classic Rock.

☐ **Rokksveit Rúnars Júlíussonar** heldur uppi dúndrandi skemmningu í Vélsmiðjunni á Akureyri.

## SAMKOMUR

☐ 14.00 **Tilfinningatorgið** verður haldið á Hressó.

## VETRARHÁTÍÐ

☐ 12.00 **Örn Árnason** leikari og **Mattias Wager** orgelleikari flytja hið ástsæla verk **Pétur og úlfinn** í Hallgrímskirkju.

☐ 12.00 **Þjóðahátíð** verður í Alþjóðahússinu til klukkan 18.

☐ 12.30 **Kokkakeppni** sælkerahátíðarinnar Food & Fun fer fram í porti Hafnarhússins.

☐ 13.00 Fjölbreytt dagskrá verður í Gerðubergi um **Ívar Björnsson** frá Steðja í Borgarfirði. Lesið úr ritum hans, **Sigrún Gestsdóttir** syngur lög eftir **Gunnar Reyni Sveinsson** en undirleikari er **Símon Ívarsson** gítarleikari.

☐ 14.00 Einsöngstónleikar burtfararnema í Söngskólanum í Reykjavík, Snorrabraut 54.

☐ 15.00 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** frumflytur tónverk **Barða Jóhannssonar** við kvikmyndina **Häxan**.

☐ 15.00 **Dagný Guðmundsdóttir** opnar sýninguna **Karlmenn til prýði** við Ægisgarð í Reykjavíkurhöfn ofan í lest á loðnuskipi sem hefur verðið breytt í fræðslusetur fyrir Hvalstöðina.

☐ 15.30 Einsöngstónleikar burtfararnema í Söngskólanum í Reykjavík, Snorrabraut 54.

☐ 15.30 **Böðvar Guðmundsson** rithöfundur segir frá vesturfarasögum sínum og leikarar frá **Leikfélagi Reykjavíkur** leika brot úr sýningunni **Híbýli vindanna** og lesa úr bréfum vesturfara á sýningu **Vesturfarasetursins** í Ráðhúsi Reykjavíkur.

☐ 16.00 **Erna Þorbjörg Einarsdóttir** opnar einkasýningu í Galleri Tukt, Hinu húsinu.

☐ 17.00 Einsöngstónleikar burtfararnema í Söngskólanum í Reykjavík, Snorrabraut 54.

☐ 17.30 Fræðimenn H.Í. leggja út af myndinni **Häxan** í stuttum erindum að sýningunni lokinni í Háskólabíói.

☐ 19.30 **Ellen Kristjánsdóttir** og **Eyþór Gunnarsson** í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

☐ 20.00 Allir bestu sundmenn Íslands taka þátt í sundeinvígi í Laugardalslaug.

☐ 22.00 Hið árlega **Spaðaball** verður haldið á Nasa.

☐ 22.00 **Grímudansleikur** í Vetrarhöll Iðnó. Vegleg verðlaun í boði fyrir hugmyndaríkasta búninginn.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


Veistu hvernig þjónustubyggingar í Gufuneskirkjugarði verða í framtíðinni?

Komdu á hönnunarsýninguna á 4. hæð Perlunnar sem opin er alla daga frá 2. febrúar til 2. mars.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKUR

Nemendamótsnefnd Verzlunarskóla Íslands kynnir
WELCOME TO THE JUNGLE
e. Agnar Jón Egilsson
Sun. 20. Feb. kl. 20:00 laus sæti
Mið. 23. Feb. kl. 17:00 uppselt
Mið. 23. Feb. kl. 20:00 uppselt
Fös. 25. Feb. kl. 20:00 laus sæti
Þri. 1. Mars. kl. 20:00 uppselt
Pantanir í síma 552-3000 og á netinu á midi.is
www.welcometothejungle.is
Sýnt í Loftkastalanum

BROADWAY
Veislusalir fyrir öll tilefni
www.broadway.is
Sími: 533-1100
Með næstum allt á hreinu
19. feb. 4. mars 5. mars 12. mars
2. apr. 9. apr. 16. apr. 22. apríl
SÝNINGAR Í SJALLANUM AKUREYRI
20. apr. 21. apr.
Miðasala hjá LA sími: 4 600 200
Allra meina bót...
Alla laugardaga

KRINGLUKRÁIN UM HELGINA
Geirmundur Valtýsson um helgina
• Fjölbreyttur sérréttamatseðill öll kvöld vikunnar
• Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
• Hópamatseðill
• Sérsalur fyrir hópa
Borðapantanir í síma 568-0878
www.kringlukrain.is

HARMONIKUBALL
Í KVÖLD FRÁ KL. 22:00
Í LIONSSALNUM AUÐBREKKU 25 KÓPAVOGI.
Allir velkomnir. – Aðgangseyrir kr. 1.500.
HARMONIKUFÉLAG REYKJAVÍKUR.





Brotið
eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann
HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Frumsýning 19/2 uppselt
Fös 25/2 nokkur sæti laus
Lau 26/2
Sun 27/2
Upplýsingar og miðapantanir í síma 555 2222
www.hhh.is





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ





HEXA
Fatnaður fyrir alla
Lagerútsala
að Smiðjuvegi 10 (Græn gata) Kópavogi
Kuldagallar, vinnufatnaður, regnfatnaður, útivistarfatnaður, skór, stígvél, fleecepeysur, skyrtur, bolir, jakkar, buxur og margt, margt fleira á ótrúlegu verði.
Lagerútsalan stendur aðeins frá 17. feb. - 5. mars
Fyrstur kemur, fyrstur fær !
Opnunartími
Mánud. - Föstud. 9 - 17
Laugard. 10 - 16





Nornafár
BÍÓTÓNLEIKAR Á VETRARHÁTÍÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
Í DAG, LAUGARDAG KL. 15.00
AÐGANGUR ÓKEYPIS
BENJAMIN CHRISTENSEN ::: HÄXAN (1922)
TÓNLIST EFTIR BARÐA JÓHANNSSON
Hljómsveitarstjóri ::: Esa Heikkilä
Útsetningar ::: Þórir Baldursson
Sinfónían leikur undir hinni stórmerkilegu bíómynd Häxan sem olli miklu fjaðrafoki á fyrri hluta 20. aldar fyrir ógrandi sýn á galdrafár 17. aldar. MYNDIN ER EKKI VIÐ HÆFI UNGRA BARNA. Galdraþing Háskóla Íslands hefst strax að loknum tónleikum.
Vetrarhátíð í Reykjavík
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500 | sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

















TÓNLIST

# Nýtt lag frá Sálinni

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns hefur sent frá sér nýtt lag sem nefnist Aldrei liðið betur. Verður það á nýrri plötu sveitarinnar sem kemur líklega út í október á þessu ári.

Lagið er léttleikandi og hressilegur ópus þar sem lúðrablástur er áberandi. Minnir það mjög á eldra efni með Sálinni. Samúel Samúelsson, liðsmaður fönksveitarinnar Jagúar, var fenginn til að útsetja lúðrablásturinn. Sjálfur spilar hann í laginu ásamt Kjartani Hákonarsyni, félaga sínum úr Jagúar, og Jens Hanssyni. Lagið er eftir Guðmund Jónsson gítarleikara en textinn eftir söngvarann Stefán Hilmarsson.

Sálin hélt sig til hlés nær allt síðastliðið ár en hyggst vera mun virkari á þessu ári. Fyrsta lagið sem fékk að hljóma af nýju plötunni var Tíminn og við sem var frumflutt í október í fyrra og nú er sem sagt komin röðin að því næsta. Hægt er að hlýða á nýja lagið á vefsvæði Sálarinnar: salinhansjonsmins.is. ■



**SÁLIN** Sálin hans Jóns míns ætlar að gefa út nýja plötu í október.




FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
KRINGLAN

WHITE NOISE
Yfirnáttúrulegur spennutryllir af bestu gerð sem vakið hefur gríðarleg viðbrögð og slegið rækilega í gegn í USA og víðar.
VARÚÐ: YKKUR Á EFTIR AÐ BREGÐA.
Sýnd kl. 6, 8 & 10.40 B.i. 16

HELVÍTI VILL HANN
HIMNARÍKI VILL HANN EKKI
JÖRÐIN ÞARFNAST HANS
Forsýning á þessum magnaða spennutrylli með Keanu Reeves í aðalhlutverki sem þú mátt ekki missa af!
Forsýnd kl. 10.15 B.i. 16

HLAUT TVENN GOLDEN GLOBE VERÐLAUN
★★★★ - H.J., MBL
★★★★ - V.E., DV
MILLION DOLLAR BABY
Sýnd kl. 5 & 8

Fríllinn
Sýnd kl. 12, 2, 4, 5 & 6.30 m/ísl. tali.
Sýnd kl. 8.15 m/ensku tali.

LEMONY SNICKETT'S kl. 12 & 2.15 B.i. 14
THE INCREDIBLES kl. 12 & 2.15 m/ísl. tali

HÁDEGISBÍÓ
400 kr. miðaverð á allar myndir kl. 12 um helgar í Sambíóunum Kringlunni

REGNBOGINN

Ef þú trúir á ást við fyrstu sýn, hættir þú aldrei að horfa
CLOSER
Sýnd kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15 B.i. 14 ára

Golden Globe verðlaun Annette Bening sem besta leikkona
★★★ kvikmyndir.com
BEING JULIA
Annette Bening & Jeremy Irons
Stórskemmtileg mynd þar sem Annette Bening fer á kostum
1 Tilnefning til Óskarsverðlauna
Annette Bening sem besta leikkona
Sýnd kl. 3, 8 og 10.20

5 Tilnefningar til Óskarsverðlauna þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og handrit.
★★★★ Þ.Þ FBL
SIDEWAYS
„Fullkomlega ómissandi mynd" S.V. MBL ★★★★★
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 & 10.30 B.i. 14 ára

the SEA INSIDE
★★★ – MMJ kvikmyndir.com ★★★★ – Ó.H.T. Rás 2
Sýnd kl. 5.30 og 10.20

★★★ NMJ Kvikmyndir.com
★★★★ SV Mbl
FINDING NEVERLAND
Sýnd kl. 3.20, 5.40 & 8

ÓSKARSVERÐLAUNABÍÓIÐ

SÍMI 553 2075
LAUGARÁS BÍÓ
– bara lúxus

JAMIE FOXX
Ray
6 Tilnefningar til Óskarsverðlaun þ.á.m. besta mynd, leikstjóri og aðalleikari
Frumsýnd kl. 2, 5, 8 og 11 B.i. 12 ára

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI
★★★ - S.V. MBL.
★★★ - kvikmyndir.is
Meet the Fockers
Sýnd kl. 1.30, 3.40, 5.50, 8 og 10.15

Leonardo DiCaprio
AVIATOR
11 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA
★★★★ - HJ, MBL. ★★★★ - Ó.Ö.H. DV
★★★★ - Baldur, Popptíví ★★★1/2 - Kvikmyndir.is
★★★ - Ó.H.T. Rás 2
Sýnd kl. 5 & 8

Sjóræningjar á SALTKRÁKU 3
kl. 1.30 & 3.15 ÍSL.TAL - ATH! 500 KR.

TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR KL 2 - AÐEINS 400 KR.

Pottar og pönnur!
Stórir pottar • litlir pottar • skaftpottar • þrýstipottar • fonduepottar
gufusuðupottar • djúpar pönnur • grunnar pönnur • pottapönnur • grillpönnur
wok-pönnur • pönnukökupönnur • ál • stál • pottjárn • keramik • teflon • títan
Nú eru potta- og pönnudagar í Byggt og búið.
Rúmlega 100 tegundir í boði sem allar fást með afslætti!
Komdu á potta- og pönnudaga og sparaðu þúsundir!
Nýtt kortatímabil
byggtogbúið
Smáralind 554 7760
Kringlunni 568 9400
Potta- og pönnubúðin þín!

ALLUR HEIMURINN Á EINUM STAÐ
Alþjóðleg matarmenning og skemmtiatriði frá 12-18 í dag
ÞJÓÐAHÁTÍÐ Í PERLUNNI
Aðalstyrktaraðili Þjóðarhátíðar
ÍSLANDSBANKI
Vetrarhátíð í Reykjavík
AHÚS ALÞJÓÐAHÚS
Rauði kross Íslands Reykjavíkurdeild

## STÖÐ 2 BÍÓ



**LORD OF THE RINGS: THE TWO TOWERS.** Aðalhlutverk leika Elijah Wood, Viggo Mortensen og Ian McKellen.

**6.55** Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring (B.b.) **9.50** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **11.30** Summer Catch **13.10** Kissing Jessica Stein **14.45** Spy Kids 2: The Island of Lost Dreams **16.25** Summer Catch **18.05** Kissing Jessica Stein **20.00** Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring (B. b.) **22.55** Lord of the Rings: The Two Towers (B.b.) **1.50** Good Will Hunting (B.b.) **4.00** Lord of the Rings: The Two Towers (B.b.)

## AKSJÓN

**7.15** Korter

## OMEGA

**18.00** Robert Schuller **19.00** Jimmy Swaggart **20.00** Billy Graham **21.00** Believers Christian Fellowship **22.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **23.00** Robert Schuller **0.00** Miðnæturhróp C. Parker Thomas **0.30** Nætursjónvarp Blönduð innlend og erlend dagskrá

## POPP TÍVÍ

**14.00** Sjáðu (e) **16.00** Game TV (e) **17.00** Íslenski popp listinn (e)

## Í TÆKINU

**ROBERT LEIKUR Í RAGING BULL Á SKJÁ EINUM KL. 21.00 Í KVÖLD.**

# *Lék ljónið í Galdrakarlinum*

Robert De Niro fæddist 17. ágúst árið 1943 í New York í Bandaríkjunum. Foreldrar hans voru ekki lengi saman eftir að hann fæddist því faðir Roberts kom út úr skápnum og skildi við móður hans. Robert uppgötvaði ást sína á leiklist þegar hann var aðeins tíu ára og lék ljónið í lítilli uppsetningu á Galdramanninum í Oz. Þegar hann var sautján ára fór hann í bíó með vinum sínum. Eftir bíóið sagði hann við vini sína að hann ætlaði að verða kvikmyndaleikari. Auðvitað trúði honum enginn þangað til hann hætti í miðskóla og fór að læra leiklist í Stella Adler-leiklistarskólanum. Fyrsta hlutverkið sem færði Robert frægð var í kvikmyndinni Bang the Drum Slowly árið 1973 en orðspor hans óx enn eftir myndina Mean Streets árið 1973 þar sem hann vann í fyrsta sinn með Martin Scorsese. Árið 1974 fékk Robert Óskarsverðlaun fyrir bestan aukaleik í The Godfather Part II og fékk einnig Óskarstilnefningar fyrir Taxi Driver árið 1976, The Deer Hunter árið 1978 og Cape Fear árið 1991. Árið 1980 vann hann Óskarsverðlaun fyrir Raging Bull en í þakkarræðunni sinni þakkaði hann Joey LaMotta bróður Jake LaMotta sem kærði United Artists fyrir hvernig mynd var dregin upp af honum í Raging Bull. Hann greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli í október árið 2003 en er á góðum batavegi. Hann býr með konu sinni Grace Hightower og eiga þau saman eitt barn, en að auki á Robert eitt barn frá fyrra hjónabandi.



**Þrjár bestu myndir Roberts:** **The Godfather: Part II** – 1974. **Taxi Driver** – 1976. **The Deer Hunter** – 1978


# Strákar!!

## konudagurinn er á sunnudag

## Stór og fallegur

# humar

## Risarækjur á spjóti

## Risahörpuskel

## Allir rómantískir karlmenn fá

Duni

## kerti í kaupbæti.

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

**- ástin byrjar í maganum -**

**Höfðabakka 1 - sími 587 50 70**

**Opið laugardaga 10-14:30**




▶ **20.30** *Íslenskt*

**SPAUGSTOFAN. Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik fyrir framan alþjóð eins og þeim einum er lagið.**



▶ **21.20** *Bíó*

**Tears of the Sun. Mynd um leiðangur sérsveitarmanna á ófriðarslóðir í Nígeríu þar sem stjórnin er fallin.**



▶ **20.40** *Gaman*

**The Drew Carey Show. Drew ákveður að biðja Kate og kaupir trúlofunarhring fyrir offjár á meðan Wick klúðrar fjármálunum.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Brandur lögga **8.12** Bubbi byggir **8.22** Burri **8.37** Bitti nú **9.02** Ævintýri H.C Andersens **9.28** Gæludýr úr geimnum **9.58** Siggi og Gunnar **10.03** Stundin okkar **10.32** Krakkar á ferð og flugi **11.00** Kastljósið **11.30** Óp

**12.15** Landsmót hestamanna 2004 **14.10** Íslandsmótið í körfubolta. Bein útsending frá leik Hauka-Keflavíkur í kvennaflokki. **15.50** Handboltakvöld **16.10** Íslandsmótið í Körfubolta. Bein útsending frá leik Hauka-Grindavíkur í fyrstu deild karla. **18.00** Táknmálsfréttir **18.10** Geimskipið Enterprise

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**

**19.40** **Laugardagskvöld með Gísla Marteini** Gísli Marteinn Baldursson tekur á móti gestum í myndveri Sjónvarpsins. Stjórn upptöku: Egill Eðvarðsson.

▶ **20.30** **Spaugstofan** Karl Ágúst, Pálmi, Sigurður, Randver og Örn bregða á leik. Stjórn upptöku: Björn Emilsson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.

**21.00** **Þrumubrók** (Thunderpants) Gamanmynd frá 2002. Ellefu ára drengur verður frægur fyrir að geta fretað eftir þörfum og af meiri krafti en annað fólk. Þessi hæfileiki á bæði eftir að verða honum til trafala og happs. Leikstjóri er Peter Hewitt og meðal leikenda eru Simon Callow, Stephen Fry, Celia Imrie, Paul Giamatti og Ned Beatty.

**22.30** **Margt býr í þokunni** (Fogbound) Bandarísk bíómynd frá 2001. Þrír vinir verða strandaglópar á ferðalagi vegna þoku. Til að stytta sér stundir segja þeir hver öðrum sögur til gamans sem þó fylgir nokkur alvara. Leikstjóri er Ale de Jong og aðalhlutverk leika Luke Perry, Ben Daniels, Orla Brady og Jeroen Krabbe. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**0.05** Bulworth (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en tólf ára. e) **1.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Busy World of Richard Scar, Í Erlilborg, Barney 4 – 5, Með Afa, Sullukollar, Véla Villi, Beyblade, Pokemon 4)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.45** Idol Stjörnuleit (e) **15.15** Idol Stjörnuleit (e) **15.45** Joey (1:24) **16.15** Sjálfstætt fólk (e) **16.55** Oprah Winfrey **17.40** 60 Minutes (e)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**

**18.54** **Lottó**

**19.00** **Íþróttir og veður**

**19.15** **Whose Line Is it Anyway? 3** (Hver á þessa línu?) Kynnir er Drew Carey og hann fær til sín ýmsa kunna grínista.

**19.40** **The Scream Team** (Draugagengið) Hrollvekjandi gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Allir vita að raunverulegir draugar eru ekki til og því óþarfi að hræðast afturgöngurnar sem hér bregða á leik. Er það annars ekki alveg öruggt að það eru engir draugar til? Aðalhlutverk: Mark Rendall, Kat Dennings, Robert Bockstael, Eric Idle. Leikstjóri: Stuart Gillard. 2002. Lítið hrædd.

▶ **21.20** **Tears of the Sun** (Tár sólarinnar) Tryllir um leiðangur sérsveitarmanna á ófriðarslóðir í Nígeríu. Þar er stjórnin fallin og herskár einvaldur hefur hrifsað völdin. Sérsveitarforinginn Waters og menn hans eru sendir á vettvang til bjargar bandarískum ríkisborgara, doktor Lenu Kendricks. Hún sinnir fórnarlömbum borgarastríðsins og neitar að snúa til baka nema skjólstæðingum hennar verði líka hjálpað. Aðalhlutverk: Bruce Willis, Monica Bellucci, Cole Hauser. Leikstjóri: Antoine Fuqua. 2003. Stranglega bönnuð börnum.

**23.20** Predator (Stranglega bönnuð börnum) **1.05** The Pit and the Pendulum (Stranglega bönnuð börnum) **2.20** Proof of Life (Stranglega bönnuð börnum) **4.30** Fréttir Stöðvar 2 **5.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**14.30** National Lampoon's Vacation **16.00** Beetlejuice **17.30** Risky Business

**19.00** **Fólk – með Sirrý (e)** Sirrý tekur á móti gestum í sjónvarpssal og slær á létta jafnt sem dramatíska strengi í umfjöllunum sínum um það sem hæst ber hverju sinni.

**20.00** **Grínklukkutíminn – Girlfriends** Joan hefur fengið nóg af prakkarastrikum Williams og reynir að hefna sín. Hún reynir því að lokka hann í næsta líkhús.

**20.20** **Ladies Man** Jimmy Stiles lifir ekki þrautalausu lífi enda eini karlmaðurinn á heimili fullu af konum. Ekki að það sé endilega slæmt en Jim er einstaklega taktlaus og laginn við að móðga konuna sína.

▶ **20.40** **The Drew Carey Show** Bandarískir gamanþættir um Drew Carey. Drew ákveður að biðja Kate að giftast sér og kaupir trúlofunarhring fyrir sex þúsund dali. Wick klúðrar fjármálum búðarinnar og tilkynnir Drew að hann verði að reka einn starfsmann fyrir stjórnarfundinn sem hefst eftir fimm mínútur.

**21.00** **Raging Bull** Mynd leikstjórans Martin Scorsese um líf og feril hnefaleikamannsins Jake LaMotta. Með aðalhlutverk fara Robert DeNiro, Joe Pesci og Cathy Moriarty.

**23.05** One Tree Hill – ný þáttaröð! (e) **23.45** Jack & Bobby (e) **0.30** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.00** Óstöðvandi tónlist

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN

Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT

**12.30** Bobsleigh: World Championship Calgary Canada **13.15** Biathlon: World Cup Pokljuka Slovenia **14.00** Ski Jumping: World Championship Oberstdorf Germany **16.45** Tennis: WTA Tournament Antwerp **17.45** Snooker: Masters London United Kingdom **22.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Boxing **0.45** News: Eurosportnews Report

### BBC PRIME

**12.00** Doctors **14.00** Teletubbies **14.25** Tweenies **14.45** Bits & Bobs **15.00** Step Inside **15.10** Andy Pandy **15.15** The Story Makers **15.55** The Really Wild Show **16.20** Blue Peter Flies the World **16.45** S Club 7: Viva S Club **17.10** Top of the Pops **17.40** I'd Do Anything **18.40** Casualty **19.30** Eastenders 20th Anniversary: Four Weddings & a Punch-up **22.15** The Fast Show **22.45** Linda Green **23.45** A Little Later **0.00** Supernatural Science **1.00** The Whirl of Vanity Fair

### NATIONAL GEOGRAPHIC

**12.00** Dambusters **13.00** In Which We Serve **15.00** Scientific Frontiers **16.00** Air Crash Investigation **17.00** Protecting the President **18.00** Maneater – Killer Tigers of India **19.00** Seconds from Disaster **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Schindler's List **0.30** Kandahar

### ANIMAL PLANET

**12.00** Journey of the Giant **13.00** The Heart of a Lioness **14.00** Temple of the Tigers **15.00** The Crocodile Hunter Diaries **16.00** Crocodile Hunter **17.00** Pet Star **18.00** King of the Jungle **19.00** Elephant Trilogy **20.00** Chimpanzee Diary **21.00** Mutant Bees **22.00** The Jeff Corwin Experience **23.00** Sharks in a Desert Sea **0.00** Journey of the Giant **1.00** The Heart of a Lioness

### DISCOVERY

**12.00** Dangerman **13.00** Queen Mary 2 **14.00** Extreme Engineering **15.00** Dream Machines **15.30** Ultimate Cars **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Fall of a Tsar **18.00** Hitler's Women **19.00** Ultimate Ten **20.00** American Chopper **21.00** Rides **22.00** World Biker Build-Off **23.00** Trauma – Life in the ER **0.00** Murder Trail **1.00** Rides

### MTV

**12.30** Simpsons Weekend Music Mix **13.00** The Ashlee Simpson Show **15.00** TRL **16.00** Dismissed **16.30** Globally Dismissed **17.00** Dance Floor Chart **18.00** European Top 20 **19.00** Exit Documentary **19.30** Eminem's EMA Encore **20.00** Viva La Bam **20.30** The Assistant **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Dirty Sanchez **22.30** MTV Mash **23.00** Just See MTV

### VH1

**12.00** Command The Band **12.30** Rock's Most Eligible Bachelors **13.30** Lenny Kravitz Opening Night **14.00** Bruce Sprinsteen Legends **15.00** Queen Legends **16.00** So 80's **17.00** U2 Legends **18.00** Smells Like the 90s **19.00** VH1 Classic **19.30** Then & Now **20.00** Motley Crue Rise & Rise Of **21.00** Secret World of Groupies **22.00** Viva la Disco

### CLUB

**12.15** The Stylists **12.45** Anything I Can Do **13.10** Hollywood One on One **13.35** Spectacular Spas **14.05** The Race **14.55** Weddings **15.20** Fantasy Open House **15.45** Paradise Seekers **16.15** Cheaters **17.00** Yoga Zone **17.25** The Method **17.50** The Stylists **18.20** Anything I Can Do **18.50** The Race **19.40** The Roseanne Show **20.25** Paradise Seekers **20.50** Hollywood One on One **21.15** Women Talk **21.40** More Sex Tips for Girls **22.10** My Messy Bedroom **22.35** Cheaters

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **22.00** The Anna Nicole Show **23.00** Dr. 90210 **0.00** Scream Play **1.00** The E! True Hollywood Story

### BBC FOOD

**12.00** Chef at Large **12.30** Nancy Lam **13.30** Ready Steady Cook **14.00** Rick Stein's Food Heroes **14.30** The Great Canadian Food Show **15.00** Can't Cook Won't Cook **15.30** Dinner in a Box **16.30** Ready Steady Cook **17.00** James Martin Delicious **17.30** Worrall Thompson **18.00** Food Source **18.30** Tamasin's Weekends **19.00** Jancis Robinson's Wine Course **19.30** The Thirsty Traveller **20.00** Secret Recipes **20.30** Rocco's Dolce Vita **21.00** Coconut Coast **21.30** Floyd's India **22.00** Kitchen Invaders **22.30** Ready Steady Cook

### CARTOON NETWORK

**5.00** The Flintstones **JETIX**
**12.20** Digimon I **12.45** Inspector Gadget **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Hamtaro **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## LAUGARDAGSKVÖLD *Sjónvarpið* kl. 19.40

***Eins og flestum er kunnugt skýtur Gísli Marteinn stundum upp kollinum í Stundinni okkar.***

### *Þrjár kjarnakonur*

Gestir Gísla Marteins Baldurssonar í kvöld eru þrjár kjarnakonur, hver úr sinni áttinni. Unnur Jökulsdóttir rithöfundur hefur meðal annars skrifað ferðasögur og nú síðast bókina Íslendingar með Sigurgeiri Sigurjónssyni ljósmyndara sem var tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, er annar gestur Gísla Marteins og þriðja konan sem kemur í spjall til hans í þættinum er Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona, sem leikur nú meðal annars í verki Kristínar Ómarsdóttur, Segðu mér allt, í Borgarleikhúsinu. Hljómsveitin Buff sér um tónlistina í þættinum.



Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I'm still a virgin. I mean I haven't killed anyone yet."**

**Svar:** Jill St. Claire úr kvikmyndinni The Whole Nine Yards frá árinu 2000.



▶ **17.20** *Íþróttir*

**Enska bikarkeppnin. Bein útsending frá viðureign Everton og Manchester United sem er talin hápunktur umferðarinnar.**

## SÝN

**10.55** Bestu bikarmörkin **11.50** Enski boltinn. Ítarleg umfjöllun um 5. umferð bikarkeppninnar sem fram fer um helgina.

**12.20** Bein útsending frá leik Arsenal og Sheffield United í 5. umferð bikarkeppninnar. **14.30** .Bein útsending frá leik Bolton Wanderers og Fulham í 5. umferð bikarkeppninnar. **16.50** The World Football Show ▶**17.20** .Bein útsending frá leik Everton og Manch. United í 5. umferð bikarkeppninnar.

**19.25 Spænski boltinn**Útsending frá leik Real Madrid og Athletic Bilbao. Heimamenn virðist óstöðvandi í deildinni þessa dagana en um síðustu helgi var lukkan sannarlega á þeirra bandi. Real Madrid vann þá nauman sigur á Osasuna, 2-1. Á sama tíma gerði Bilbao jafntefli, 4-4, við Real Betis í hreint ótrúlegri viðureign.

**21.05 Spænski boltinn** Útsending frá leik Barcelona og Mallorca. Hér mætast félög sem hafa átt ólíku gengi að fagna í vetur. Börsungar sitja á toppnum með 54 stig en Majorkamenn eru í einu af botnsætunum með aðeins 21 stig. Leikurinn virðist því aðeins formsatriði fyrir Barcelona en við skulum samt spyrja að leikslokum.

**22.45 Hnefaleikar** Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voru Erik Morales og Marco Antonio Barrera en í húfi var heimsmeistaratitillinn í fjaðurvigt (super). Þetta var þriðji bardagi erkifjendanna. Áður á dagskrá 27. nóvember 2004.

**0.00** Hnefaleikar (B. Hopkins – Oscar de la Hoya) **1.00** Hnefaleikar. Bein útsending frá hnefaleikum í Los Angeles. Á meðal þeirra sem mætast eru Bernard Hopkins, margfaldur heimsmeistari í millivigt, og Evrópumeistarinn Howard Eastman.

### MGM

**14.10** The Landlord **16.00** The Thief of Paris **18.00** I Start Counting **19.45** Still of the Night **21.15** Article 99 **22.55** Somtimes They Come Back **0.35** Conflict of Intrest **2.05** The End **3.45** Gog

### TCM

**20.00** Shaft **21.45** Wise Guys **23.15** The Appointment **1.05** The Wreck of the Mary Deare **2.50** The Fixer

### HALLMARK

**12.15** Jim Henson's Jack And The Beanstalk **13.45** Mermaid **15.15** Jackie, Ethel, Joan: Women of Camelot **17.00** The Blackwater Lightship **18.45** Just Cause **19.30** Murder Without Conviction **21.00** Word Of Honor **22.45** Larry McMurtry's Dead Man's Walk

### DR1

**12.00** Nationen **12.20** DR Dokumentar – Hvide verden **13.00** Sporl¢s **13.30** Kr¢niken **14.30** Ungefair **15.00** Boogie Listen **16.10** I Lære som Ægtepar **16.40** F¢r s¢ndagen **16.50** Held og Lotto **17.00** Den 8. himmel **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt **18.05** Hunde på job **18.30** Når gorillaen pudser næse **19.00** aHA! **19.50** Crocodile Dundee i Los Angeles **21.20** Columbo **22.55** 29 Palms **0.25** Boogie Listen

### SV1

**12.30** Världscupen: Alpint Åre **13.30** Antikrundan **14.50** Skidor: Längd-VM 2005 **17.00** BoliBompa **17.01** Storasyster och lillebror **17.05** Karlsson på taket **17.30** Allt och lite till **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Melodifestivalen 2005 – Deltävling 2 **20.30** Kalla spår **21.15** Da Vinci-koden – sanning eller myt? **23.00** Rapport **23.05** Sixties **23.35** Shakespeare – Kärt besvär förgäves

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur, umsjón Leó M. Jónsson. **10.03** Laugardagsmorgunn, umsjón Eiríkur Jónsson.

**12.10** Hádegisútvarpið. Fréttatengt efni, umsjón Sigurjón M. Egilsson og fl. **13.00** Sögur af fólki, umsjón Róbert Marshall **15.03** Birta e. **16.00** Viðtalsþáttur Sigurðar G. Tómassonar e.

**17.03** Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar e. **18.00** Úr fylgsnum fyrri aldar eftir sr. Friðrik Eggertz e. **19.00** Endurtekin dagskrá dagsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.03** Út um græna grundu **10.15** Af heimaslóðum **11.00** Í vikulokin

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Laugardagsþátturinn **14.00** Til allra átta **14.30** Í uppáhaldi **15.20** Með laugardagskaffinu **15.45** Íslenskt mál **16.10** Orð skulu standa **17.00** Rökkurrokk

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Í þjónustu hennar hátignar **19.00** Íslensk tónskáld **19.30** Stefnumót **20.15** Maður lifandi **21.05** Fimm fjórðu **22.15** Lestur Passíusálma **22.23** Konungleg tónlist

**23.10** Danslög

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan **22.10** Næturgalinn

**2.03** Næturtónar **6.05** Morguntónar

## BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Reykjavík Síðdegis - Það Besta Úr Vikunni **9.00** Sunnudagsmorgunn á Bylgjunni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róbertsson **16.00** N á tali hjá Hemma Gunn

**18.30** Kvöldfréttir **19.00** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**10.03** Lífsleikni (Ásdís Olsen) **11.00** Morgunstund með Rósu Ingólfs **11.03** Rósa Ingólfs

**12.25** Smáauglýsingar **13.00** Heil og sæl (endurfl.) **14.00** Menningarþátturinn **16.00** Endurfluttningur frá vikunni sem er að líða

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær Fatman Scoop fyrir að vera loksins á leiðinni á Klakann.*

## INNI



**Kvenlegar og smart kápur** eru skemmtileg eign í kuldanum sem aldrei virðist ætla að láta okkur í friði hér á landi. Þó svo að stelpur séu dömulega klæddar þýðir það ekki að þeim þurfi að vera kalt. Sætur trefill í fallegum lit getur svo toppað þetta kvenlega og fallega útlit og einnig smart húfa og vettlingar.



**Reimuð stígvél** eru að koma sterk inn núna. Það er einhver gamaldags og elegant stíll yfir þessu lúkki og reimuðu stígvélin eru geysilega flott við pils en passa einnig fínt yfir þröngar buxur.



**Bloc Party.** Þeir eru kallaðir hinir nýju Franz Ferdinand og eru ein heitasta hljómsveitin í dag. Þeir spila skemmtilegt gítarrokk og platan þeirra Silent Alarm sem kom út á mánudaginn hefur fengið frábæra dóma. Þeir eru heitasta hljómsveit Breta og þeir eru algjörir töffarar.

## ÚTI



**Támjóir skór.** Það er langt síðan skór með rúnaðri tá komu heitir inn og þó svo að þessir geti svosum ennþá gengið þá eru þeir ekkert flottir lengur og alls ekki heitir. Þetta eru sjálfsagt bara ágætis fréttir fyrir margar tær sem hafa þurft að þola að kremjast í támjóum skóm í allt of langan tíma. Rúnaða táin er málið!



**Litlar stelpur í ögrandi fötum.** Hin slæmu áhrif sem klæðaburður söngkvenna eins og Britney Spears og Christina Aguilera hafa haft á ungar stelpur eru aldeilis að koma í ljós núna. Verslanir selja lítil, þröng og ögrandi föt á allt of ungar stelpur og þetta er þróun sem er bókstaflega hræðileg. Foreldrar, ekki láta bjóða ykkur þetta!



**Þreytuvæl.** Það er fátt leiðinlegra en að hlusta á fólk væla yfir því hvað það er þreytt og hvað lífið er erfitt. Það að velta sér stanslaust upp úr þreytunni er eitt og sér ekkert nema orkusuga. Hins vegar er algört orkuskot að horfa björtum augum á lífið og brosa til fólks!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** **1** gamlar, **6** forföður, **7** átt, **8** ónefndur, **9** hag, **10** gerast, **12** traust, **14** sló, **15** ending, **16** tveir eins, **17** kvæðis, **18** lítil sneið.

**Lóðrétt:** **1** faðmur, **2** ónn, **3** sólguð, **4** legufærið, **5** kveikur, **9** virðing, **11** flík, **13** þyngdareining, **14** samkoma, **17** ármynni.

**Lausn:**

**Lárétt:** **1** fornar, **6** afa, **7** na, **8** nn, **9** akk, **10** ske, **12** trú, **14** hjó, **15** in, **16** óó, **17** óðs, **18** flís.

**Lóðrétt:** **1** fang, **2** ofn, **3** ra, **4** ankerið, **5** rak, **9** akt, **11** kjól, **13** únsa, **14** hóf, **17** ós.

HEITUSTU SAMSKIPTIN!
einkamal.is

SJÓNVARPSMYNDIN A GIRL IN THE CAFÉ: HELJARINNAR ÞYRLUTÖKUM LAUK Í GÆR

# Gaui litli gerist einkabílstjóri

Tökum á bresku sjónvarpsmyndinni A Girl in the Café lauk á Keflavíkurvegi í gær með heljarinnar þyrlutökum þar sem mikill bílafloti var myndaður aka eftir veginum. Sjö BMW-bílar voru þar á meðal.

Leikarinn Bill Nighy, sem er þekktur fyrir hlutverk sitt í Love Actually, fer með aðalhlutverkið. Fór hann af landi brott í fyrradag ásamt öðrum leikurum myndarinnar, þar á meðal Kelly McDonald úr Trainspotting. Eftir var leikstjórinn David Yates til að klára síðustu tökurnar en hann var nýverið ráðinn til að gera þarnæstu Harry Potter-mynd sem verður frumsýnd eftir tvö ár. Þess má geta að handritshöfundur er Richard Curtis sem er þekktur fyrir handritin að Bridget Jones-myndunum, Love Actually, Four Weddings and a Funeral og sjónvarpsþáttunum um Mr. Bean og Blackadder.

Að sögn Einars Sveins Thordarsonar hjá Pegasus, sem tók þátt í framleiðslu myndarinnar, gengu tökurnar vel þótt veðrið hafi verið þeim óþægur ljár í þúfu. „Við tókum upp hér og þar í Reykjavík og þurftum að loka götum og slökkva á götuljósum,“ segir Einar Sveinn. „Það voru allir gapandi yfir því hvað við gátum með litlum fyrirvara lokað stöðum og opnað. Þeir voru hrifnir af því hvað allir Íslendingar voru liðlegir að greiða götuna fyrir verkefninu. Í heildina var þetta bara mjög ánægjulegt,“ segir hann.

Guðjón Sigmundsson, betur þekktur sem Gaui litli, kynntist aðalleikaranum Bill Nighy nokkuð við tökur á myndinni því hann var einkabílstjóri hans. „Bill er hæglætisnáungi og mikill hugljúfi en líka fyndinn og skemmtilegur,“ segir Gaui litli um Nighy sem jafnframt er einn af hans uppáhaldsleikurum. „Við fórum fyrsta kvöldið út að borða á Þremur frökkum og það var ekkert sukk og svínarí á mínum manni. Annars var ég ekkert að hnýsast í hans mál. Það kom samt á óvart hvað hann var yndislegur og greinilega vel tengdur. Hann þekkir mikið af frægu fólki og það var mikið af skemmtilegum símtölum sem fóru fram og til baka,“ segir hann. „Honum fannst Íslendingar upp til hópa kurteist og elskulegt fólk. Þeir létu hann í friði og honum fannst það æðislegt.“

Gaui litli hefur áður keyrt Hollywood-stjörnur um landið því hann var einkabílstjóri Jason Biggs úr American Pie-myndunum þegar hann var við störf á Snæfellsnesi í apríl á síðasta ári. „Þá vorum við saman í 4-5 vikur. Við skrifumst á og hann hringir annað slagið í mig og á ég mörg heimboð inni hjá honum. Hann vill endilega koma hingað aftur og það eru ýmis plön í gangi. Það var eins með Bill. Hann vildi koma aftur til Íslands því hann sá ekki Esjuna því það var svo leiðinlegt veður. Jason sá meira af íslenskri náttúru og allt það sem henni fylgir. Ég man eftir einu fyndnu sem gerðist þegar við fórum að æfa á líkamsræktarstöð á Ólafsvík í fyrsta sinn. Þá gekk sú saga að það væri kominn rosalega frægur maður í bæinn. Sagan var á þann veg að Gaui litli væri mættur og það væri einhver lítill strákur að æfa með honum,“ segir hann og hlær dátt.

freyr@frettabladid.is



**Á KEFLAVÍKURVEGI** Tökum á sjónvarpsmyndinni A Girl in the Café lauk á Keflavíkurvegi í gær.



**GAUI LITLI** Guðjón Sigmundsson hefur keyrt stjörnurnar Bill Neigh og Jason Biggs.

VERTU UPPLÝSTUR




# Exótískt grímuball í Iðnó

Í tilefni af Vetrarhátíðinni er búið að breyta Iðnó í Vetrarhöll. Á laugardagskvöldið verður haldið grímuball í Vetrarhöllinni Iðnó en það er gamall draumur Margrétar Rósu Einarsdóttur, staðarhaldara í Iðnó.

„Okkur fannst tilvalið að slá til út af Vetrarhátíðinni. Það er líka ekki á hverjum degi sem boðið er upp á grímuball fyrir fullorðna,“ segir Margrét Rósa og brosir út í annað. Sjálf hefur hún ekki farið á grímuball fyrir fullorðna síðan hún var búsett í Noregi fyrir allmörgum árum. „Í Noregi fór ég með samstarfsfólki mínu á grímuball. Það var ógurlega gaman en það kvöld var ég í búningi kattarkonu.“ Margrét Rósa er ekki alveg búin að ákveða hvað hún ætlar að vera á laugardaginn en það er ýmislegt sem kemur til greina. Hún segir að búningurinn verði allavega litríkur. Á grímuballinu verða að sjálfsögðu veitt verðlaun fyrir besta búninginn og eru þau ekki af verri endanum.

„Sá sem vinnur fær gjafabréf fyrir fjóra á leiksýninguna Tenórinn og út að borða fyrir hópinn á veitingastaðinn Tjarnarbakkann. Það er því til mikils að vinna,“ segir hún og bætir við að bætt verði við aukaverðlaunum ef margir verða í glæsilegum og framúrskarandi búningum. Hljómsveitin Bardukha leikur fyrir dansi frá klukkan tíu. Sveitin spilar exótíska tónlist með tangóívafi svo dansfimir landsmenn ættu að geta fundið sig á dansgólfinu. Þegar líða tekur á kvöldið tekur Andrea Jónsdóttir við og mun hún leika stuðtónlist fram eftir nóttu. Miðaverð er 1.500 krónur og er litríkur kokteill innifalinn í því.

**- mmj**



**MARGRÉT RÓSA EINARSDÓTTIR STAÐARHALDARI Í IÐNÓ** Er að gera sig klára fyrir grímuballið.






**Íslensku springdýnurnar frá Ragnari Björnssyni endast lengur**

Við framleiðslu á dýnunum eru notaðar lokaðar fjaðrir sem koma í veg fyrir að klæðning dýnunnar skemmist við áralanga notkun. Algengur endingartími RB springdýna er tólf til sextán ár.









5.000 kr.

Fermingargjöf sem innborgun á rúmi

**Allt eftir þínum óskum**

Rétt lengd, breidd og hæð rúmsins eykur þægindin. Stífleiki springdýnunnar fer einnig eftir þínum óskum. Látið fagfólk leysa vandann.



Opið á laugardögum kl. 10-14



**Mikið úrval af sængurfatnaði**

RAGNAR BJÖRNSSON ehf.

Sérhæfing í framleiðslu og hönnun springdýna.

Dalshrauni 8 | 220 Hafnarfirði | Sími: 555 03 97 | Fax: 565 17 40 | www.rbrum.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000










BAKÞANKAR
GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## Lúxusliðið

Nú stendur upp úr öðrum hverjum manni að gömlu húsin þarna neðarlega á Laugarveginum séu ekkert nema kofahreysi og að þau beri að rífa hið fyrsta. Ég get ekki neitað því að ég hef tekið þessa umræðu dálítið til mín því hingað til hef ég ekki talið þessi hús til lýta á borginni heldur þvert á móti. Á þessum slóðum uni ég hag mínum einna best í höfuðborginni enda þykist ég finna þarna einhverja sál og sögu, en samkvæmt nýja tímanum hlýt ég þar af leiðandi að vera göturóni fyrst að húsin eru hreysi.

**NÚ** hafa menn lotið í lægra haldi fyrir röksemdarfærslum sem segja að enginn nenni lengur að ganga upp tvær tröppur eða niður tvær til þess að versla í búð, heldur þurfi að byggja allt aftur tröppulaust. Engum dettur í hug að hugsanlega kunni það að vera varningnum að kenna að fólk nennir ekki að ganga upp tröppur til að kaupa hann. Í öllu falli segi ég: Ef menn eru ekki betri kaupmenn en svo að þeir þurfa að bjóða varning sinn á jafnsléttu en verða gjaldþrota ella, að þá er illa fyrir þeim komið.

**EN** það er ekkert sem heitir. Nú á að snúa vörn í sókn og byrja á því að gera í buxurnar eins og vanalega. Þetta er gömul saga og ný. Nærri alltaf þegar athafnamenn með háar hugmyndir ætla að byggja ný lúxushús í staðinn fyrir gömul hér á landi hefur niðurstaðan verið menningarslys. Já, og ekki bara menningarslys heldur líka fagurfræðilegt undrunarefni. Ráðgáta. Eins gott að jafnsléttukaupmenn réðu ekki alfarið ferðinni þegar átti að rífa kofana, sem svo voru kallaðir, í Kvosinni, Torfunni eða í Grjótaþorpinu. Gaman að hafa 15 ára gamlar svokallaðar lúxusíbúðir þar núna.

**HVERNIG** er það, svo ég spyrji eins og bjáni, er ekki hægt að byggja neitt á Íslandi lengur nema að það sé lúxus? Ég persónulega er farinn að fá grænar bólur yfir þessu endalausa lúxustali sem vellur uppúr ólíklegasta fólki. Lúxus er hallærislegt orð og getur engan veginn verið takmark í sjálfu sér. Hamingjan er annars staðar.

**OG** ég skal segja ykkur nákvæmlega hvernig þetta fer á hinum nýja lúxus-Laugavegi, Lúxusvegi, sem menn ætla að rusla upp í hvelli til þess að geta verslað tröppulaust: Lúxusliðið í lúxusíbúðunum mun skáskjóta sér á 100% lánum út í lyftuna þegar því langar til að versla, niður í Lexusbílastæðið þaðan sem það keyrir – vegna veðurs – í einni striklotu upp í Smáralind, sem heitir svo en er í raun risastór getnaðarlimur séð úr lofti, og er hún sem slík einmitt til vitnis um það hvernig byggingarverktakar hafa haft þjóðfélagið að háði og spotti um langt árabil. Ég spyr: Munu lúxusíbúðirnar og tröppulausu verslanirnar á Laugaveginum líka líta út eins og getnaðarlimur séð úr lofti? Já, eða kannski samsvarandi líkamspartur kvenkyns? Það væri þá alla vega góður húmor, þótt ekki væri meira. ■


